

PÓRÐUR ÖRN KRISTINSSON

Veidir í matinn og eldar fyrir fjölskylduna

• matur • helgin • nám • tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍRIS BJÖRK TANYA JÓNSDÓTTIR

Seldi GK og einbeittir sér að öðru

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu í dag

Í MIÐJU BLAÐSINS



ERPUR EYVINDARSON

Brown fær á baukinn

Rottweilerhundar hjóla í forsætisráðherra Breta

FÓLK 29



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. október 2008 – 284. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Skáldin deila

Einar Már Guðmundsson er ósáttur við að hafa verið rekinn úr sjónvarpsþætti Sigmundar Ernís.

FÓLK 34

### Ótrúleg viðbrögð

Grein Eiríks Bergmanns í breska blaðinu Guardian vekur umtal.

FÓLK 34

### Uppskrift að betra landi

Innovit og Klak ætla að fjalla um tækifæri framtíðarinnar á stefnumótunarvettvanginum Hugspretta sem hefst á morgun.


TÍMAMÓT 22

### Karlarafan komin af stað

Iceland Express-deild karla hófst í gærkvöldi með þremur leikjum.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRAVEÐUR Í dag verða yfirleitt suðvestan áttir 5-13 m/s, hvassast með suðurströndinni. Rigning eða skúrir en þurr á mestu á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 4-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

## Koma gjaldeyrissjóðs opnar á aðra aðstoð

Ákvörðun verður tekin á næstu dögum um hvort leitað verður til Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. Hugmyndir eru uppi um að sjóðurinn láni 1,5 milljarða dollara og veiti tæknilega aðstoð. Aðkoma sjóðsins myndi opna á aðstoð víðar að.

**EFNAHAGSMÁL** Ákveðið verður innan viku hvort leitað verður til Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. Þetta sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á fundi með erlendum blaðamönnum í gær. Heimildir Fréttablaðsins herma að málið verði rætt á ríkisstjórnarfundum í dag.

Viðræður hafa átt sér stað við fulltrúa sjóðsins um nokkra hríð. Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að rætt hafi verið um 1,5 milljarða Bandaríkjadala lán, en mögulega hafi sú upphæð breyst í viðræðum. Samkvæmt skráðu gengi Seðlabankans eru það 177 milljarðar króna. Til samanburðar er verið er að ræða við Rússa um 600 milljarða króna lán.

Aðkoma sjóðsins yrði fyrst og

fremst í formi tæknilegrar aðstoðar. Þar er bæði átt við þær áætlanir sem vinna þarf eftir til að bæta ástandið hér á landi, en ekki sist starfsfólk. Hér á landi sé einfaldlega ekki nógu margt sérmenntað fólk til vinnunnar og þar kæmi starfsfólk sjóðsins til aðstoðar. Teymið sem stótt er hér á landi hefur þegar verið til aðstoðar í þeirri vinnu sem farið hefur fram.

Mesti ávinningurinn í aðstoð frá sjóðnum fælist í því að hún opnaði á aðstoð frá fleiri löndum. Þannig ítrekaði Kristín Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, boð um stuðning við Íslendinga í gær, að því tilskyldu að þeir uppfylltu skilyrði sjóðsins.

Óljóst er hver þau skilyrði verða. Gagnrýnendur telja sjóðinn hafa umbreytt samfélögum, oft til hins verra, með skilyrðum sínum um minni umsvif ríkisvaldsins.

Forsætisráðherra segir það velta á ýmsu hvort leitað verði til sjóðsins. „Það fer eftir því meðal annars hvaða skilyrði sjóðurinn hyggst setja okkur og auðvitað líka um hvaða upphæð er að tefla.“ Bæði iðnaðar- og félagsmálaráðherra hafa tekið í sama streng.

Í skýrslu Willems Buiters, sem unnin var að beiðni Landsbankans og kynnt í júlí, var lagt til að Íslendingar leituðu þá þegar eftir lausu fé hjá Alþjóðagjald-eyrissjóðnum.

- kóp / sjá síðu 6

## Geir Ólafsson til Rússlands: Tónlistarmenn horfa til austurs

**MENNING** „Hann bauð upp á te og svo rússneska köku,“ segir söngvarinn Geir Ólafsson sem sat í gær gagnlegan og skemmtilegan fund í bústað rússneska sendiherrans við Túngötu. Þar voru staddir auk Geirs rússneski sendiherrann Viktor Tatarintsev og útgefandi Geirs, Óttarr Felix Hauksson.

Nýjustu vendingar í samskiptum þjóðanna, sem tengjast mögulegri lánveitingu Rússa til Seðlabankans opna ný viðskiptatækifæri. Þau fara ekki fram hjá Óttari Felix sem ætlar að gefa nýja plötu Geirs „Meira“ út í Moskvu. „Þetta er mikill og stór markaður. Rússar eru söngelskir og hafa gaman af mönnum eins og Geir,“ segir Óttarr Felix.

- jbg / sjá síðu 34



ÓTTARR FELIX



STÖÐVUÐU AMFETAMÍNFRAMLEIÐSLU Lögreglan fann amfetamínverksmiðju við Rauðhelli í Hafnarfirði í gær. Lögreglumenn þurftu sérstaka hlífðarbúninga þegar þeir fóru inn í amfetamínverksmiðjuna.


## Fjórir menn handteknir: Fíkniefnaverksmiðju lokað

**LÖGREGLUMÁL** Öflug fíkniefnaverksmiðja í iðnaðarhúsi við Rauðhelli í Hafnarfirði var upprætt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær. Fjórir menn voru handteknir.

Einn manna er Jónas Ingi Ragnarsson, kenndur við líkfundarmálið í Neskaupstað. Annar er rúmlega tvítugur piltur, Tindur Jónsson, sem hlaut sex ára dóm nítján ára gamall fyrir sveðjuárás á jafnaldran sinn í Garðabæ árið 2005. Honum var sleppt árið 2007 og hóf hann þá nám í efnafræði við Háskóla Íslands. Báðir eru þeir á skilordu.

Framleiðslugeta verksmiðjunnar sést best á því að þeir sem handteknir voru fluttu nýlega inn eitt tonn af íblöndunarefni, sem notað er til að drýgja fíkniefni.

- kdk, jss / sjá síðu 2



Fréttablaðið er með 116% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft... allra daga

Meðalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæði 18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

## Íslenskar starfsmannaleigur sækja nú í Færeyjar, Grænland og Kanada: Íslendingar reyna að fara úr landi

**EFNAHAGSMÁL** Alger viðsnúningur er að verða í starfsemi svokallaðra starfsmannaleigna. Þær leita nú ekki leiða til að koma erlendu vinnuafli hingað til lands heldur er unnið að því að finna markaði fyrir íslenskt vinnuafli erlendis.

Milli fimmtíu til sextíu Íslendingar hafa reynt að komast til Færeyja í gegnum starfsmanna-

leiguna Voot síðustu tvær vikurnar.

Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri Voot, segist hafa séð í hvað stefndi í byrjun árs og byrjað að sækja um leyfi fyrir vinnuafli héðan í öðrum löndum. Það hafi fengist í Færeyjum í sumar en fyrst hafi nær aðeins pólskir starfsmenn hér sýnt því

áhuga. Nú sé áhugi Íslendinga skyndilega mjög mikill en markaðir þar eru fullmettir. Hann reyni að fá leyfi á Grænlandi og í Kanada. Svipaða sögu segir Georg Georgiou, hjá starfsmannaleigunni Kraftafli.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir flutningana rétt að byrja. - kdk / sjá síðu 4

**Bestu kaupin í dag** Kafabátur mánaðarins  
**6 tommu pizzabátur 329 kr.** SUBWAY

Nýjar 1 lítra umbúðir  
Skyris Drykkur





Dórhallur, rassskelltir þú Egil?

„Nei. Ef einhvern ætti að rasskella þá væri það Ingvi Hrafn.“

Ingvi Hrafn Jónsson, sjónvarpsstjóri ÍNN, segir að ef hann væri yfirmaður Egils Helgasonar hefði hann rassskellt Egil eftir umdeilt viðtal við Jón Ásgeir Jóhannesson. Þórhallur Gunnarsson er yfirmaður innlendrar dagskrárgerðar á RÚV.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri: Alvarleg aðför var stöðvuð

**LÖGREGLUMÁL** „Það mikilvægasta í þessu öllu er að þarna er lögreglan að sýna hæfileika sína og getu og stöðva í fæðingu alvarlega aðför að æsku þessa lands.“

Þetta sagði Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu eftir að fréttamönnum hafði verið gert kunnugt um töku afkastamikillar amfetamínverksmiðju í Hafnarfirði.

Stefán segir að þarna hafi verið í uppsiglingu umtalsverð framleiðsla á fíkniefnum. Hefði það magn sem þarna hefði verið hægt að framleiða farið í umferð þá hefði það haft afar alvarlegar afleiðingar.



STEFÁN EIRÍKSSON

Amfetamínverksmiðjan:

## Mikil eld- og sprengihætta

**LÖGREGLUMÁL** Gríðarleg eld- og sprengihætta er samfara framleiðslu amfetamíns vegna þeirra eiturefna sem unnið er með.

Þess vegna fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hingað til lands, með milligöngu tengslafulltrúa ríkislögreglustjóraembættisins hjá Europol, tvo lögreglumenn frá Europol sem eru sérfræðingar í því að taka niður verksmiðjur af þessu tagi. Þeir hófust þegar handa í gær við að fjarlægja efni og tæki úr húsnæðinu en talið er að það geti tekið tvo til þrjá daga.

Vegna þessarar miklu hættu fékk lögreglan einnig aðstoð slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

- jss

Kostnaður við innskil lóða í Kópavogi er gríðarlegur:

## Þurfa nokkurra milljarða lán

**KÓPAVOGUR** Fjöldi lóða hefur verið skilað inn til Kópavogsbæjar að undanförunu og nemur verðmæti lóðanna um fjórum til fimm milljörðum króna. Tekjur sveitarfélagsins minnka sem því nemur.

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir reksturinn að öðru leyti vera góðan. „Við búum að því að vera vel rekið sveitarfélag, en þetta er mikið vandamál. Þær lóðir sem skilað hefur verið inn skipta hundruðum, bæði atvinnu- og íbúðarlóðir,“ segir Gunnar.

Hann segir að bæjarfélagið muni leita til lífeyrissjóðanna eftir láni. „Við þurfum að taka lán sem

nemur þessari upphæð og munum við leita þangað. Þá verðum við að skera niður framkvæmdir, líklega sem nemur um 1 til 1,5 milljörðum. Það er þó ekki allt svart og við erum að útluta einni og einni lóð aftur.“

Gunnar segir að þjónusta sveitarfélagsins verði ekki skorin niður og þjónustugjöld ekki hækkuð. „Við erum alveg rólegir, en þetta er okkar eina vandamál. Einnig munum við reyna að færa til innan svæða eins og hægt er.“

Til stóð að kynna breyttar forsendur fjárhagsáætlunar í bæjarráði í gær, en vegna veikinda frestast það um eina viku.

- kóp



GUNNAR BIRGISSON Bæjarstjórinn segir að hundruðum lóða hafi verið skilað, bæði atvinnu- og íbúðarlóðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIUR

- eð / sjá Allt

## Líkfundarmaður í eiturlyfjaframleiðslu

Einn þeirra fjögurra sem sitja nú inni vegna rannsóknar á umfangsmikilli amfetamínframleiðslu hér á landi er Jónas Ingi Ragnarsson, sem þekktur varð í líkfundarmálinu í Neskaupstað, þar sem líki var sökt við bryggju þar.

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn, allir íslenskir, voru handteknir í gær eftir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði upptæka öflugra fíkniefnaverksmiðju í iðnaðarhúsnæði við Rauðhelli í Hafnarfirði í gærmorgun. Einn þeirra er Jónas Ingi Ragnarsson, kenndur við líkfundarmálið á Neskaupstað. Annar er rúmlega tvítugur piltur, Tindur Jónsson, sem hefur hlotið dóm fyrir sveðjuárás.

Í húsnæðinu fannst framleiðslubúnaður, efni, sem talið er vera amfetamín, bæði á framleiðslustigi og svo fullunnið amfetamín eða methamfetamín. Að auki fann lögregla 20 kíló af hassi í ferðatösku á staðnum.

Síðdegis í gær var fjórði maðurinn, einnig íslenskur, handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins.

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið að rannsókn málsins undanfarna mánuði. Á þeim tíma höfðu mennirnir flutt inn háþróaðan tækjabúnað fyrir fleiri milljónir króna til amfetamínframleiðslu.

Í gærmorgun lét lögreglan svo til skarar skríða. Þrír menn voru handteknir, bæði í verksmiðjuhúsnæðinu og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Gerðar voru húsléttir á tveimur stöðum í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði. Þar fundust svo tækin og fíkniefnin.

Magn amfetamínsins lá ekki fyrir áður en blaðið fór í prentun, en ljóst er að um tugi kílóa er að ræða. Framleiðslugeta verksmiðjunnar sést best á því að þeir



TÆKJABÚNAÐURINN Framleiðsla á amfetamíni stóð yfir í verksmiðjuhúsnæðinu við Rauðhelli og stafaði mikil eldhætta af búnaðinum.

MYND/LÖGREGLAN



ELD- OG SPRENGIHÆTTA Svæðið við amfetamínverksmiðjuna var afgirt í gær.

sem handteknir voru fluttu nýlega inn eitt tonn af íblöndunarefni, sem notað er til að drýgja fíkniefni.

Ekki er talið að framleiðslan hafi verið lengi í gangi áður en

lögreglan lét til skarar skríða. Jafnframt er talið að mennirnir hafi ekki verið farnir að koma fíkniefnum í umferð þegar þeir voru handteknir.

Tveir mennanna voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 30. október. Maðurinn sem handtekinn var á flugvællinum síðdegis hafði enn ekki verið yfirheyrður í gærkvöldi.

Á fjórða tug lögreglumanna tók þátt í aðgerðunum í gærmorgun. Einnig voru þar menn frá tollgæslunni, sérsvait ríkislögreglustjóra, tveir sérfræðingar frá Europol og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

jss@frettabladid.is

Málaskólinn Frú Mínerva:

## Spænska kennd heima í stofu

**NÁM** „Ég innrétaði litla kennslustofu heima hjá mér og held námskeið þar fyrir litla hópa. Það er gott fyrir nemendurna að vera í smærri hópum og auðveldara að læra tungumál þannig,“ segir Þuríður Björg Þorgrímsdóttir spænskukennari sem stofnaði tungumálaskólann Frú Mínervu ásamt vinkonu sinni, Sigríði Rögnu Birgisdóttur.

„Síðan býð ég líka upp á að fara heim til fólks í vetur. Til dæmis ef fjölskyldan vill læra spænsku, þá kem ég bara til þeirra með mínar græjur,“ segir Þuríður.

## Lést eftir vinnuslys

Maðurinn sem lést í gær eftir vinnuslys á Ísafirði hét Steinþór Steinþórsson, 69 ára, til heimilis að Skógarbraut 3 á Ísafirði. Hann lætur eftir sig eigin konu og þrjú börn.



STEINÞÓR STEINÞÓRSSON

Steinþór var við vinnu á hafnararsvæðinu á Ísafirði um miðjan dag á miðvikudag þegar hann féll af vinnupalli úr mikilli hæð. Hann var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði og þaðan á sjúkrahús í Reykjavík þar sem hann lést í gær.

Rannsókn á tildrogum slyssins er í höndum lögreglunnar á Vestfjörðum og Vinnueftirlitsins.

## Fíkniefnasalar á Vestfjörðum: Földu eiturlyf í bíl og utandyra

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum lagði hald á tæplega 250 grömm af hassi, 44 e-töflur og tæpt gramm af amfetamíni aðfaranótt miðvikudags.

Hluti efnanna fannst í bifreið sem tveir ungir menn höfðu komið akandi á frá Reykjavík. Meiri fíkniefni fundust svo falin utandyra á Ísafirði.

Mennirnir tveir viðurkenndu að hafa ætlað að selja fíkniefnin á norðanverðum Vestfjörðum.

Mönnunum var sleppt að yfirheyrslum loknum síðdegis í fyrradag. Þeir hafa báðir komið við sögu vegna fíkniefnamála áður.

- jss

Atkvæðagreiðsla um sæti í öryggisráði SP kjörtímabilið 2009-2010 fer fram í dag:

## Reynir á traust til Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Afráðið verður í dag hvort Ísland fær sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna kjörtímabilið 2009-2010. Að sögn Kristínar A. Árnadóttur, sérlegs erindreka utanríkisráðherra vegna öryggisráðsframboðsins, væntir hún og þeir aðrir sem stöð hafa að framboðinu að „við uppskerum eins og við sáðum“ þegar fastafulltrúar hinna 192 aðildarríkja SP ganga til kosninga á allsherjarþinginu í New York eftir hádegisdag í dag að íslenskum tíma.

Eins og kunnugt er etur Ísland, með stuðningi hinna Norðurlandanna, kappi við Tyrkland og Austurríki um tvö laus sæti í öryggisráðinu fyrir hönd þess hóps aðildarríkja SP sem kenndur er við Vestur-Evrópu „og önnur ríki“. Kristín segir framboðið hafa skilað mjög umfangsmikilli og



GENGIÐ TIL ATKVÆÐA Gert verður upp á milli framboðenda í öryggisráð SP á allsherjarþinginu í dag.

NORDICPHOTOS/APP

fjölbreyttri kynningu á Íslandi. „Ríki heimsins vita mjög vel fyrir hvað Ísland stendur. Við finnum að það er borið traust til Íslands, þrátt fyrir að við séum að ganga í gegnum þessar efnahagsþrengingar og Bretar hafi vegið að

okkur. Það er áfram leitað til okkar sem góðrar fyrirmyndar og við finnum það hér á fundum okkar,“ segir hún og játar því að sérstaklega fulltrúar Afríkurríkja segi að þeir þekki bæði öruggt efnahagsástand og ósanngjarna meðferð af hendi stórveldis eins og Breta.

Spurð hvort sú samkennd sem þetta skapi hjá fulltrúum Afríkurríkja með Íslandi kunni að ráða úrslitum um að Ísland nái kjöri segist Kristín ekki vilja spá í það.

Hvert framboðsríki þarf að fá stuðning að lágmarki 2/3 hluta þeirra sem greiða atkvæði til að ná kjöri. Greiði öll aðildarríkin 192 atkvæði þarf því að lágmarki stuðning 128 þeirra til að ná kjöri. Hægt verður að fylgjast með útsendingu frá kosningunni á vefnum <http://un.org/webcast/>.

- aa

ostur.is

**Tilboð á Heimilisosti**

Nú færðu Heimilisost í sérmerktum kílóastykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!



# Ódýrt í Hagkaup

OPIÐ  
til **20**  
alla daga



**43%**  
afsláttur  
við kassa

**SS** fremstir  
fyrir bragðið

**894** kr/kg

Merkt verð 1.568.-

1/2 sérsnyrtur skrokkur  
af nýslátruðu, án slaga.

INNIHALD Í KASSA:

- Læri heilt
- Kótiletur
- Framhryggssneiðar
- Súpukjöt



**2.499** kr/pk

Verð áður 2.998.-



**25%**  
afsláttur  
við kassa

**1.648** kr/kg

Verð áður 2.198.-



**30%**  
afsláttur  
við kassa

**2.376** kr/kg

Merkt verð 3.395.-



**40%**  
afsláttur  
við kassa

**1.463** kr/kg

Merkt verð 2.438.-

**Rump nautasteikur**  
- 6 x 200 g steikur

**VSOP helgarsteik**

**Andabringur**  
- gott í frystinn

**Svínalundir**  
- gott í frystinn



**RISABRAUD**

**139** kr/stk.

Verð áður 222.-

1kg

**50%**  
afsláttur

**KLEINUR**  
**55** kr/stk.

Verð áður 114.-



**GRASKERSBRAUD**

**199** kr/stk.

Verð áður 412.-

**50%**  
afsláttur



**COCOA PUFFS**

**699** kr/pk.

Verð áður 799.-

1300g



**CHEERIOS**

**599** kr/pk.

Verð áður 697.-

992g



**30%**  
afsláttur  
við kassa

**FLORIDANA**

**599** kr/pk.

Verð áður 697.-

992g

Gildir til 19. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	111,6	112,14
Sterlingspund	192,43	193,37
Evra	150,08	150,92
Dönsk króna	20,135	20,253
Norsk króna	17,171	17,273
Sænsk króna	15,047	15,135
Japanskt jen	1,1123	1,1189

SDR 169,84 170,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 200,418

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmaður SAH Afurða ehf.:

## Missti framan af fingri í slysi

**SLYS** Starfsmaður SAH afurða á Blönduósi missti framan af fingri við störf í sláturhúsi á mánudag.

Reynt var að græða búttinn aftur á en það tókst ekki. Gísli Garðarsson sláturhússtjóri segir að maðurinn hafi verið vanur vélinni og hún í fullkomnu lagi. Augnabliks athugunarleysi væri um að kenna. Starfsmaðurinn er á batavegi. - hhs

Íkveikja í Mosfellsbæ:

## Tvisvar kveikt í hjólbörðum

**LÖGREGLUMÁL** Í tvígang slökkti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins eld sem logaði í gámi fullum af dekkjum í Dvergholti í Mosfellsbæ í gær. Fyrsta útkallið kom upp úr miðnætti og var eldurinn slökktur. Aftur kviknaði svo í gámnum upp úr eitt. Ekki var ljóst hvort eldurinn hefði tekið sig upp aftur eða kveikt hefði verið í honum aftur, samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliðinu.

Gámurinn var safngámur frá Sorpu, fullur af ónýtum dekkjum, og því ljóst að um íkveikju var að ræða. Brennivargurinn var hvergi sjáanlegur. - hhs

### LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu við vinnslu forsíðufrettar blaðsins í gær að nefnd voru hlutabréf í tengslum við peningamarkaðssjóði Landsbankans. Blaðinu er bæði rétt og skylt að áréttu að slík tengsl eru ekki fyrir hendi. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hafa peningamarkaðssjóðir aldrei fjárfest í hlutabréfum, enda sé þeim það ekki heimilt. Fjármálaeftirlitið nefnir jafnframt á vefsíðu sinni að engin hlutabréf sé að finna í eignasafni peningamarkaðssjóða.

Bretar stöðva flæði fjármagns til Íslands svo útlit er fyrir að framleiðendur fái ekki aðföng til framleiðslu:

# Náðu að kría út gjaldeyri fyrir hveiti

**VIÐSKIPTI** Farið er að bera á vöruskorti hjá innflutningsfyrirtækjum vegna treglegra gjaldeyrisviðskipta. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir að nú þegar hafi hveitið klárast þar. „Reyndar náðum við að senda pening í dag [gær] svo það eru gámar með hveiti á leiðinni,“ segir hann. „En við óttumst það mjög að það verði skortur á ákveðnum vörum. Sérstaklega hef ég áhyggjur af aðföngum sem við flytjum inn til matvöruframleiðslu en það segir sig sjálfst að framleiðsla leggst niður hjá matvælaframleiðendum ef þau hafa ekki aðföngin til vinnslunnar.“



**Í FLUTNINGUM** Erfitt er með inn- og útlutning þessa dagana og óttast menn að framleiðsla stöðvist þar sem erfitt er að fá aðföng.

Seðlabanki Íslands býður nú upp á tímabundna hjáleidi í viðskiptum við útlönd með því að

beina greiðslum bankastofnana til og frá landinu um eigin reikninga og reikninga erlendra samstarfsaðila Seðlabankans sem að öðru jöfnu hafa ekkert með starfsemi íslenskra bankastofnana að gera.

„Þeir eru hins vegar ekki mikið að benda á okkur,“ segir Agnar Hansson, bankastjóri Icebank. „Það hefur verið opið flæði hjá okkur nema hvað að það virðast vera einhverjir erfðileikar í London. Svo virðist sem breskir bankar séu að hafa einhverjar áhyggjur af því að ef þeir eru að eiga viðskipti við Ísland séu þeir að leggja blessun sína yfir þennan

uppskurð á nýju íslensku ríkisbönkunum. Svo lögfærðingar hafa ráðlagt þeim mörgum hverjum um frá því að hafa viðskipti við Ísland.“

Seðlabankinn samþykkti í gær beiðni Samtaka iðnaðarins um að setja hráefni til iðnaðarframleiðslu í forgang við afgreiðslu gjaldeyris. Einnig lýsti bankinn því yfir við erlendar lánastofnir að hann tryggir að allar greiðslur sem bankar sendi um reikninga Seðlabankans á reikninga innlendra lánastofnana muni skila sér til eigenda reikninga í viðkomandi lánastofnunum.

jse@frettabladid.is

# Íslendingar reyna að komast úr landi

Starfsmannaleigur leita leiða til að koma íslensku vinnuafli úr landinu auk þess sem erlendir starfsmenn snúa heim. Forstjóri Vinnuálastofnunar telur flutningana rétt að byrja. Fólk vilji vera þar sem það hefur vinnu.

**EFNAHAGSMÁL** „Mig hefði aldrei grunað að svona viðsnúningur myndi verða á jafn skömmum tíma,“ segir Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri starfsmannamiðlunarinnar Voot. Undanfarnar tvær vikur hafa milli fimmtíu til sextíu Íslendingar leitað til fyrirtækisins í von um að fá vinnu í Færeyjum eða öðrum nágrannalöndum.

Óskar segir að markaðurinn í Færeyjum sé nú fullmettur. Skömmu áður en bankahrunið varð höfðu um fimmtíu manns farið héðan af landi og til starfa í Færeyjum á vegum Voot. Í þeim hópi hafi flestir verið Pólverjar. Skyndilega hafi mikill áhugi vaknað meðal Íslendinga á störfunum en ekki sé um auðugan garð að gresja þar í landi eins og staðan sé nú.

Færeyska blaðið Dimmalætting greindi frá ásókn Íslendinga í störf þar í landi í vikunni. Helstu ástæður þessa nývaknaða áhuga þjóðarinnar á störfum í litla grannríki okkar segir Óskar vera hve miklu hærra laun sé þar að fá. Aðalástæðan helgist þó af því að fólk vilji einfaldlega fá vinnu.

Óskar tekur samt fram að hjá honum sé enga vinnu að hafa á næstunni. Hann sé þó að leita tækifæra á Grænlandi og í Kanada fyrir iðnaðarmenn. „Ég sé snemma í hvað stefndi og byrjaði að leita



**Í GÓÐUM MÁLUM** Því er spáð að alþjóðlega efnahagskreppan muni leika Íslendinga sérlega hart en líklega fara fremur mjúkum höndum um bræður okkar í Færeyjum.

MYND/APP

Íslendingar munu leita út fyrir landsteinana í meira mæli.

**GISSUR PÉTURSSON** FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR

leiða til að geta flutt menn út. Ég fékk leyfi til að flytja menn frá Íslandi til Færeyja í júlí og bíð nú eftir því að þau verði afgreidd annar staðar,“ segir Óskar og bætir við að Íslendingar séu eftirsótt vinnuafli í öðrum löndum.

Georg Georgiou, hjá starfsmannaleigunni Kraftafli, staðfesti að í ljósi þess mikla samdráttar sem hefði orðið á Íslandi að undanförunni væri hann byrjaður að leita

leiða til að geta flutt vinnuafli héðan úr landi. Hann vildi þó ekki tjá sig um hvaða svæði hann teldi fýsilegust að sinni.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir þetta vera hluta af þeirri þróun sem Íslendingar séu nú í vegna efnahagsörðugleika. „Íslendingar munu leita út fyrir landsteinana í meira mæli,“ segir hann og bætir við að þróunin sé ekki óeðlileg, fólk vilji vitanlega vera þar sem það á möguleika á að fá vinnu. Of snemma sé að segja til um hvort fólksflutningar sem þessir munu hafa alvarleg áhrif á aldurssetningu þjóðarinnar. „Vonandi varir þetta bara ekki lengur en í nokkur ár.“

karen@frettabladid.is

Fyrirtæki tengd Baugi:

## Segjast ekki í vandræðum

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn bresku verslanakeðjunnar House of Fraser og Mosaic Fashions, sem að hluta til eru í eigu Baugs, segjast eiga nægt fé til að mæta skuldbindingum sínum. Ekki sé þörf á að selja eignir.

Baugur keypti House of Fraser árið 2006 í félagi við aðra og Mosaic Fashions var í úrvalsvísitölunni í Kauphöllinni fram undir mitt síðasta ár, þegar félag tengt Baugi tók það yfir.

Philip Green hefur sóst eftir því að kaupa skuldir Baugs á miklu undirverði. Í frétt Reuters kemur fram að fleiri hafi hug á því, svo sem fjárfestingarfélagin TPG, Permira og Alchemy.

- kóp

Ari Matthíasson:

## Hættur hjá SÁÁ

**FÓLK** Ari Matthíasson, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra félags- og útbreiðslusviðs SÁÁ, er hættur hjá samtökunum. Hann óskaði eftir að fá að hætta strax.

„Þetta varð að samkomulagi í kjölfar sparnaðaraðgerða hjá SÁÁ,“ segir Ari. „Það er augljóst að þegar búið er að leggja niður sviðið sem ég hef starfað á þá hef ég engar starfsskyldur. Skyldur þess voru að miklu leyti færðar undir meðferðarsvið.“

Sjálfur kveðst Ari hafa nóg að gera, þar sem hann leggi stund á meistaranám í heilsuhagfræði við HÍ, auk þess sem hann hafi mikinn áhuga á að sinna leiklist og framleiðslu leiksýninga.

- jss



ARI MATTHÍASSON

**Blóm fyrir alla**

Blómvendir á helgartilboði

**699** kr

**blómaval** heilandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÖRT KÓLNANDI Á MORGUN**

Hann er að snúa sér í norðlæga átt eftir daginn í dag og samfara því kólnar ört á landinu. Það frýstir nyrðra en syðra verður hitinn yfir núllinu að deginum. Þessu fylgir eljagangur með norðurströndinni. Það má því búast við hálfu víða um land. Á sunnudag tekur lægð land síðdegis með hlýnandi veðri og hvössum vindi.

**Á MORGUN** Víðast 5-10 m/s.

**SUNNUDAGUR** 3-10 m/s en hversir talsvert með kvöldinu.

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	12°
Billund	12°
Ósló	11°
Stokkhólmur	9°
Gautaborg	12°
London	14°
Paris	15°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	13°
Berlín	10°
Alicante	24°
Mallorca	22°
Basel	14°
Eindhoven	13°
Las Palmas	23°
New York	15°
Orlando	31°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Betra verð!



**GÓÐI**

VILLIKRYDDAÐ LAMBALÆRI

**1.484** kr/kg

~~2.183~~ kr/kg

**32%**  
afsláttur



SVÍNALUNDIR, FROSNAÐ

**999** kr/kg



SVARTUR PIPAR OG SALT  
M/KVÖRN

**299** kr/stk.

~~399~~ kr/stk.

**25%**  
afsláttur



CHICAGO TOWN XL PIZZA  
M/SKINKU OG SPECIALE

**2 fyrir 1.000** kr

~~1.398~~ kr/2stk.

TOPPUR M/SÍTRÓNU OG  
ÁVAXTATOPPUR M/APPELSÍNU

**99** kr/stk.



www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 16. - 19. OKTÓBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.



## KJÖRKASSINN



Ertu bitur út í bresk stjórnvöld vegna ummæla þeirra um Ísland?

Já 87,3%  
Nei 12,7%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú til útlanda á næstunni?

Segðu þína skoðun á vísir.is



## Obama þótti standa sig betur í síðustu kappræðum forsetaframbjóðendanna: McCain á enn í vök að verjast

**BANDARÍKIN, AP** John McCain réðst af fullum þunga á Barack Obama í þriðju og síðustu kappræðum þeirra fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum, sem haldnar verða 4. nóvember.

Þetta virðist þó ekki hafa skilað McCain miklum árangri, því samkvæmt skoðanakönnunum telja flestir Bandaríkjamenn að Obama hafi staðið sig betur, rétt eins og í tveimur fyrri kappræðum þeirra.

Skoðanakannanir sýna einnig að fylgi McCains virðist nú fyrst og fremst bundið við ríki, sem alla tíð hafa sýnt mikla trygð við Repúblíkanaflokkinn. Obama virðist jafnvel hafa náð yfirhöndinni í



**MCCAIN OG OBAMA** Þriðju og síðustu kappræður þeirra, sem haldnar voru í fyrrið, þóttu bæði fjörugi og betri en fyrri kappræðurnar tvær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Virginíu, Colorado og Flórída, þar sem hingað til hefur verið talið nær öruggt að repúblíkani ætti sigur vísan.

Í kappræðunum reyndi McCain meðal annars að bendla Obama við William Ayers, gamlan róttækling frá tímum Víetnamstríðsins. Obama vísaði því á bug, og sagði áherslu McCains á þetta atriði segja meira um kosningabaráttu McCains heldur en kosningabaráttu hans sjálfs.

Obama leggur nú alla áherslu á kosningabaráttuna í þessum ríkjum, og hefur boðað komu sína til bæði Virginíu og Colorado. McCain virðist kominn í fjárþröng, en Obama á næga sjóði til að senda út sjónvarpsauglýsingar sem gætu ráðið úrslitum þegar kosið verður innan tæpra þriggja vikna. - gb

## Upplýsingafundur í Jónshúsi: Samstöðukaffi í Jónshúsi

**EFNAHAGSMÁL** Efnatæknifundur til upplýsingafundar í Jónshúsi um efnahagsmál fyrir Íslendinga í Danmörku næstkomandi miðvikudag. Í tilkynningu frá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn segir að á fundinum muni Svavar Gestsson, sendiherra fara yfir það sem gerst hefur í efnahagsmálum á Íslandi auk þess sem rætt verður um hagsmuni fólks. Þá verður einstaklingur sem eiga við sérstaka erfiðleika að stríða vegna efnahagssviftinganna að undanförunni boðið upp á viðtöl. Húsið verður opið frá klukkan 14 til 19 en fundurinn hefst klukkan 16.

- ovd

Karinna Moskalenko:

## Segir fjölskyldunni hafa verið byrjað eitru

**RÚSSLAND, AP** Rússneski mannréttindalögfræðingurinn Karinna Moskalenko segir að eitruð hafi verið fyrir sér og fjölskyldu sinni.



KARINNA MOSKALENKO

Hún og börn hennar hafi veikt heiftarlega eftir að grunsamlegt efni fannst í bifreið hennar í Frakklandi.

Moskalenko hefur meðal annars starfað fyrir fjölskyldu blaðakonuinnar myrtu, Önnu Politkovskaya.

Vegna veikindanna hefur hún ekki getað mætt til réttarhalds í Moskvu yfir fjórum mönnum, sem grunaðir eru um aðild að morðinu á Politkovskaya fyrir tveimur árum. - gb

Mæta aukinni eftirspurn:

## Ráðgjafarstofa um fjármál efl

**EFNAHAGSMÁL** Þjónusta Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur verið aukin vegna núverandi aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar samkvæmt tilkynningu frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Meðal verkefna Ráðgjafarstofu er að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum og segir í tilkynningunni að verið sé að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu hennar. Starfsmönnum verður fjölgað af þessu tilefni og afgreiðslutími lengdur. Þá verður samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar eflt og í framhaldinu frekari leiðir til að efla og styrkja þjónustuna kannaðar. - ovd



**FUNDUR HJÁ IMF** Frá fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) í byrjun þessarar viku. Í skýrslu sem unnin var síðasta vor og sumar fyrir Landsbankann segir prófessor við London School of Economics að stjórnvöld þyrftu að semja við sjóðinn um aðstoð áður en í ófni væri komið.

NORDICPHOTOS/AFP

# Vildi að við færum til sjóðsins í sumar

Þegar í sumar var lagt til að Íslendingar leituðu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir lausu fé. Ellegar yrði leitað á markaði og eignir Íbúðalánasjóðs eða tekjur framtíðarinnar af orkulauðlindum yrðu settar að veði fyrir erlendan gjaldeyri.

**EFNAHAGSMÁL** „Ísland horfist í augu við hugsanlega og líklega óþarfa fjármála- og efnahagskreppu,“ segir í inngangsorðum skýrslu Willems Buiters, prófessors við London School of Economics, sem kynnt var í þröngum hópi manna hér á landi 11. júlí.

Ástæðan, segir Buiters, er sú að Ísland á sinn eigin gjaldmiðil og stærð bankanna er meiri en þjóðarþúið ræður við. Seðlabankinn hefði aldrei getað þjónað íslensku bönkunum sem lánveitandi til þrautavara.

Skýrslan kom aldrei fyrir almenningssjónir, en þar segir í helstu niðurstöðum að Ísland þurfi að gerast aðili að evrusvæðinu, ellegar að bankarnir fari annað.

Enn fremur segir í niðurstöðum skýrslunnar að til skemmri tíma þurfi íslensku bankarnir að bregð-

ast við hættulegri stöðu sinni með því að útvega dótturfélögum sínum á erlendri grundu lán frá viðkomandi seðlabönkum. Einnig þurfi stjórnvöld að nálgast tilfallandi aðgang að töluverðu magni af erlendum gjaldeyri. Það mætti gera með lánalínum við erlenda seðlabanka eða semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um tilfallandi aðgang að fé. Einnig mætti setja ýmislegt að veði fyrir markaðsfjármögnun. Veð gætu verið eignir Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóðanna og kröfur á framtíðartekjur af jarðhita og vatnsafl.

Skýrslan var unnin að beiðni Landsbankans. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það Landsbankamenn sjálfir sem ákváðu að skýrslan yrði ekki birt opinberlega. Einn heimildarmanna blaðsins innan bankans,

segir að upplýsingar í skýrslunni hefðu getað gert vonda stöðu verri. Mikilvægast hafi verið talið að reyna að vinna að lausn þeirra vandamála sem tíunduð séu í skýrslunni. Þá er bent á að ýmsir hafi fengið kynningu á skýrslunni og því hefði efni hennar átt að vera þeim ljóst sem fjalla um efnahagsmál hérlandis.

Enginn sem Fréttablaðið hefur náð tali af segir að nokkuð nýtt hafi í raun komið fram í skýrslu Buiters og bent er á að hún sé unnin úr opinberum gögnum. Samt vill enginn viðurkenna opinberlega að hafa sótt kynningu á skýrslunni í sumar. Blaðið hefur heimildir fyrir því að þar hafi verið um 20 manns, þar á meðal starfsmenn viðskipta- og fjármálaráðuneytis og Seðlabanka.

ingimar@markadurinn.is

Taíland og Kambódía:

## Semja um að forðast átök

**KAMBÓDÍA, AP** Fulltrúar Taílands og Kambódíu hafa náð samkomulagi um að láta öll hernaðaráttök eiga sig þrátt fyrir deilur og spennu vegna landamærasvæðis, sem bæði ríkin telja sig eiga tilkall til.

Á svæðinu er gamalt musteri, sem hefur haft mikið aðdráttarafir ferðamenn. Átök brutust út skamma stund á miðvikudag og kostuðu þau tvo kambódíska hermenn lífið.

Bæði ríkin hafa sent fjölmennt herlið að landamærunum, en hafa nú ákveðið að hafa sameiginlegt eftirlit til að koma í veg fyrir átök. - gb

Verðlagsnefnd búvara:

## Mjólkurvörur hækka í verði

**NEYTENDUR** Heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækkar um 10,39 prósent 1. nóvember næstkomandi samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar búvara. Í tilkynningu frá nefndinni segir að á sama tíma hækki afurðastöðva- verð til bænda um 7,13 krónur á lítrann auk þess sem vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkar um 5,90 krónur á hvern lítra.

Nefndin gerir því ráð fyrir að einn lítri af nýmjólk hækki um 10 krónur. Ástæður eru sagðar hækkanir í aðföngum í mjólkuriðnaði og búvöru- framleiðslu. - ovd



Olís er leyfishafi Quiznos á Íslandi

# 12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHLTI, NÝBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

QUIZNOS SUB

Formaður skipulagsráðs segir mikilvægt að sýna Sundhöllinni fullan sóma:

## Útisundlaug við Sundhöllina

**SKIPULAGSMÁL** „Útisundlaug við Sundhöllina myndi hafa marga góða kosti fyrir sundlaugargesti, íbúa hverfisins og rekstrargrundvöll Sundhallarinnar,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, um samþykkt ráðsins frá því á miðvikudag þess efnis að gert verði ráð fyrir sundlaug sunnan við Sundhöllina við Barónsstíg.

Hann segir að auk sundlaugar geti margs konar starfsemi sem tengist hreyfingu og íþróttum verið hluti af slíkri uppbyggingu og nefnir í því sambandi tækjasal, heilsulind, baðstofu og jafnvel dansstúdíó. „Á þessu stigi er of snemmt að velja fyrir sér hvernig slík samsetning gæti orðið en það er ljóst að hugmyndir manna um útiveru, sundiðkun og mikilvægi hollrar hreyfingar hafa breyst mikið frá því Sundhöllin var byggð árið 1937.“

Júlíus Vífill segir að lengi hafi verið gert ráð fyrir möguleikanum á viðbyggingu við Sundhöllina án þess að henni hafi verið mörkuð lóð. „Það er þó mikilvægt að viðbyggingin sýni gömlu byggingunni fullan sóma enda er hún ein af perlum íslenskrar byggingarlistar.“

Hann telur of snemmt að tjá sig um rekstrarform en útilokar ekki aðkomu einkaaðila. „Í því efnahags-



**SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR** Guðjón Samúelsson, byggingameistari ríkisins, teiknaði Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg sem vígð var 23. mars 1937. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ástandi sem við búum við er erfitt að segja til um hvenær hægt verður að hefjast handa en þegar þar að kemur, sem vonandi verður ekki langt að biða, mun afstaða skipulagsráðs til framkvæmdarinnar liggja fyrir.“ - ovd



omega  
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

HAUST-  
TILBOÐ!

## Eitt flottasta úrval landsins

Mikið úrval fyrir öll baðherbergi

til  
afgreiðslu  
af lager



WLU 06A Hvítt háglans 120 x 50 sm **69.800,-** stgr.

WLU 147 Eik 61x48 +25 sm **59.900,-** stgr.

WLU 147 Hvítt háglans 61x48 +25 sm **59.900,-** stgr.



WLU 125 Eik Hvítt háglans 45 x 30 sm **28.900,-** stgr.

WLU 126 Hvítt háglans Eik 50 x 40 sm **28.900,-** stgr.

WLU 06A eik 120 x 50 sm **69.800,-** stgr.

Innifalið: Vaskaskápur/Handlaug/Spegilskápur

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

INNRETTINGAR  
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



## VEISTU SVARID?



- 1 Hvað heitir framkvæmdastjóri NATO?
- 2 Hvað heitir fyrrverandi efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde forsætisráðherra?
- 3 Hvað heitir fyrirlíði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

**Neytendur:** Nú leggjast allir á eitt að fylgjast með verði á vörum og þjónustu

## Dýr bílastæði, demparar og ódýrir smokkar



**DR. GUNNAR**  
neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Bílastæðagjald er mishátt á landinu. Líklega er það hæst í skammtíamastæðunum við Leifstöð. Einn sem lenti heldur betur í því skrifar: „Bíl tengdó, sem við fengum lánaðan á meðan hann fór út, var lagt í skammtíamastæði.

Bílnum var lagt kl. 6 á laugardagsmorgni og fyrir klúður sótti ég hann ekki fyrr en kl. 10 daginn eftir. Fyrir þetta greiddi ég Securitas 5.780 krónur. Þar að auki greiddi ég 500 krónur til Securitas fyrir að geyma bíllyklana í sólarhring. Mér finnst þetta hræðileg blóttaka, en get sjálfum mér um kennt. Ég vil fyrir alla muni vara fólk við þessu.“

Samkvæmt heimasíðu Securitas er

gjaldskráin svona: 100 kr. á hverjar byrjaðar 50 mín. fyrsta sólarhringinn.

2.880 kr. fyrir hvern byrjaðan sólarhring eftir það. Þokkaleg nýting á landi það.

Þrátt fyrir gríðarhátt gengi dollars og annarra gjaldmiðla borgar sig enn að panta að utan, í sumum tilfellum að minnsta kosti. Sigurgeir Sigurgeirsson hafði samband og sagði sögu sína. „Mig vantaði báða afturdemparana í Buick, svokallaða loft-dempara. Ég hringdi víða og kannaði verðið. Þeir voru á bílinu 300 þúsund og allt niður í 40 þúsund. Ódýrastir voru þeir hjá GS varahlutum. Þeir komu hreint fram og

báru fyrir sig hátt gengi dollarans. Ég vildi athuga málið betur og með aðstoð vinar míns sem vinnur á bílverkstæði pantaði ég demparana hjá Rock Auto í Bandaríkjunum. Þeir kostuðu 98 dali. Sendingarkostnaðurinn var 89 dalir. Tollurinn ellefu þúsund, svo á því gengi sem þá var borgaði ég rétt rúmlega 32 þúsund krónur fyrir þessa dempara. Það er rúmlega tíu prósent af því sem mesta okurbúllan hér bauð.“

Nú hefur vefsmokkasalan Smokkur.is verið starfrækt í rúmt ár. Vefsíðan er með Atlas-smokka á útsölu, þrjár í pakka á 99 kr., tólf í pakka á 250 kr. Örugg ástarmök hafa aldrei verið jafn ódýr.

## LÖGGÆSLA

### 40 kannabíspöntur og þýfi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann við húseleit í Breiðholti í fyrrkvöld 40 kannabíspöntur. Tveir karlmenn voru handteknir vegna málsins. Á sama stað fannst talsvert af verkfærum. Grunur leikur á að þau séu illa fengin.

# 10%

## vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

**spron**  
- bankinn þinn



**VÍSIR.IS**

„...ég sá það á vísi“

# Lýsa samstöðu með Íslandi

Í ályktun leiðtogafundar ESB er lýst yfir samstöðu með aðgerðum íslenskra stjórnvalda gegn fjármálakreppunni. Forsætisráðherrar Danmerkur og Svíþjóðar áttu frumkvæði að ályktuninni.

**BRUSSEL** Í lokaályktun tveggja daga fundar leiðtoga Evrópusambandsins í Brussel í gær lýstu þeir yfir „samstöðu með þeim aðgerðum sem stjórnvöld á Íslandi hafa gripið til“ í þeim efnahagsþrengingum sem landið á nú við að etja. Segja leiðtogarnir Ísland þurfa á stuðningi alþjóðasamfélagsins að halda og þeir vænti þess jafnframt að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu forsætisráðherrar Danmerkur og Svíþjóðar frumkvæði að ályktunin um samstöðuna með Íslendingum.

Þessi síðustu orð þrettánda liðar lokayfirlýsingar fundarins enduróma fyrri yfirlýsingar breska forsætisráðherrans Gordons Brown og fjármálaráðherrans Alistairs Darling um að íslenskum stjórnvöldum beri að sjá til þess að breskir eigendur innstæðna á reikningum íslenskra banka í Bretlandi fái þær endurgreiddar að fullu.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar sambandsins, sagði á miðvikudag að embættismenn ESB væru allir af vilja gerðir til að hjálpa Íslendingum og „auðvelda samstarf alls staðar þar sem það er unnt“. En hann bauð annars litla áþreifanlega aðstoð og sagði að „vandamál verður að útkljá tvíhliða við hvert aðildarríki sem í hlut á“.

Samræming viðbragða ESB-ríkjana 27 við alþjóðlegu fjármálakreppunni var annars efst á dagskrá leiðtogafundarinnar, auk deilna um metnaðarfull áform sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Leiðtogarnir lögðu blessun sína yfir þær samræmdu ráðstafanir sem stjórnvöld aðildarríkjana



**SARKOZY OG BARROSO** Forseti leiðtogaráðsins og forseti framkvæmdastjórnarinnar á blaðamannafundi um niðurstöðu fundarinnar í Brussel í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hafa ákveðið að grípa til í því skyni að bjarga fjármálakerfi þeirra frá hruni, en alls á að verja til þess 1.700 milljörðum evra. Leiðtogarnir samþykktu jafnframt að hvetja til hnattræns átaks til að endurskoða fjármálakerfi heimsins svo að koma megi í veg fyrir að önnur eins kollsteypa og nú er að eiga sér stað endurtaki sig.

Stjórnir átta ríkja í austanverðu ESB hvöttu til þess að slakað yrði á metnaðinum í loftslagsáætluninni þar sem þær óttuðust að hinar áformuðu aðgerðir til að takmarka losun myndi reynast dragbítur á hagþróun, og við

því mættu ríkin ekki á þessum krepputímum sem fram undan væru.

Niðurstaðan varð samt sem áður sú að sambandið heldur sig við það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20 prósent fram til ársins 2020.

„Það er svo ofurbrýnt að við tökum á loftslagsvandannum að við getum ekki leyft okkur að nota fjármála- og efnahagsvandann sem afsökun fyrir að gera það ekki,“ sagði Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, sem gegnir formennskunni í ESB þetta misserið.

audunn@frettabladid.is

# TILBOÐSVÍKA

## Í ORMSSON

# 15-40% AFSLÁTTUR

**AIRFORCE**  
Gæða háfar  
20% afsláttur



Komdu og gerðu góð kaup!

**FLAME**



20% afsláttur



**brabantia**  
solid company

**Brauðkassar**  
25% afsláttur



**morphyrichards**  
Matvinnsluvélar  
Hrærivélar  
40% afsláttur



**AEG**  
Draumaryksuga  
15% afsláttur



**ZWILLING**  
Hnífar  
20% afsláttur



**Solis** Palazzo  
kaffivél  
Tilboðsverð:  
79.900,-



**TEFAL**  
JAMIE OLIVER  
Pönnur  
20% afsláttur



Lágmúla 8 · Sími 530 2800

Smáralind · Sími 530 2900

Keflavík · Sími 421 1535

Akureyri · Sími 461 5000



**KINDUR** Ólöglegt er að selja heimaslátr- að kjöt. Það hefur þó aukist að mati lögreglunnar á Hvolsvelli.

Sala á heimaslátruðu eykst:

## Lögreglan tók sextán skrokka

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Hvolsvelli lagði á miðvikudagskvöld hald á sextán lambaskrokka, 300 kíló, á leið til Reykjavíkur til sölu.

Heimilt er að slátra dýrum á bóndabýlum en eingöngu til eigin neyslu. Dreifing á heimaslátruðu kjöti hefur hins vegar aukist að mati lögreglunnar á Hvolsvelli. Fjöldi tilkynninga um slíkt hafi aukist og lögreglan farin að fylgjast betur með þeim.

Bóndinn sem á í hlut á yfir höfði sér sektir og allt að tveggja ára fangelsi, verði hann fundinn sekur og brot hans talið alvarlegt.

- hhs



# SKOTVEIÐIDAGAR

Ráðumst á verðbólguna  
með frábærum tilboðum  
í fáeina daga

Veiðihornið Síðumúla 8 og Sportbúðin Krókhálsi 5  
efna til skotveiðidaga og bjóða frábær tilboð í fáeina daga

Haglabyssur 30% afsláttur

Skotveiðigallar 20 til 50% afsláttur

Felulitavöðlur 20% afsláttur

Gervigæsir, endur og álftir 20 til 30% afsláttur

Töskur allt að 50% afsláttur



Misstu ekki af skotveiðidögum  
í Veiðihorninu og Sportbúðinni

Munið vinsælu  
gjafabréfin okkar



Krókhálsi 5 – Sími 517 8050  
Sportbudin.is



Síðumúli 8 – Sími 568 8410  
Veiðihornid.is





**FÖGNUMUR** Gríðarlegur fögnuður var á Trafalgar-torginu í gær þegar fólk fagnaði bresku keppendunum sem stóðu sig með eindæmum vel á Ólympíuleikum fatlaðra í Peking.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmaður True North var hætt kominn við tókur á auglýsingu:

## Féll ofan í sprungu á Langjökli

**BJÖRGUN** Starfsmaður kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins True North slapp með rifbeinsbrot þegar hann féll ofan í sprungu á Langjökli í fyrradag. Maðurinn fór á vélsleða á undan halarófu jeppa sem á eftir kom. Hann steig af sleðanum til að kanna hvort ísinn væri traustur, fór skrefi of langt og féll.

Fallið var um fimm metrar og því mikil lukka að maðurinn skyldi ekki slasast alvarlega. Hann er vanur fjallamaður og kippti sér ekki mikið upp við óhappið, að sögn Rafns Hermannssonar, fjölmiðlafulltrúa True North, sem var á staðnum.

„Hann var stífur og stíður og aumur í kviðnum svo við keyrðum hann heim. En hann vildi reyndar ekki fara, heldur bara halda áfram að vinna.“

Óskað var eftir aðstoð björgunarsveita og voru tvær þeirra komnar í viðbragðsstöðu. Áður en þær fóru af stað var beiðnin þó afturkölluð. Vanir jöklamenn voru í hópnem sem höfðu slakað til hans belti og híft hann upp úr sprungunni.

Fimmtíu manna hópur fólks er á vegum True North á Langjökli við tókur á breskri sjónvarpsauglýsingu. Áætlað er að tókunum ljúki um helgina haldist veður gott. - hhs



**FRÁ LANGJÖKLI** Starfsmaður True North slapp með rifbeinsbrot þegar hann féll ofan í sprungu á Langjökli í fyrradag. Myndin er frá ótengdri jeppiferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðskiptanefnd Alþingis:

## Bankamálin rædd í dag

**ALÞINGI** Gestkvæmt verður á fundi viðskiptanefndar í dag þar sem staðan á fjármálamarkaði verður rædd. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins, Kauphallarinnar, viðskiptaráðuneytisins og fleiri aðila koma fyrir nefndina.

Þingmenn Framsóknarflokksins óskuðu eftir að breskir lögmenn sem kanna grundvöll málaferla á hendur breskum stjórnvöldum fyrir Kaupþing kæmu á fundinn. Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, segir að því miður geti ekki orðið af því nú þar sem lögmennirnir séu farnir til síns heima. Reynt verði að fá þá á fund í næstu viku. - bps



# Ekki bíða

**Komdu við hjá næstu hjólbarðapjónustu N1. Þannig sleppur þú við allar bíðaðir þegar snjórinn kemur.**



N1 HJÓLBARÐAPJÓNUSTA WWW.N1.IS

Líkvaka í Austurríki:

## Tugir þúsunda syrgja Haider

**AUSTURRÍKI** Talið er að tugir þúsunda manna leggi leið sína að kistu Jörgs Haider, þar sem hún stendur frammi í ráðhúsi Kärnten-héraðs í Austurríki í dag og í gær.

Haider fórst í bílslysi á laugardaginn var og verður jarðsunninn á morgun. Hann var einn umdeildasti stjórnmalamaður Austurríkis, hægri sinnaður þjóðernissinni sem fyrir nokkrum árum fór ekki dult með andúð sína á útlendingum og aðdáun sína á þýskum nasistum.

Hann var með 1,8 prómill af áfengi í blóði sínu þegar hann ók á ofsahraða á þjóðvegi með fyrrgreindum afleiðingum. - gb



**SYRGJENDUR** Fjöldi manns hefur vottað Haider hinstu virðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ BOLUNGARVÍK** Hart er deilt um skipulagsmál í Bolungarvík enda er 400 milljóna króna samningur í húfi.

## Segja ferðafrömuði líða fyrir óvild

Svo virðist sem ekki verði af byggingu 20 burstabæja sem átti að reisa við höfnina í Bolungarvík. Fulltrúar minnihlutans í umhverfismálaráði segja í fundarbókunum að óvild meirihlutans ráði för.

**SKIPULAGSMÁL** Sjóstangveiðifyrirtækið Kjarnabúð fær ekki úthlutad lóð við hafnarvæði Bolungarvíkur til að reisa 20 burstabæi fyrir sjóstangveiðimenn samkvæmt skipulagstillögum umhverfisráðs. Tillagan var samþykkt í ráðinu í síðustu viku og verður tekin fyrir í bæjarstjórn næsta fimmtudag.



**HRÓLFUR VAGNSSON**

Auður Hanna Ragnarsdóttir og Jóhann Hannibalsson, sem sitja í umhverfismálaráði fyrir minnihlutann, eru afar ósátt við þessa niðurstöðu og segja meirihlutann vera að vinna gegn atvinnuuppbyggingu fólks í bænum og saka Katrínu Gunnarsdóttur, fulltrúa meirihlutans og varaformann ráðsins, um persónulega óvild í garð forsvarsmanna Kjarnabúðar.

Kjarnabúð hefur gert 400 milljón króna samning við þýsku ferðaskrifstofuna Kingfischer Reisen þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu burstabæjanna. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Teiknistofan Tröð sem vann að málinu þóð umhverfisráði hafi lagt upp með tillögum sem miðuðu við það að burstabæirnir yrðu reistir en síðan hafi verið tekin pólitísk ákvörðun um að falla frá þeim tillögum.

Aðspurður hvort óvild fulltrúa meirihlutans í garð forsvarsmanna Kjarnabúðar hafi ráðið för

Við viljum helst vera í Bolungarvík en ef menn vilja ekki fá starfsemina þangað þá náttúrulega endurskoðum við það.

**HRÓLFUR VAGNSSON**  
EINN EIGENDA KJARNABÚÐAR

segir Elías Jónatansson bæjarstjóri ekki telja svo vera. „Maður spyr sig hins vegar hvort það sé einhver óvild í minnihlutunum sem fái menn til að vilja hrista svolítið upp í hlutunum,“ segir hann. Hann segir að lóðin við höfnina sem Kjarnabúð hafi sótt um sé ekki hæf til úthlutunar að svo stöddu því þar eigi eftir að leggja fráveitulagnir, brú og veg en undirstaðan í honum fellur til við uppgroft í höfninni sem farið verði í á næstu misserum. „Hins vegar er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir lóðum fyrir hús eins og Kjarnabúð hyggst byggja á árbökkum Hólsár um 100 metrum ofar en umræddar lóðir.“

Hrólður Vagnsson, einn eigenda Kjarnabúðar, segist ekki vilja tjá sig um viðbrögð Þjóðverjanna að svo stöddu en hann segir að tilboð hafi borist frá öðru sveitarfélagi um að færa starfsemina þangað. „Við viljum þó helst vera í Bolungarvík en ef menn vilja ekki fá starfsemina þangað þá náttúrulega endurskoðum við það,“ segir hann.

Í vor slitnaði upp úr meirihlutastarfi A og K lista sem nú deila í umhverfismálaráði. Elías kemur frá D lista. jse@frettabladid.is

## HALTU ÞÉR FAST! Tracy Beaker er mætt

Frábær bók eftir metsöluhöfundinn Jacqueline Wilson.

Um Tracy Beaker:  
„Fyndin og hjartnæm bók eftir einn vinsælasta barnabókahöfund Breti.“  
Kolbrún Bergþórsdóttir / Ísafold



**NÝ BÓK**

**JPU**  
JPU ÚTGAFA  
www.forlagid.is



Landsins stærsta



# Skósprengrja

## Hefst í dag

kl:11.00

Allt að

# 90%

afsláttur

Stendur í

# 10

daga

## Opnunartímar

Mán - fös 11-18  
lau 11-16  
sun 12-16

Útsöluvörur frá



# Toppskórinn

## Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109





**HJÁLPSAMUR** Íraskur piltur hjálpar félaga sínum í heimasmiðuðum hjólastól í Dora-hverfinu í Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Sænsk skrif um Íslandskreppu: Eðlileg krafa að hausar fjúki

**EVROPUMÁL** Sænski stjórnarþingmaðurinn Carl B. Hamilton, sem skrifaði grein í Fréttablaðið fyrr í vikunni þar sem hann skorar á Íslendinga að ganga sem fyrst bæði í ESB og myntbandalag-ið, birti á miðvikudag ítarlegri grein um sama efni í Svenska Dagbladet.

Þar segir hann aðra eins kreppu ekki hafa getað skolið á nema vegna alvarlegra mistaka. Því sé það eðlileg krafa að „hausar fjúki – og það ekki bara í bankakerfinu“. Vísar hann þar til ábyrgðar Seðlabankans, FME og íslensku ríkisstjórnarinnar.



CARL B. HAMILTON

- aa

# Árborg tapar jafnvel 350 milljónum króna

Oddviti minnihlutans í Árborg gagnrýnir bæjaryfirvöld fyrir að setja 350 milljónir króna í peningamarkaðsbréf en borga ekki skuldir eins og ákveðið var. Bæjarstjórinn segist hafa greitt skuldir sem hagkvæmt hafi verið að gera upp.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Því var haldið mjög á lofti gagnvart sveitarfélögum að peningabréf væru mjög örugg ávöxtun og geymsla fyrir peninga,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri Árborgar. Sveitarfélagið er með 350 milljónir króna lokaðar inni í peningamarkaðssjóði hjá Landsbankanum.

Eyþór Arnalds, oddviti minnihluta sjálfstæðismanna, sagðist á bæjarráðsfundum í gær telja að brotið hafi verið gegn samþykktum bæjarráðs frá í fyrra með því að setja andvirði hlutar Árborgar í Hitaveitu Suðurnesja inn á markaðsreikning hjá Landsbankanum í stað þess að greiða skuldir.

„Sú ákvörðun að greiða ekki niður skuldir en halda eftir fjármunum að upphæð 350 milljónir inn á peningamarkaðsbréfum gengur gegn samhljóða samþykkt bæjarráðs. Þetta er einfaldlega staðreind. Það er vonandi fyrir íbúa sveitarfélagsins að sem mest af þessum fjármunum endurheimtist,“ bókaði Eyþór á bæjarráðsfundinum í gær.

Þorvaldur Guðmundsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, sem á aðild að meirihluta bæjarstjórnar sagði peningamarkaðsbréfin hafa verið rædd á fundum sem Eyþór hafi setið í vor. „Því vekur það undrun að hann skuli ekki kannast við að sveitarfélagið eigi peningamarkaðsbréf í Landsbanka Íslands,“ bókaði Þorvaldur.

Í áður nefndri einróma samþykkt



EYÞÓR ARNALDS



RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR



Í SVARTSENGI Um 350 milljónir króna sem eftir voru af andvirði hlutar Árborgar í Hitaveitu Suðurnesja gætu verið gufaðar upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bæjarráðs frá í fyrra, um ráðstöfun þeirra 730 milljóna sem Árborg fékk fyrir sölu á sínum hlut í Hitaveitu Suðurnesja til Geysis Green Energy, segir að féð eigi að nýta til uppbyggingar og til greiðslu og lágmarkun skulda sveitarfélagsins.

Að sögn Ragnheiðar bæjarstjóra voru upphaflega lagðar um 730 milljónir króna inn á peningamarkaðsreikning um mitt sumar í fyrra og skila góðri ávöxtun. Hluti af fénu hafi síðar verið notaður til framkvæmda og skammtímaskuldir hafi verið gerðar upp snemma á þessu ári. Önnur lán hafi ýmist ekki verið hagkvæmt að greiða upp eða það hreinlega ekki verið hægt vegna skilmála þeirra.

Ragnheiður hafnar því algerlega að hafa unnið gegn samþykktum bæjarráðsins. Allir bæjarráðsmenn sem fylgst hafi með á fundum hafi vitað um að Árborg ætti fé í peningamarkaðssjóði.

„Ef mönnum fannst þetta svona svakalegt áttu þeir að gera vart við það. Það eru allir að reyna að vanda sig að fá sem mest út úr peningunum fyrir sveitarfélagið,“ segir bæjarstjórinn sem nú býður þess að í ljós komi hversu mikið stendur eftir af þeim 350 milljónum sem Árborg átti ennþá í peningamarkaðssjóði. „Það bendir allt til að það verði eitthvert tap en hversu mikið vitum við auðvitað ekki ennþá.“

gar@frettabladid.is

- gb

## Erlendum gestum fjölgar: Íslendingar fara minna úr landi

**FERÐAMÁL** Alls fóru tæplega 58 þúsund erlendir gestir frá landinu um Leifsstöð á tímabilinu 1. september til 13. október en á sama tímabili í fyrra voru þeir um 50 þúsund.

Þetta kom fram í upplýsingum Ferðamálastofu sem birt var í gær. Ferðamönnum fjölgar frá öllum svæðum nema Norður-Ameríku. Norðurlandabúum fjölgar um 11 prósent, Bretum um tæp 20 prósent og Evrópu-búum um 37 prósent. Mestu munar um 63 prósent aukningu Þjóðverja og 43 prósent aukningu Frakka. Samdráttur er hins vegar í brottförum Íslendinga. Á þessu tímabili fóru 46.600 Íslendingar úr landi en 51.376 þúsund á sama tíma í fyrra.

- kdk

## Porsche notaðir bílar



PORSCHE



**Toyota LandCruiser 120 VX Diesel** Verð 6.360.000,-

Nýskráður: 8.2006 - Ekin: 27 þús km - Slagrymi: 3000 cc - Hestöfl: 173 hö Skipting: Sjálfskiptur

Leðuráklæði, Hiti í sætum, Hæðarstilling, Loftkæling, Rafdrifin sólluga, 17" Álfelgur, Gangbretti, Geisladiskamagasin, Dráttarbeisli, Dökkar rúður, Þakbogar, Vindskeið.

Fluttur inn nýr af umboði, einn eigandi.

Staðgreitt 5.790.000,-



**Range Rover Sport SE 2,7 Diesel** Verð 8.250.000,-

Nýskráður: 3.2006 - Ekin: 80 þús km - Slagrymi: 2700 cc - Hestöfl: 190 hö Skipting: Sjálfskiptur

Leðuráklæði, Hiti í sætum, Tvískipt loftkæling, Rafdrifin sólluga, 18" Álfelgur, Aðgerðarstýri, Dráttarbeisli, Fjarlægðarskýrnjar, Dökkt gler, Xenon ökuljós o.fl.

Fluttur inn nýr af umboði, einn eigandi.

Staðgreitt 7.590.000,-



**Porsche Cayenne Turbo** Verð 8.700.000,-

Nýskráður: 4.2005 - Ekin: 63 þús. km - Slagrymi: 4500 cc - Hestöfl: 450 hö Skipting: Sjálfskiptur 6 þrepa - Litur: Cristal Silver Metallic

Nálgunarvörn framan og aftan, Leiðsögukerfi, Lyklalaust aðgengi, Rafknúin sólluga, BI Xenon ökuljós, Cruise control, Leðurkæddir sportstólar, BOSE hljóðkerfi, Minnisstillingar í sætum og stýrishjól, Dökkt gler í afturrúðum, Varmainangrandi gler í öllum gluggum (tvöfalt gler), Dráttarbeisli með rafknúinni innfellingu, o.m.fl.

Umboðsbíll í ábyrgð.



Staðgreitt 7.990.000,-



**Toyota Land Cruiser 100 VX** Verð 5.990.000,-

Nýskráður: 7.2005 - Ekin: 49 þús km - Slagrymi: 4700 cc - Hestöfl: 235 hö Skipting: Sjálfskiptur

Leðuráklæði, Hiti í sætum, Loftkæling, Rafdrifin sólluga, Álfelgur, Aðgerðarstýri, Rafdrifnar rúður og speglar, Cruise Control, 6 diska geisladiska magasin, Aksturstövla, 7 sæta, Langbogar á toppi, Dráttarbeisli.

Fluttur inn nýr af umboði.

Góður staðgreiðsluafsláttur



**Volkswagen Touareg V6** Verð 4.490.000,-

Nýskráður: 1.2005 - Ekin: 39 þús km - Slagrymi: 3200 cc - Hestöfl: 250 hö Skipting: Sjálfskiptur

Leðuráklæði, Hiti í sætum, Tvískipt loftkæling, Rafdrifin sólluga, 18" krómaðar álfelgur, Aðgerðarstýri, Dráttarbeisli, Xenon ökuljós, Bluetooth simbúnaður, Cruise Control, Rafmagn í sætum með minnisstillingum, Toppogar, Litað gler.

Innfluttur nýr

Staðgreitt 3.690.000,-



**Toyota Land Cruiser 100 VX** Verð 6.150.000,-

Nýskráður: 6.2005 - Ekin: 45 þús km - Slagrymi: 4700 cc - Hestöfl: 235 hö Skipting: Sjálfskiptur

Leðuráklæði, Hiti í sætum, Loftkæling, Rafdrifin sólluga, Álfelgur, Aðgerðarstýri, Rafdrifnar rúður og speglar, Cruise Control, 6 diska geisladiska magasin, Aksturstövla, 7 sæta, Langbogar á toppi, Dráttarbeisli.

Fluttur inn nýr af umboði.

Staðgreitt 5.490.000,-

**Notaðir bílar**  
Bildshöfða 10  
110 Reykjavík  
587 1000

**Benna**  
www.benni.is





# LAGERÚTSALA

Heilsudýnur  
Stillanleg rúm  
Náttborð  
Gaflar  
Kommóður  
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN  
**HEIM**

Smávara  
Jólavara  
Skápar/Skenkar  
Borð  
Ljós og fleira

Allt að  
**80%**  
afsláttur

Takmarkað magn



Kletthálsi 13  
opið 10-18 virka daga  
12-15 á laugardögum  
Sími 660 0035



Svefn & heilsa  
★★★★★



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**1679**  
**HOLTA KJÚKLINGABRINGUR**  
 AÐEINS **1679 kr/kg.** MERKT VERÐ 2799



**798**  
**FERSKT NAUTAHAKK**  
**798 kr./kg.**



**40%**  
**AFSLÁTTUR**  
**ALI GRÍSA-GÚLLAS**  
**1127 kr./kg.**  
 MERKT VERÐ 1878 KR./KG.



**40%**  
**AFSLÁTTUR**  
**ALI GRÍSA-SNITSEL**  
**1127 kr./kg.**  
 MERKT VERÐ 1878 KR./KG.



**40%**  
**AFSLÁTTUR**  
**ALI GRÍSA-KÓTILETTUR**  
**1070 kr./kg.**  
 MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



**40%**  
**AFSLÁTTUR**  
**ALI GRÍSA-HAKK**  
**530 kr./kg.** MERKT VERÐ 884 KR./KG.



**Ali** **499**  
**ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR** **499 kr./kg.**



**1998**  
**BÓNUS HANGIÁLEGG**  
**Í SNEIÐUM**  
**1998 kr./kg.**



**159**  
**FITTY SAMLOKUBRAUÐ** **500g 159 kr.**



**298**  
**GRILLBORGARAR**  
**4 STK. M/BRAUÐI** **298 kr.**



**259**  
**BÓNUS FERSK STÓR PÍTUBRAUÐ**  
**4 STK.** **259 kr.**



**198**  
**BÓNUS ÍS VANILLA/SÚKKULAÐI**  
**2 LTR.** **198 kr.**



**98**  
**BÓNUS SMYRILL** **300g 98 kr.**




**298**  
**OMEGA-EGG** **12 STK** **298 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BONUS BÝÐUR BETUR**  
 AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**40%  
AFSLÁTTUR**

**FROSID ÓSOÐID SLÁTUR**

LIFRARPÝLSA **398 kr./kg.** MERKT VERÐ 665 KR./KG.  
BLÓDMÖR **359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.



**598**

ÍSLENSK AFSKORIN BLÓM Í BÚNTI **598 kr.**



ENGINN BITI TEKINN ÚR

**479**

K.S FROSID LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR  
**479 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.



**50%  
AFSLÁTTUR**

KS LAMBASVIÐ 50% AFSLÁTTUR  
**Aðeins 198 kr./kg.** MERKT VERÐ 399 KR./KG.



**40%  
BONUS AFSLÁTTUR**

BONUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR  
KRYDDAÐUR  
**642 kr./kg.** MERKT VERÐ 1079 KR./KG.

COKE ZERO  
**2 ltr  
98 kr.**



**79**

BONUS FLATKÖKUR 5 STK **79 kr.**



**299**

KF SVEITABJÚGUN KOFAREYKTU  
**299 kr./kg.**  
MERKT VERÐ 398 KR./KG.



**798**

ÝSUBITAR ROÐ OG  
BEINLAUSIR  
**798 kr./kg.**



**89**

SVALI 3 PK. APPELSÍNU & EPLA  
MEÐ OG ÁN SYKURS. **89 kr.**



**98**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00-19.30



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
644 -2,24%Fjöldi viðskipta: 42  
Velta: 34 milljónir

MESTA HÆKKUN



NÝHERJI

2,69%

MESTA LÆKKUN



ALFESCA

BAKKAÐVÖR

ATORKA

11,11%

10,87%

10,00%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 199,9 -0,01%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,00 -11,11% ... Atorka 0,90 -10,00% ... Bakkavör 5,00 -10,87% ... Eimskipafélagið 0,60 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 14,70 -1,67% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 70,00 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 82,70 -2,13%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

## Lögbann á sölu bréfa

Breska fyrirtækið Equity Special Situations (ESS) hefur fengið lögbann á sölu hlutabréfa í eigu fyrirtækisins sem liggur inni hjá Landsbankanum í Bretlandi.

ESS er til húsa á Guernsey og skráð á AIM-hliðarmarkaðinn í bresku kauphöllinni. Fyrirtækið er með langtímalán hjá Landsbankanum og hafði lagt inn bréf sín í eignastýringarfyrirtækinu Syndicate Asset Management sem veð. Þegar Landsbankinn taldi ESS ekki standa við skuldbindingar sínar hóf það sölu á bréfum Syndicate Asset Management með þeim afleiðingum að markaðsverðmæti fyrirtækisins hrundi. Um svipað leyti fór Landsbankinn í þrot.

Í tilkynningu ESS til kauphallarinnar bresku segir að sýnt hafi verið fram á að félagið standi í skilum og sala Landsbankans því ólöglegt.

Á mánudag í síðustu viku stóð gengi bréfa í Syndicate Assets Management í 89 pensum á hlut. Það var komið undir tólf pens á hlut í gær. Það jafngildir 87 prósentu hruni á viku.

- jab



## Lífið í fjórlit ...

Fjórar 75 ml túbur með akrýllitum. Þú getur valið um öskju með svörtum, grænum, gulum og bláum lit eða aðra með svörtum, hvítum, rauðum og grænum. Hvor askja um sig kostar 800 krónur.



## Penslar fyrir vatnsliti, akrýlliti eða olíuliti

Þú getur valið um þrjú sett: 12 vatnslitapenslar, 9 olíulitapenslar eða 9 akrýllitapenslar. 400 krónur settið.



## Passlegir pastellitir

Farðu í Tiger og finndu þér kassa með 12 olíupastellitum fyrir 400 krónur. Hvar annars staðar ættirðu eiginlega að finna slík kjarakaup?



## Akrýlmálning á flöskum

Málaðu og blandaðu eins og listamanni er lagið. Þú færð nóg af málningu í Tiger – við eigum bláa, rauða, gula, hvíta og svarta málningu á 500 ml flöskum. 800 krónur stykkið.

Einnig eigum við málarastriga í ýmsum stærðum.

# TIGER

Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkrofu: tiger.kringlan@simnet.is

## Spron sakað um stuld

Þýðingafyrirtæki í Reykjavík segir Spron halda tugþúsundum evra í gíslingu. Forstjóri sparissjóðsins telur málið orka tvímælis.

„Í mínum huga stal Spron fjármunum frá Skjali og gerir því aðför að rekstrinum,“ segir Bogi Örn Emilsson, framkvæmdastjóri þýðingafyrirtækisins Skjals.

Fyrirtækið, sem er með um sextíu prósent tekna sinna í erlendri mynt, var með gjaldeyrisreikning hjá SPRON en lokaði honum þegar ljóst var hvert stefndi í gjaldeyrismálum hér í síðustu viku.

Skjal er með tuttugu manna fyrirtæki hér á landi en með aðskilið fyrirtæki í sama rekstri í Portúgal. Bogi stofnaði reikning þar og beindi viðskiptum fyrirtækisins þangað. Jafnframt fór hann fram á að Spron tæki ekki við innborgun-



GUÐMUNDUR HAUKSSON Þýðingafyrirtækið Skjal segir Spron ekki geta millifærð erlendar greiðslur inn á reikning í Portúgal

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um frá erlendum aðilum á reikninginn hér auk þess sem erlendir viðskiptavinir Skjals voru beðnir um að greiða inn á portúgalska reikninginn.

Skjali barst bréf frá Spron í fyrradag. Þar sagði að sparissjóðnum hefði borist erlend greiðsla og var spurt inn á hvaða reikning ætti að millifæra upphæðina. Tuttugu þúsund evrur eru nú inni á reikningnum en líkur á að þrjátíu

þúsund bæstist við innan tíðar. Spron gaf fjárhæðina upp í krónum. „Við sögðum sparissjóðnum að hann hefði aldrei átt að taka við greiðslunni en flytja ætti upphæðina á reikninginn okkar í Portúgal,“ segir Bogi. Í svari sparissjóðsins kom fram að ómögulegt væri að millifæra fjárhæðina þar sem gjaldeyrisþurrð sé í landinu.

„Þetta er fáránlegt mál,“ segir Bogi og bendir á að Spron haldi fjármunum í gíslingu. Skjal geti ekki ráðstafað þeim í Portúgal og varla flutt þá inn á krónureikning hér vegna rangrar gengisskráningar. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa önnur fyrirtæki hafi lent í viðlíka málum í millilanda- viðskiptum sínum við aðra banka.

„Ég get ekki tjáð mig um einstök mál,“ segir Guðmundur Hauksson, forstjóri Spron. Hann telur málið orka tvímælis en bætir við að gjaldeyrisþurrð sé í landinu.

jonab@markadurinn.is

## DeCode stokkað upp

DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, vinnur að viðamikilli endurskipulagningu með sölu eigna og fleiri breytingum.

Haft er eftir Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, í tilkynningu að horft sé til þess að minnka umfang DeCode og breyta áherslum í rekstrinum. Hann gat ekki tjáð sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

Breytingarnar munu ekki langt á veg komnar. Uppsagnir 60 starfsmanna í byrjun árs og sala á dótturfyrirtækinu Encode í sumar eru liður í endurskipulagningunni.

Fjallað verður nánar um skipulagsbreytingarnar á uppgjörsfundum DeCode 6. nóvember næstkomandi.

DeCode tapaði 45 milljónum dala á fyrri hluta árs sem er tæplega sextán prósentu aukning á milli ára. Á móti tvöfölduðust



STARFSMAÐUR ÍE DeCode vinnur nú að því að selja eignir og minnka umfang rekstursins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tekjurnar. Þá gerir félagið upp í Bandaríkjadöllum en greiðir um helmingi starfsmanna sinna laun í íslenskum krónum.

Handbært fé DeCode nam 49,4 milljónum dala í lok júní sem er um 50 prósentu lækkun frá áramótum.

- jab

## Fons á enn 29 prósent í Ticket

Eignarhaldsfélagið Fons á enn 29,26 prósentu hlut í Ticket Travel Group samkvæmt áréttingu sem Ticket sendi frá sér í gær. Hluturinn var keyptur af Northern Travel Holding í ágúst síðastliðnum.

Félagið sendi frá sér tilkynninguna til að bregðast við rangfærslum sem borið hefur á í fréttum.

Ticket er ein af stærstu ferðaskrifstofum á Norðurlöndunum með um 470 starfsmenn og árlega veltu upp á um 76 milljarða króna.

- óka



MATTHÍAS IMSLAND Matthías er stjórnarformaður Ticket.

## Kaupþing skoðar lög-sókn á hendur Bretum

Kaupþing hefur ráðið alþjóðlegu lögmannsstofuna Grundberg Mocatta Rakison til að kanna grundvöll fyrir lögsókn bankans á hendur breska ríkinu vegna hugsanlegrar aðfarar yfirvalda þar gegn Kaupþingi í Bretlandi fyrir viku.

Þá hefur lögmaðurinn John Jarvis, sem er einn helsti sérfræðingur í bankalöggjöf Bretlands, verið ráðinn sem ráðgjafi.

Lögfræðistofan mun meðal annars kanna eignafærslu Singer & Friedlander, banka Kaupþings í Bretlandi, til breska bankans ING Direct. ING hefur flaggað því að það ætli að kaupa breska sparireikninginn Kaupþing Edge og Heritable Bank, sem var í eigu Landsbankans.

Bresku lögfræðingarnir munu



KAUPÞING Breskir lögmennt kanna grundvöll lögsóknar Kaupþings gegn breskum yfirvöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

vinna að málinu ásamt Lögmönnum Reykjavíkur og ráðgjafarfyrirtækinu Reykjavík Economics ehf.

Ekki náðist í bresku lögfræðingana sem funduðu um málið hér í fyrradag þegar eftir því var leitað í gær.

- jab

## Actavis í vari

Rekstur lyfjafyrirtækisins Actavis hefur ekki orðið fyrir barðinu á yfirstandandi hremmingum íslensks efnahagslífs, samkvæmt tilkynningu sem félagið sendi frá sér í gær.

Þá kemur fram að einungis eitt prósent af tekjum Actavis verði til hér á landi og eigi fyrirtækið engar ábyrgðir inni hjá íslensku bönkunum. Þá gerir félagið upp í evrum og er því sagt varið gegn falli krónunnar.

Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Actavis, keypti meirihluta bréfa í fyrirtækinu í fyrrasumar fyrir 182 milljarða króna.


- jab



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON




# BORGADU MINNA FYRIR TÖLVULEIKINA SKIPTU GÖMLU LEIKJUNUM UPPÍ NÝJA!



**ÓDÝRASTUR!**  
PS3, PC OG  
XB360



**"SKEMMTILEGRI  
EN GTA IV"  
- GAMEREACTOR**  
**ÓDÝRASTUR!**  
PS3 OG  
XB360



**SVONA VIRKAR  
GAMESTÖÐIN**



KOMDU MEÐ GÖMLU  
LEIKINA EÐA LEIKJATÖLVUNA



SKIPTU ÞEIM UPP Í...  
EÐA FÁÐU PENINGINN!



KAUPTU LEIKJATÖLVUR EÐA  
LEIKI Á ÓTRÚLEGUM KJÖRUM!

**ALLIR SPILAÐIR PS2 LEIKIR Á 999,-  
ÓTRÚLEGT VERÐ! BRJÁLAÐ ÚRVAL!**



Spilaðir PS2 leikir  
**999,-**

**LENDIR  
MIÐVIKUDAG!**



TRYGGÐU ÞÉR  
EINTAK!

Komdu með rispaða  
diska til okkar og við  
gerum þá eins og nýja  
Virkar fyrir tónlistar-, leikja-,  
og DVD diska!



**SPILAÐU MEIRA  
- BORGADU MINNA!**





Áhrif kreppunnar á utanríkispolítíkina:

## Breytt staða

### ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Nú er augljóst að hrún viðskiptabankanna og Seðlabankans mun hafa margvísleg og víðtæk áhrif á utanríkispolítíkina bæði í bráð og lengd. Tvö stór mál eru þegar komin upp á yfirborðið.

Fyrsta málið er deilan við ríkisstjórn Stóra-Bretlands. Hana má svo aftur greina í tvennt. Annað atriðið lýtur að þeirri ákvörðun breska forsætisráðherrans að beita hryðjuverkalögum til þess að fella langsamlega stærsta fyrirtæki Íslands án lögmæts tilefnis. Stóra-Bretland hefur unnið Íslandi meira tjón með þessu eina efnahagslega hryðjuverki en samanlagt með löndunarbanninu á sínum tíma og þremur þorskastríðum.

Ísland þarf að nota stöðu sína í alþjóðasamfélaginu til þess að upplýsa um þetta hryðjuverk forsætisráðherra Stóra Bretlands. Mikilvægt er að forsætisráðherra Íslands hefur þegar byrjað það starf á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Það þarf einnig að gerast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Evrópuráðinu, Norðurlandaráði og innan EES-samstarfsins. Knýja þarf Stóra-Bretland til að bæta tjónið. Eðlilegt er að láta samtímis reyna á dómstólaleiðina.

Hitt atriðið sem snýr að ríkisstjórn Stóra-Bretlands er krafa hennar um að skattgreiðendur á Íslandi taki á sig meiri ábyrgð vegna innistæðna í bönkum í íslenskri eigu þar í landi en lög og alþjóðasamningar krefjast. Flest bendir til að þar sé aflsmunar neytt. Æskilegt væri að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til liðsinnis í þessu efni. Aðild að slíkum alþjóðasamtökum á einmitt að tryggja að voldug ríki misnoti ekki stöðu sína til þess að knýja á um bersýnilega ósanngjarna niðurstöðu í samskiptum við minni ríki. Slík misneyting getur haft afdrifaríkar þjóðfélagspolítískar afleiðingar.

Yfirlýsing ráðherraráðs Evrópusambandsins um Ísland sýnir að við eigum bandamenn á þeim vettvangi. Á hinn bóginn gefur hún einnig til kynna að við höfum ekki haft tækifæri til að kynna þar nægjanlega okkar hlið málsins. Það hefur ríkisstjórn Stóra-Bretlands hagnýtt sér. Af því má draga þann lærdóm að við þurfum fremur að styrkja stöðu okkar í Evrópu en hitt, eigi að vera einhver möguleiki á að ná réttlátri niðurstöðu gagnvart Stóra-Bretlandi.

Síðara málið er æfingin með Rússalánið. Hún er um margt skiljanleg. Sú leið gæti hins vegar lokað öðrum leiðum til lausnar á vanda hagkerfisins. Með sama hætti er samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn líklegt til að opna fleiri leiðir. Æskilegast væri að fella viðræðurnar við Rússa inn í þann ramma sem mun afmarka samstarfið við gjaldeyrissjóðinn. Ákvörðun um það má svo ekki dragast klukkustund lengur.

Viðskiptin við Sovétríkin í kjölfar löndunarbannsins í Stóra-Bretlandi röskuðu ekki pólitísku jafnvægi vegna veru varnarliðsins og aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Nú er varnarliðið farið og bandalagið er aðeins svipur hjá sjón í alþjóðapólitískum skilningi.

Einhliða samstarf við Rússland nú myndi leiða til halla á alþjóðapólitísku vegasalti landsins. Það hlyti því að kalla á hraða umhugsun um aðild að Evrópusambandinu til þess að tryggja eðlilegt jafnvægi til lengri framtíðar.

Af þessum tveimur málum má ráða að allar ákvarðanir sem nú eru teknar þarf að byggja á skýrri sýn á framtíðarstöðu og hagsmuni Íslands í alþjóðasamfélaginu.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Deyr fé, deyja frændur

Um tíma virtist sem við Íslendingar værum vinalausir. Bandaríkjamenn gáfu okkur puttann, eins og iðnaðar-ráðherra komst að orði, og Bretar bættu svo um betur og skipuðu okkur á bekk með hryðjuverkamönnum. Viðskipti við Ísland liggja nær öll niðri og menn hugsa um ímynd landsins og segja hana jafnvel komna niður í kjallara eins og Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníu-hljómsveitarinnar, komst að orði þegar gestrisni japansks fyrirtækis í garð hljómsveitarinnar hvarf eins og hlutafé í íslenskum banka.



### En orðstír deyr aldregi

Svo skjótast vinir með vínahót fram á sjónarsviðið. Rússar bjóða lán, Norðurlöndin taka við sér, jafnvel koma fram Bretar sem lýsa yfir vonbrigðum sínum með atgang Gordons Brown í okkar garð og ESB leiðtogar styðja við bakið á okkur. Einnig segir Benedikt Sveinsson, forstjóri Iceland Seafood, að viðskiptavinir þeirra vilji launa þeim góð viðskipti í gegnum árin með því að styðja þá nú þegar á reynir. Við megum greinilega ekki gleyma því að ímyndin tekur stakkaskiptum á einni nóttu en orðstír deyr aldregi hveim er sér góðan getur.

### Vinur er sá er til vammis segir



„Og svo er það bara áfam Ísland,“ sagði Geir H. Haarde við þjóðina og fór á landsleikinn gegn Makedóníu. Það er mikilvægt að stappa þjóðinni saman og ekki var annað að sjá en þar eignuðumst við aðra vinnuþjóð því gestirnir stóðust hvað eftir annað þá freistingu að jafna leikinn. En þess skal þó minnst að vinur er sá er til vammis segir.

jse@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



## Hvað gerðist?

Kapítalísmannum hefur verið spáð dauða í þrjú hundruð ár, enda á hann ófáa andstæðinga. Síðasta spáin mun ekki rætast fremur en hinar fyrri. Við frjáls viðskipti skapast mestu verðmætin. Andlátsfregnin af „nýfrjáls-hyggjunni“ er líka röng. Hún gat ekki dáðið, af því að hún var aldrei til. Orðið var aðeins enn eitt uppnefnið á hinni klassísku frjáls-hyggju Johns Locke og Adams Smith.

Það er söguleg kaldhæðni, sé lánsfjáarkreppan 2008 talin sýna að stórauka þurfi ríkisafskipti. Rætur hennar liggja ekki á Wall Street, heldur í Hvíta húsinu. Bandarískir húsnæðislánasjóðir, sem störfuðu við ríkisábyrgð og rýmri reglur en bandar, veittu lán til fólks, sem bersýnilega gat ekki staðið í skilum. Að frumkvæði Robertu Achtenberg, sem var aðstoðarráðherra í stjórn Clintons forseta um miðjan tíunda áratug, var lána-stofnunum bannað að mismuna minnihlutahópum (til dæmis að lána hlutfallslega meira til hvíttra manna en svartra), og skipti þá greiðslugeta litlu máli. Afleiðingin var, að eignasöfn banka fylltust af undirmálslánnum, og hver hætti loks að treysta öðrum.

Kapítalismi hvílir á trausti. Þegar slíkt traust minnkaði skyndilega, eftir að upp komst um



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Fjármálakreppan

undirmálslán, hættu bankar að veita hver öðrum fyrirgreiðslu, svo að hinir skuldugustu þeirra hrundu. Lánsfjáskorturinn á alþjóðamarkaði bitnaði illa á íslensku bönkunum, sem höfðu vaxið hratt og skulduðu mikið. Sumir þeirra höfðu líka í eignasöfnum sínum eins konar undirmálslán, sem þeir höfðu veitt áhættukapítalístum eins og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, en hann á sem kunnugt er marga íslensku fjölmiðlana, svo að þaðan var lítt von gagnrýni á umsvif hans. Sjálfum þótti mér til um framtakssemi Jóns Ásgeirs og viðskiptafélaga hans. Nú er mér ljóst, að Davíð Oddsson, sem varaði ætíð við ævintýramönnum, sá lengra.

Ég var þó ekki einn um þessa glámskyggni. Ólafur Ragnar Grímsson og Össur Skarphéðinsson gengu miklu lengra. Þegar Hanna Birna Kristjánsdóttir og

fimm aðrir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins neituðu fyrir ári að afhenda Jóni Ásgeiri og viðskiptafélögum hans eignir OR, skrifaði Össur á bloggsíðu sína að „valdaran“ þeirra sex myndi kosta Reykvíkinga milljarðatugi. Ólafur Ragnar var klappstjóri óreiðumannanna.

Stærstu bönkunum íslensku tókst samt furðu vel að standa af sér lánsfjáarkreppuna, uns bresku jafnaðarmennirnir Gordon Brown og Alistair Darling felldu þá með fullkomnu gerræði nú í október. Það er reginhneyksli, að forystumenn annars ríkis í Atlantshafsbandalaginu skyldu beita lögum um hryðjuverkavarnir til að gera stærstu íslensku bankana gjaldþrota. Nú reyna þeir Brown og Darling að neyða Íslendinga til að skuldbinda sig langt umfram það, sem þeim ber lagaskylda til. Vonandi mistekst það, þótt úr vöndu sé að ráða fyrir lítið land. Tryggingasjóður bankainnstæðna ber ábyrgð á innstæðum í íslenskum bönkum samkvæmt reglum Evrópska efnahagsvæðisins, ekki ríkið. Því síður ber ríkið ábyrgð á skuldum einkaþotufólks við íslensku bankana. En ef okkur tekst að losa af herðum okkar skuldaklafa, sem aðrir hafa stofnað til, og höldum síðan rétt á málum, þá er bjart frumundan.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ: RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



## FRÉTTABLAÐIÐ

### Munum eftir útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósunum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is



**LANDSMÓT** Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fer fram í Ólafsvík um helgina. Markmið mótsins er að unglingar eigi glaðar og uppbyggjandi stundir saman og að skapa vettvang fyrir ungt fólk um land allt til að skiptast á skoðunum og kynnast hvert öðru. Búist er við um 360 þátttakendum.



# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!

## Villibráðar- hlaðborð

16. október - 19. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínnum frá Chile og Argentínu.

Verð 7.750 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga

6.750 kr.

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember

Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Þórður Örn Kristinsson er veiðimaður af lífi og sál og mjög hrífinn af villibráði í matinn.

## Veiðir frekar en að spila golf

Þórður Örn Kristinsson ólst upp við veiðar með pabba sínum bæði á sjó og landi og fer reglulega á skytteri með félögum. Hann tekur veiðarnar fram yfir golf eða að horfa á boltann í sjónvarpinu.

Þórður Örn Kristinsson er heimavinnandi húsaðir meðan hann undirbýr doktorsnám. Hann er veiðimaður af lífi og sál og duglegur í eldhúsinu.

„Ég elda langoftast á mínu heimili. Það er ágætt skipulag hjá okkur þar sem ég elda, þrif, tek til, hugsa um börnin og konan skaffar peninga á meðan. Fer þá ekki á milli mála að ég er húsbóndinn.“

Þórður ólst upp við veiðar og segir það forréttindi að geta stundað veiðiskap. „Sumir berja kúlu ofan í holu, aðrir öskra sig hása yfir boltanum en ég fer að veiða með félögum og hundinum.“

Þórður býður lesendum upp á uppskrift að jólagæsum sem hann segir alla geta eldað. „Fyrst veiðifélagar mínir geta græjað þessa uppskrift ættu allir aðrir að geta það.“

heida@frettabladid.is

### JÓLAGÆS ÞÓRÐAR

Einföld uppskrift að jólagæsum FYRIR 6

1 stk. ung gæs, reytt og sviðin.  
Salt og pipar úr kvörn.

#### Fylling

2 stk. laukur  
2 stk. epli  
6 stk. döðlur  
1 lúka salthnetur  
1 msk. timian  
1 msk. salvía (Sage)  
1 msk. rósmarín  
1 msk. steinselja  
½ msk. sellerísalt  
6-8 brauðsneiðar  
50 g smjör

#### Meðlæti

4 stórar sætar kartöflur

Smjörklipa  
Salt

Sósa er frjálst val. Knorr villibráða er fin eða bara bráðið rífsberja-hlaup. Aðrir vilja eyða öllu púðrinu í sósu-gerðina en því nennum við ekki.

Gatið gæsina með gaffli og nuddið vel með salti og pipar. Sneiðið lauk og epli í litla bita og rífið brauðið. Bræðið smjórið og blandið saman við ásamt öllum kryddjurtunum. Steikið á pönnu

Í stutta stund og troðið svo í gæsina. Lokið gæsinni með seglgarni eða tannstönglum og vefjið í álpappír. Bakað við 160 gráður í um það bil tvo tíma, ausið nokkrum sinnum yfir meðan á eldun stendur. Síðustu 20 mínúturnar er hitinn aukinn í 200 gráður og pappírinn opnaður til að fá skinnið stökkt.

Kartöflurnar soðnar þar til þær eru alveg mjúkar, fleysjadar og stappaðar með smjöri, salti og örlitilli mjólk.

...og kroppurinn blómstrar

## Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

Við hjá Nings erum stolt af því að kynna japanskar Konnyaku heilsunúðlur.

Í 1500 ár hafa Japanir borðað Konnyaku núðlur og telja þær vera með því allra hollasta sem þeir borða. Þær eru nær algjörlega kaloríu- og fitulausar en eru fullar af góðum trefjum og steinefnum og flokkast sem basískur matur. Þær eru sagðar grennandi og bæta meltinguna ásamt því að hreinsa eiturefni úr líkamanum.

Allir heilsuréttirnir okkar eru eingöngu kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og ferskum chilli og eru án salts og sykurs.

Nings hefur frá upphafi verið leiðandi í að innleiða nýja og hollari siði í austurlenskri matargerð á Íslandi.

# NINGIS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

Konnyaku heilsutilboð  
**899 kr.**

Sannkölluð guðs gjöf fyrir alla þá sem kjósa hollann og góðan mat.

www.nings.is





**GÚRKUR** geta skemmst ef þær eru hafðar í of miklum kulda. 8 gráður eru ágætishiti fyrir þær. Betra er því að geyma þær í skúffu neðst í ísskápnum en á hillu ofar í honum.

**Föstudag:**  
Aðdi trúbador leikur af fingrum fram

**Laugardag:**  
Hljómsveitin Bristol leikur af fágætri snilld

Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • S: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

**ALLT HEIMILI**  
Mánudaga og fimmtudaga

hádeggi / kvöld

## GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5  
101 REYKJAVÍK  
+354 552 5588  
DOMO@DOMO.IS  
WWW.DOMO.IS

## Leggja öll sitt af mörkum

Þegar harðnar í ári getur verið sniðugt að leggja í púkk og sameinast um að töfra fram dýrindisveislu. Það gerðu nokkur skólasystkini úr Kvikmyndaskólanum á dögnum og létu vel af.

Rútur S. Sigurjónsson hittir stundum félagi sína úr Kvikmyndaskólanum, þar sem hann stundar nám í leikstjórn og framleiðslu, yfir köldum öl. Þau skólasystkinin hafa einnig hist til að skrafa saman yfir góðum og gildum heimilismat þar sem hver og einn leggur sitt af mörkum.

„Það getur verið sniðugt þegar harðnar í ári að allir leggi í púkk og sameinist um matargerðina. Þá er hægt að töfra fram dýrindis margrétta veislu með litlum tilkostnaði,“ segir Rútur en þau skólasystkinin áttu saman notalega kvöldstund á dögnum.

Rúti finnst gaman að gera tilraunir í eldhúsinu en matreiðslubakteríuna hefur hann að sögn frá móður sinni sem er matráður í Vík í Mýrdal.

Hann gefur lesendum uppskrift að spennandi lasagna með Mexíkó-osti, piparosti og kotasælu. Þegar að meðlætinu kemur gefur hann hugmyndafluginu lausan tauminn en nýtir um leið það sem afgangsverður við lasagna-gerðina. Úr verða skemmtilegar brauðbollur þar sem osta- og kotasæluafgangar breytast í úrvals meðlæti.

vera@frettabladid.is



Rútur S. Sigurjónsson og sambýliskona hans, Ólöf Vignisdóttir, sitja hér fyrir miðju ásamt skólasystkinum Rúts, þeim Sigríði Kristjánsdóttur og Ólafi Þór Jóseppssyni.

### LJÚFFENGT LASANGA

með saladi, brauðbollum og Snickersís í desert **FYRIR 4**

#### Lasanga að hætti Rútsins

½ kíló hakk  
1 hvítlaukur  
3 stórir sveppir  
250 g tómatur  
¼ lítri rjómi  
kotasæla  
rjómaostur með svörtum pipar  
Mexíkó-ostur  
oreganó



Fyrst eru lasagna-plötur lagðar í bleyti í söltu vatni. Síðan eru sveppirnir steiktir á pönnu og hvítlauk bætt út í. Svo er hakkinu bætt við og það látið steikjast alveg í gegn áður en tómaturran er sett út í. Þá er rjóma, rjómaosti, kotasælu og Mexíkó-osti bætt við þar til kjötsósan

er orðin nógu þykk. Þunnu lagi af kjötsósunni er síðan hellt í botninn á eldföstu móti sem er þakið pasta-plötum. Plötunum og sósunni er síðan komið fyrir til skiptis í mótinu. Að lokum er svo osti og oreganó dreift yfir og mótinu stungið í 200 gráðu heitan ofn í 20 mínútur.

## Kósíkvöld

Kósí matseðill á aðeins 3.900 kr. Þú velur milli 2ja forrétta og 2ja aðalrétta. Njóttu lífsins!

Erum byrjuð að taka niður pantanir í jólahlaðborð

Gæðamatur á góðu verði í þægilegu umhverfi í hjarta borgarinnar. Borðapantanir í síma 511 6677, orestaurant.is

Verið velkomin á Ó restaurant.

Ó restaurant  
Hótel Óðinsvé  
Þórgata 1  
101 Reykjavík  
Tel +354 511 66 77  
Tel +354 511 62 00  
orestaurant.is  
@orestaurant.is



#### Rauðlinsusalat Siggú

1 dós rauðlinsubaunir  
Rauðbeður eftir smekk  
1 búnt af radisum  
½ ferskur saxaður rauður chilipipar  
Handfylli af steinselju



#### Ristaðar Fitty brauðbollur að hætti Rúts

Fitty-brauðbollur  
Soðið af lasagna-kjötsósu  
1 sæt kartafli  
mexíkó-ostur  
rjómaostur  
kotasæla

Kjötsósusöðinu er smurt á botninn á bollunni. Sæta kartafli er skorin í litla bita og steikt á pönnu. Þegar kartöflubitarnir eru orðnir mjúkir eru þeir settir á brauðið og síðan er Mexíkó-osti, rjómaosti og kotasælu bætt ofan á. Bollunni er síðan lokað, hún skorin í tvennt og sett í ofn þar til brauðið er orðið stökkt.



#### Íssósa Óla Þórs

¼ l rjómi  
2 Snickers

Snickers er brætt í rjómaþaði og sósunni hellt út á ís að eigin vali.





**SEQUENCES-LISTAHÁTÍÐINNI** lýkur í dag. Opnuð verður vídeó-myndlistarsýning í Gallerí Dvergi, framinn tarot- og henna tattoo-gjörningur á háaloftinu í Iðnó og haldnir þrennir tónleikar.

# HÆLGIN

## Áhorfendur sverja eið

Glæpaleikritið Músagildran eftir Agöthu Christie verður frumsýnt í húsnæði Leikfélags Akureyrar annað kvöld. Leikritið sameinar spennu, skemmtun og mannlífsstúdíu.

Músagildran er eitt þekktasta leikrit Agöthu Christie og hefur verið sett upp víða um heim frá því að það var fyrst frumsýnt í Lundúnum árið 1952, en þar hefur það verið sýnt samfellt síðan. Í uppsetningu Leikfélags Akureyrar er verkið flutt inn í íslenskan nútíma; í því kynnumst við hópi fólks sem veðurteppist í afskekktum skíðaskála. Fólkinu hafa borist fregnir af morði í Reykjavík og smám saman grípur um sig óhugur í hópnum vegna gruns um að morðinginn kunnir að leynast á meðal þeirra.

Þór Tulinius er leikstjóri sýningarinnar. Hann segir hana ekki aðeins spennandi heldur einnig skemmtilega. „Músagildran er náttúrulega sigilt glæpaleikrit sem snýst um að finna morðingjann. En verkið er einnig afar skemmtilegt og áhugaverð mannlífsstúdíu. Í því fáum við að kynna hópi ólíkra einstaklinga sem þurfa að eyða tíma innilokuð saman og við það skapast óhjákvæmilega spennu. Það er ekki síður gaman að fylgjast með þessum persónum en að velta fyrir sér hver morðinginn er.“

Vinsældir leikritsins eru miklar; ber langur óslitinn sýningartími þess í Lundúnum þeim glöggvitni. Þór telur að vinsældir leikritsins helgist af nokkru leyti af vinsældum höfundar þess. „Agatha Christie er elskuð og dáð um heim allan,



Leikfélag Akureyrar er fyrsta atvinnuleikhúsið á Íslandi sem setur upp Músagildruna eftir Agöthu Christie.

MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR

þannig að ég dreg ekki í efa að það hafi eitthvað að gera með vinsældir þessa verks, þó að það sé líka skrambi vel skrifað. Að auki fá áhorfendur að taka þátt í því á vissan hátt því þeir þurfa að sverja þess eið að uppljóstra ekki nafni morðingjans að sýningu lokinni.“

Átta leikarar taka þátt í sýningunni; þeirra á meðal eru Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, en hún fagnar 30 ára leikafmæli sínu á þessu ári, og nýliðinn Sindri Birgisson sem

þreytir frumraun sína á sviði atvinnuleikhúss. „Þetta er afar skemmtilegur leikhópur og allt æfingafærligt hefur gengið mjög vel,“ segir Þór. „Það er góður andi í hópnum og hér í bænum. Við höfum til að mynda haft gaman af því að fylgjast með andnefjunum hér á Pollinum; þær skemmtu okkur þegar æfingarnar voru að hefjast. Þær eru reyndar farnar núna, en kannski að þær komi aftur og kiki á frumsýninguna.“ [vigdis@frettabladid.is](mailto:vigdis@frettabladid.is)

Ljósadagar  
20-50% afsláttur  
af öllum ljósum.

**LAURA ASHLEY**  
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646  
Opíð virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 10-16



Ráðstefnur | Fundir | Árshátíðir | Brúðkaup | Óvissuferðir

18. Október

### SVIÐAMESSA

Veislustjóri: Árni Johnsen

Gisting, matur, skemmtiatriði og ball

Verð: 8.900 kr. á mann - 5% = 8.455 kr.

Án gistingar: 4.500 kr. á mann - 5% = 4.275 kr.

25. Október

### FRANSKT KVÖLD

Gisting, 4 rétta matseðill og vín

Lifandi tónlist og ball

Verð: 11.500 kr. á mann.

-5% = 10.925 kr.

án gistingar 6.500 kr -5% = 6.175 kr.

1. nóvember

### VILLIBRÁÐARKVÖLD

Gisting, Villibráð, Lifandi tónlist og ball

Verð: 10.900 kr. á mann.

Verð án gistingar 5.900 kr. á mann

8. nóvember / fullt

### Villibráð / Jólahlaðborð

Frá 14.11.2008 til 20.12.2008 Þjóðum við uppá skemmtilegar og matarmiklar helgar með Villibráðarhlaðborði föstudaga og Jólahlaðborði laugardaga.

Einnig er lifandi tónlist og ball báða dagana.

Verð fyrir alla helgina 15.900 kr.

Verð föstudag m/gistingu 10.900 kr á mann.

Verð án gistingar 5.900 kr.

Verð laugardag m/gistingu 9.900 kr.

Verð án gistingar 4.900 kr.

hó t e l h v o l s v ö l l u r

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: +354 487 8050 | fax: +354 487 8058 | [hotelhvolsvollur@simnet.is](mailto:hotelhvolsvollur@simnet.is) | [www.hotelhvolsvollur.is](http://www.hotelhvolsvollur.is)





## Dvöl athvarf í Kópavogi

Markmiðið með starfsemi Dvalar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum, auka lífsgæði, efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan þeirra sem glíma við geðraskanir. Athvarfið er öllum opið og koma gestir í athvarfið á eigin forsendum. Fyrir marga hefur það verið mikið gæfuspor að heimsækja Dvöl.

Opið er virka daga kl. 9-16 (10-16 á fimmtudögum) og kl. 11-14 á laugardögum.

Á laugardögum er gestum boðið upp á léttan hádegisverð þeim að kostnaðarlausu.

Dvöl er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.



**Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Reynihvammi 43 // Kópavogi // sími 554 1260 // [dvol@redcross.is](mailto:dvol@redcross.is) // [www.redcross.is/dvol](http://www.redcross.is/dvol)

## Tilbreyting er til góðs

Vetrarfrí eru fram undan í flestum grunnskólum landsins. Þau brjóta upp hversdaginn hjá börnunum og ættu að nýttast fjölskyldum til fleiri samverustunda, svo fremi foreldrar geti litið upp úr sínu amstri.

Margir foreldrar skipuleggja einhverja tilbreytingu í vetrarfrí barnanna, að sögn Bjarkar Einisdóttur, framkvæmdastjóra samtakanna Heimila og skóla. „Undanfarin ár hefur verið talsvert um utanlandsferðir og dvöl í bústöðum á þessum tíma. En fleira er hægt að gera skemmtilegt og án þess að leggja í það mikla peninga. Það er hægt að fara á söfn, í bíó eða skoða eitthvað í umhverfinu. Við foreldrar þurfum að vera vakandi fyrir hvað samveran hefur mikið gildi og að fjölskyldan getur átt innihaldsríkan tíma saman innan veggja heimilanna líka,“ segir hún.

Þegar fimm daga vetrarfríin í skólunum voru lögfest fyrir nokkrum árum komu þau foreldrum í opna skjöldu og þeir lentu í vandræðum með pössun fyrir yngri börnin, að sögn Bjarkar. „En nú er að skapast sátt um fríin, flestir reikna með þeim og taka þeim fagnandi,“ segir hún. „Sveitarfélögin og skólarnir hafa líka sums staðar haft þá með í ráðum þegar fríin eru skipulögð. Jafnvel komið á kosningum. Einstaka skólarnir hafa að ósk foreldranna kosið



„Við foreldrar þurfum að vera vakandi fyrir hvað samveran hefur mikið gildi,“ segir Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna Heimili og skóli.

að sleppa vetrarfríinu og stytta skólatímann að vorinu sem því nemur. Það er líka punktur því spurning er hvort við séum ekki komin með skólana alltof langt inn í sumarið.“

Björk kveðst þó fylgjandi því að vetrarfríið sé tvískipt og tekið bæði fyrir og eftir jól. „Þegar kemur fram á veturinn eykst möguleikinn á skíðaiðkun í vetrarfríinu en haustönnin er líka oft löng, erfið og dimm og börnin hafa

gott af því að fá tilbreytingu,“ segir hún. „Þar sem fríin eru ákveðin á vordögum er mikilvægt að upplýsingaflæði sé þannig milli skóla og heimila að foreldrar séu snemma meðvitaðir um tímasetninguna. Þá geta þeir skilið eftir daga af sumarfríinu sínu svo þeir geti varið tíma með börnunum í vetrarfríinu og þar þarf auðvitað líka samkomulag við atvinnurekendur að koma til.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



## 20 ÁRA AFMÆLI FRAMHALDSSKÓLANS Á LAUGUM

Í haust eru liðin 20 ár frá því að Framhaldsskólinn á Laugum var stofnaður, á traustum grunni héraðsskóla, sem þar hafði starfað frá 1925.

Af því tilefni vil ég bjóða þér til afmælisfagnaðar með okkur **laugardaginn 18. október 2008**. Hátíðardagskrá hefst í íþróttahúsi skólans kl. 14.00. Boðið er til síðdegisverðar í Gamla skóla kl. 16.30. Tónleikar með Túpilökum verða síðan í íþróttahúsinu kl. 19.30.

Hjartanlega velkominn að Laugum,

*Valgerður Gunnarsdóttir*

Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari



**Tónlistarflytjendur:**  
Mugison  
Birgitta Haukdal  
Selvadore Rähni  
Tuuli Rähni  
Valmar Völjaohts  
Einar Bragi Bragason  
Jón Hilmar Kárasón  
og Túpilakarnir

**Ávörp flytja:**  
Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands  
Kristján Möller, samgönguráðherra  
Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis  
Ólafur Jón Arnbjörnsson, formaður Skólameistarafélags Íslands  
Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis  
Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar  
Hjalti Jón Sveinsson, fulltrúi samstarfsn. framhaldsskóla á Norðurlandi  
Gunnar Sigfússon, forseti nemendafélags FL  
Sólveig Ingólfssdóttir, fulltrúi brautskráðra nemenda frá FL



Í tungumálaskólanum Frú Mínerva geta nemendur fengið kennarann heim.

[frettabladid@valli.is](mailto:frettabladid@valli.is)

## Tungumálin eru eins og ólífur

Tungumálaskólinn Frú Mínerva hefur verið starfræktur um nokkurt skeið en nemendur hans geta fengið kennarann heim til sín. Að sögn kennarans Þuríðar Bjargar Þorgrímsdóttur er auðveldara að læra tungumál í smærri hópum.

Þuríður Björg Þorgrímsdóttir spænskukennari stofnaði í ársbyrjun tungumálaskólann Frú Mínerva ásamt vinkonu sinni, Sigríði Rögnu Birgisdóttur. Þuríður Björg býður upp á spænskukennslu og kennir námskeiðin bæði heima hjá sér og heima hjá nemendum.

„Ég innréttaði litla kennslustofu heima hjá mér og held námskeið þar fyrir litla hóp. Það er gott fyrir nemendurna að vera í smærri hópum og auðveldara að læra tungumál þannig. Síðan býð ég líka upp á að fara heim til fólks í vetur. Til dæmis ef fjölskyldan vill læra spænsku, þá kem ég bara til þeirra með mínar græjur.“

Vinsælust hafa verið námskeið sem Þuríður kallar Grúskarann, sem eru hefðbundin tungumálanámskeið með áherslu á talþjálfun

og málfræði. Á döfinni er svo að bjóða upp á námskeið fyrir ferðamenn.

„Fólk lærir þá eitthvað sem nýtist þeim í fríinu. Svo er ég líka að skipuleggja námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðin hjá mér eru fimm vikur, þrjár klukkutímar á viku, eða einn og hálfur tími tvisvar í viku.“

Þuríður Björg kenndi spænsku í framhaldsskóla en hafði gengið með draum í maganum um eigin námskeið þar sem hún kenndi þeim sem vildu læra. Heitið Frú Mínerva sótti hún til gyðju þekkingarinnar og líkir tungumálum við ólífur.

„Mínerva var líka verndari ólífunnar og það má segja að ólífan sé eins og tungumál. Annaðhvort finnst fólk ólífan rosalega vond eða rosalega góð en það er alltaf hægt að venjast henni ef maður þínir hana nógu oft í sig. Það er eins með tungumálin. Það getur verið erfitt að læra þau en með því að þína sig nógu lengi þá kemur þetta allt í einu.“

Hægt er að skrá sig á námskeið á heimasíðu skólans, [www.fruminerva.is](http://www.fruminerva.is). Fólk getur mætt í fyrsta tímum og ákveðið eftir hann hvort það vill halda áfram.

[heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is)



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 17. október 2008

Íris Björk Tanya Jónsdóttir seldi verslunina GK í vikunni og einbeitir sér að öðrum verkefnum

## KRAFTMIKIL OG TIL Í ALLT

### \* DAGVAKTIN Á HVÍTA TJALDIÐ?

Þótt landinn elski Dagvaktina ætla höfundar ekki að gera fleiri þætti

### \* STRÁKUR MEÐ SINN EIGIN STÍL

Baldur Rafn Gylfason er kominn artur í hárgreiðslubrandsann

### \* STJÖRNU- BRÚÐKAUP ÁRSINS

Birgitta Haukdal gekk að eiga Benedikt Einarsson um helgina



Þú nærð góðum árangri með

## ULTRATONE

Þingeyri/Ísafjörður 868-8503 & Heilsuþýltingin Hafnarfirði 544-5300  
Keflavík - Reykjavík - Selfoss - Vestmannaeyjar - Seyðisfjörður - Akureyri

Vantar Ultratone í þitt bæjarfélag? Hringdu í síma 869-7090 eða sendu línu á [ultratone@simnet.is](mailto:ultratone@simnet.is)



# núna

\* game over...

## PÉTUR ÖRN GUÐMUNDSSON TÓNLISTARMAÐUR

Vantar 2 smíði, helst vana klæðningum. Upplýsingar gefur Jón í síma 894 3343 Netfang: [jon@jonogsalvar.is](mailto:jon@jonogsalvar.is)

Yfirvelstjóra vanta á tæplega 200 sem getur bryjað stax. Einnig vantar vélstjóra á 80 tonna netabát sem þarf að gera bryjað fljótlega. S. 892 5522.

#### Rafvirkjar - Rafiðnaðarmenn

Rafvirkir eða rafíðnaðarmaður vanur lögnum, vegna uppsettu óskast til starfa nú þegar. Upplýsingar í síma 660 0300.

Óska eftir að ráða verkstæðismann, vana vinnuvélum og vörubílum. Uppl. í s. 896 3840.

Sólning hf. Smíðuvegi óskar að ráða vana starfsmenn á hjólbarda- og verkstæði félagsins. uppl. gefur Snorri í síma 860-0842

Veitingahús í Hfj. óskar eftir þjóni öll virk hádegi, 2 virk kvöld og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 822 5229.

#### Spjaldómur óskast

Rauða Torgið leitast samstarfs við yndislega spjaldómur. Nánari upplýsingar á vef okkar, [www.raudatorgid.is](http://www.raudatorgid.is)

#### HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

#### Atvinna óskast

**Vantar þig Smíði, múra eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.  
Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.

Vanur smíður óskar eftir verkefnum. Uppl. í s. 848 6904.

Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

#### HENDUR.IS

Auglýstu FRITT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

#### TILKYNNINGAR

#### Fundur



**ísland**

building global friendship

Aðalfundur félagsins verður haldinn mánudaginn 27. október kl 20:00 í Leikskólanum Ásum, Bergási 1, Garðabæ. Dagskrá fundarins eru venju- leg aðalfundarstörf.

#### Þjónusta

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309  
690 5115

[golflist@golflist.is](mailto:golflist@golflist.is)  
[www.golflist.is](http://www.golflist.is)

**Gólf list**  
Parketlagnir og viðhald

#### Auglýsingasími

**512 50 50**



- Mest lesið

#### Glæný upptaka!

Hér er ung kona á ferð, logandi heit - og það er spurning hvort hún sé ein...  
Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8777.

#### Fertugur karlmaður

vill kynast karlmanni með skemmtun í huga. Góð aðstaða nauðsynleg. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8362.

#### Karlmaður um fimmtugt

vill kynast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa góða aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl. nr. 8990.

#### Þrítug kona

á höfuðborgarsvæðinu vill kynast karlmanni með vinskáp og nánari kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl. nr. 8930.

#### 908 6969 símatorg

Hæ ég er 22 ára ljóshærð, grónn og sæt ég hef ekki mikla reynslu, langar þig að kenna mér eitthvað í kvöld? Ég er þínu feiminn en ég treysti þér. Enginn símsvari og engar tafir.

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"

Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:

Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti!  
Gildir í október.

SNYRTISTOFAN  
DONG FANG SALON  
HÓTEL LOFTLEIDIR

Opnunartími:  
Mán/mið/ós. 9.00-18.00  
Þri/finn 9.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
[message@dongfang.is](mailto:message@dongfang.is)  
[www.dongfang.is](http://www.dongfang.is)

東方  
DONG FANG  
SALON  
HÓTEL LOFTLEIDIR

SNYRTISTOFAN  
DONG FANG SALON  
HÓTEL LOFTLEIDIR

Opnunartími:  
Mán/mið/ós. 9.00-18.00  
Þri/finn 9.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
[message@dongfang.is](mailto:message@dongfang.is)  
[www.dongfang.is](http://www.dongfang.is)

IH  
ICELANDAIRHOTELS  
LOFTLEIDIR



# Skelfileg mistök í hruninu á Íslandi

## UMRÆÐAN

Richard Portes skrifar um fjármálakreppuna

Ákvörðun bandarískra stjórnvalda að láta Lehman-banka gossa verður harðlega gagnrýnd af hagsögufraeðingum framtíðarinnar. Sú ákvörðun hratt af stað hinni snöpru fjármálakreppu sem við erum nú í.

Þegar fjárfestingarbankinn Bear Stearns var gerður upp sáu bandarísk stjórnvöld til þess að hagsmunir allra mótaðila bankans í flóknum viðskiptum með ýmiss konar afleiður og skuldavafninga væru tryggðir. Stjórnvöld ábyrgðust áhættusöm-ustu verðbréfaþjórninga Bear Stearns um leið og bankinn var seldur til JP Morgan Chase. Eftir hrun Lehman, sem var látinn verða gjaldþrota, án þess að hagsmunir viðskiptamanna hans væru tryggðir, hefur gagnkvæmt traust hins vegar horfið. Peningamarkaðir og millibankalán frusu gjörsamlega. Skuldtryggingarálög fjármála-stofnana ruku upp úr öllu valdi, sem var til vitnis um bæði nagandi ótta og bullandi spákaupmennsku.

Meðal þeirra fyrstu til að falla var Glitnir á Íslandi. Íslensku bankarnir voru fastir í einum af mörgum vítahringjum kreppunnar: þeir þóttu of áhættusamir því Seðlabankinn var ekki álitinn trúverðugur bakhjarl ef í nauðir ræki, en ríkisstjórnin og Seðlabankinn þóttu aftur á móti ekki trúverðug þar sem þau gætu þurft að taka yfir banka.

Markaðurinn skall fyrst á Glitni. Líkt og hinir íslensku bankarnir, Landsbankinn og Kaupþing, stóð Glitnir í skilum. Allir skiluðu þeir góðu uppgjöri á fyrri ársþingi, eiginfjárhlutfall þeirra var traust og þeir voru ekki í meiri þörf fyrir markaðsfjármögnun en aðrir bankar af svipaðri stærð. Enginn þeirra hafði fjárfest í verðlausum undirlánsbréfum. Þessum bönkum hafði verið vel stýrt frá því í „smákrísunni“, á fyrri hluta ársins 2006.

Allt kom þó fyrir ekki. Þegar erlendar lánalínur lokuðu varð Glitnir að sækja um skammtímalán hjá Seðlabankanum, en var synjað. Í stað þess að veita Glitni greiðslustöðvun, þjóðnýtti Seðlabankinn hann með tilvísan í lög. Formaður bankaráðs Seðlabankans, Davíð Oddsson, var forsætis- og utanríkisráðherra í þrettán ár áður en hann varð seðlabankastjóri árið 2005. Ákvörðun hans endurspeglar pólitík, tæknilegt vanhæfi og fálæti gagnvart mörkuðum. Athugasemdir sem hann lét falla í kjölfar þjóðnýtingarinnar grófu enn frekar undan stöðugleika.

Þetta varð til þess að lánshæfismat ríkisins lækkaði og krónan féll enn frekar. Skammtímafjármögnun Glitnis og Landsbankans gufaði upp, Evrópski seðlabankinn krafðist nýrra trygginga og ákvæði í lánasamningum tóku gildi út af lækkuðu lánshæfismati. Þar sem bankarnir gátu ekki staðið við skuldbindingar sína veittu stjórnvöld þeim greiðslustöðvun.

Kaupþing virtist enn eiga möguleika. En á þriðjudaginn í síðustu viku lét Davíð Oddsson orð falla sem voru túlkuð á þann veg að Ísland myndi ekki standa við skuldbindingar sínar gagnvart sparifjáreigendum í Bretlandi. Þetta var pólitík til heimabruks. Það sama má segja um viðbrögð breskra stjórnvalda, sem tóku þá illa ígrunduðu ákvörðun að sölsa undir sig eignir bæði Landsbankans og Kaupþings í Bretlandi með vísan í hryðjuverkalög. Herskár yfirlýsingar Gordons Brown verða ekki taldar til hans skynsamlegustu aðgerða í fjármálakreppunni.

Gjaldþrot Kaupþings var fórnarkostnaður. Yfirtaka breskra stjórnvalda á dótturfyrirtækjum Singer og Friedlander keyrðu bankann um koll, eftir að ákvæði í lánasamningum tóku gildi. Bretland og Ísland virðast nú hafa komist að samkomulagi um að koma til móts við sparifjáreigendur, en alltof seint fyrir Kaupþing. Það væri hins vegar flónska af bresku stjórnvöldum að reyna að skaða eignir Kaupþings enn frekar.

Um leið náði gengi krónunnar fáránlegum lægðum í viðskiptum utan landsteinanna, en innanlands stöðvuðust viðskipti með krónuna. Seðlabankinn gerði þá tvenn ótrúleg mistök til viðbótar. Seðlabankinn hafði farið óhönduglega með stýrivaxtastefnu sína og gjaldeyrismark-



RICHARD PORTES

aði síðan í ársbyrjun 2008. Í byrjun síðustu viku tilkynnti hann fastbundið gengi, sem var vel yfir markaðsgengi. Án skilvirkra stjórntækja reyndist hins vegar ekki unnt að festa gengið og frá því var horfið daginn eftir. Þá gaf Seðlabankinn út ótímabæra yfirlýsingu um að lán upp á fjóra milljarða evra frá

Rússum væri í höfn, en í ljós kom að samningaviðræður myndu ekki hefjast fyrir en í þessari viku. Aðgerðir sem áttu að endurreisa tiltrú höfðu þverföguð áhrif.

Íslensku bankarnir voru afar áhrifamiklir og stórir í samanburði við íslenskan efnahag. Sömu sögu er að segja með banka í Bretlandi og Sviss. Enginn þeirra hefur reynt ónæmur fyrir eyðileggjandi áhrifum kreppunnar. Og Ísland gæti reynt örlagarík smitleið til landa sem eru viðkvæm fyrir viðsnúningi á fjármagnsflæði.

Við getum lært fleiri lexíur af þessu. Stjórnvaldamenn ættu ekki að verða seðlabankastjórnar. Davíð

Oddsson er hluti af vandanum en ekki einni einustu lausn og ætti að segja af sér umsvifalaust. Að hleypa af stað „evruvæðingu“ að hluta til var uppskrift að óstöðugleika. Og Ísland reyndist ófært, eða óviljugt, að semja við önnur ríki um aðstoð strax í upphafi og vildi heldur ekki leita til Alþjóðagjald-eyrissjóðsins.

Ísland gæti nú samið við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn um lán gegn skilmálum. En ef íslenska krónan verður áfram á fljóttandi gengi gæti það haft hörmulegar afleiðingar, þrátt fyrir (eða kannski vegna) miklu hærri stýrivexti. Yfirlýsingar gætu haldið genginu stöðugu með gjald-eyrisskýringu. Eða þau gætu tilkynnt aðildarviðræður við Evrópusambandið, með tilheyrandi

inngöngu í myntbandalagið. Geri þau það ættu yfirlýsingar ESB-ríkja að samþykkja ásættanlega gengistengingu gjaldmiðlanna.

Hrunið er afleiðing þess að menn gerðu sér ekki grein fyrir alvarleika kreppunnar og skelfilegra mistaka í stefnu stjórnvalda. En Ísland býr yfir framúrskarandi stofnunum og mannaúði, sem og þróaðri fjármálaþjónustu. Íslenska þjóðin horfir fram á tímabundna skerðingu á annars góðum lífskjörum. Bankarnir verða endurreistir sem miklu minni stofnanir, en með hæfa stjórnendur eftir sem áður. Ísland mun að lokum blómstra að nýju.

*Höfundur er prófessor í hagfræði við London Business School.*

# Útsölumarkaður

## Útsölumarkaður um helgina. Allt að 80% afsláttur mikið úrval



**Samsung S85**  
Fullt verð 17.590 kr.  
**Tilboðsverð 9.990 kr.**  
12 stk. til á lager



**Ricoh R30**  
Fullt verð 38.490 kr.  
**Tilboðsverð 19.990 kr.**  
7 stk. til á lager

**Bílahleðslutæki  
Hleðslutæki  
Headset  
fyrir flestar  
gerðir GSM síma"**



**Lomography pop 9 myndavél**  
Fullt verð 2.990 kr.  
**Tilboðsverð 1.990 kr.**  
30 stk. til á lager



**Leurtöskur fyrir Nokia**  
Lítlu á verðið  
**Tilboðsverð 150 kr.**  
Mikið til á lager



**Nokia 6300**  
Fullt verð 27.900 kr.  
**Tilboðsverð 19.990 kr.**  
12 stk. til á lager



**Motorola V3i-Dolce Gabbana**  
Fullt verð 39.900 kr.  
**Tilboðsverð 19.990 kr.**  
13 stk. til á lager



**Nokia bluetooth BH-100**  
Fullt verð 4.390 kr.  
**Tilboðsverð 1.990 kr.**  
25 stk. til á lager



**Lenco eldhúsklukka**  
Fullt verð 2.190 kr.  
**Tilboðsverð 990 kr.**  
12 stk. til á lager



**Kodak inkjet 10x15 pappír**  
Fullt verð 1.310 kr.  
**Tilboðsverð 690 kr.**  
200 stk. til á lager



**Kodak series 3 prentstöð**  
Fullt verð 9.890 kr.  
**Tilboðsverð 5.990 kr.**  
16 stk. til á lager

**www.hanspetersen.is**

**Opnunartími:**

» Laugavegur 178  
105 Reykjavík  
Sími 412 1840

» Föstudagur: 10:00 -18:00  
» Laugardagur: 10:00 -17:00  
» Sunnudagur: 12:00 -17:00

**HANS PETERSEN**

*Engu gleymt í 100 ár*



6.990

10L

Vnr. 85540083/1083

**Innimálning**

BYKO innimálning,  
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

10L

Vnr. 85541183

**Innimálning**

FÖNN innimálning,  
gljástig 10, fannhvítt, 10 ltr.

innimálning  
**BYKO**

Gljástig

10

hágæða lyktarlaus innimálning

BYKO 10 er ljúffinn, hágæða vatns-  
býnning akrýlbundin innimálning, sem  
hefur einstaklega vel, hefur afburða þvott-  
borðnu falli og hálf...

Eiginleikar og meðferð

Notkunarvið innimálning  
Gljástig 10%

Þynning vatn

Þurrktími 2 klst. við 20°C


Yfirmálun 6 klst. við 20°C

Efnisnotkun 8-10 m² per lítur

Verkfærir þessu eru notaðar til sprautu

Heimsun áhalda vatn og sápa

Vnr. Hvítt - 290-9000



3.890

NÚ ER RÉTTI  
TÍMINN TIL  
AÐ MÁLA!

# ALVÖÖRU

Vnr. 67090230

**Byssukápur**

Byssukápur fyrir 5 byssur,  
stærð: 1450x350x300 mm.

38.900

Vnr. 67090240

Byssukápur 8 byssur, stærð:  
1500x500x400 mm.

58.900



FRÁBÆRT  
VERÐ!

Ódýrt

Vnr. 71401110

**Verkfærasett 3.490** Fullt verð: 7.689

HURRICANE verkfærasett í tösku, Inniheldur: Hamar 500gr m/stálskafti, málband  
5m, skiptilykill 8", nippiltöng 8", síðubitur 6", spóatöng 6", dúkahnifur og 9 stk  
skrúfjárn: Torx 10-15-20-25-30, Beint 3,5 og 4,0 mm, stjörnu PZ1 og PZ2.



18V

- 18V
- 2 RAFHLÖÐUR
- KEMUR Í TÖSKU

Einhell

Vnr. 74804118

**Rafhlöðuborvél**

EINHELL rafhlöðuborvél, 18V,  
2 rafhlöður, kemur í tösku.

4.990

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!





**OSRAM**

Vnr. 54192037

**Pera**

DULUX Osram pera með birtuskynjara.

**1.990**

Fullt verð: 3.070

**LÝSTU UPP  
HEIMILHÖ**

**OSRAM**

Vnr. 54180428/628

**Perur**

**599**

OSRAM perur, 10 stk., mött, E27, 40W eða 60W.

**Ódýrt**

**790**

Fullt verð: 1.139

Vnr. 51352100

**Loftljós**

Loftljós, 27 cm, 1xE27, 60W, gler með tíglamynstur.

**350**

Fullt verð: 798

Vnr. 54140205-11

**Sparpera**

Sparpera, E27, 5, 7, 9 eða 11W.

**Tvöfaldir  
Vildarpunktur!**

16. okt.-30. nóv.

Gildir af allri veltu



Kortid sem kemur þér út

KREDITKORT

**TILBOÐ**

**ÚTRÝMINGARSALA**  
á jólavörum í Kaupþúni!

**Verð-  
dæmi**

Verð frá  
**1.000**

**1.000**

**100 kr.**  
JÓLAKÚLUR 4 stk.

**3.000**

**500**

á garðinum

**Verð-  
dæmi**

i BYKO Breidd,  
Akureyri og Selfossi

**Viðarrímlagardínur**

Viðarrímlagardínur 50 mm:  
60-70x160 cm **3000 kr.**  
80-110x160 cm **5000 kr.**  
120-150x160 cm **6500 kr.**  
160-180x160 cm **7500 kr.**

**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Verð-  
dæmi**

**Álrimlagardínur**

40-50x160 cm **500 kr.**  
60-120x160 cm **1.000 kr.**  
130-180x160 cm **2.000 kr.**







## 90 ára afmæli

### Carlo (Karl M. Jenson)

Verður 90 ára á morgun 18.okt. Hann verður með heitt á könnunni í tilefni dagsins frá 15 - 17 á Hlaðhömrum Mosfellsbæ



## 40 ára afmæli

Þessi ungi maður varð 40 ára í gær 16.október og í tilefni þess ætlar hann að bjóða til veislu í starfsstöð sinni að Engjaási 2 í Borgarnesi, laugardaginn 25. október n.k. Gleðin hefst kl.21:00, léttar veitingar verða í boði en ekki er ætlast til þess að fólk mæti í sínu finasta þússi

### Einar Páll Pétursson



## 50 ára afmæli

Laugardaginn 18. október verður

### Grétar Ingi

„gamall“

Í tilefni dagsins tekur hann á móti ættingjum og vinum í Skaftfellingshúsi að Laugavegi 178 milli kl. 20 og 24 á afmælisdaginn.



Ástkær kona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

### Puríður Eymundsdóttir

Kolgröf, Skagafirði,

verður jarðsöngin frá Reykjakirkju laugardaginn 18. október kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Porsteinn Björnsson.



Hjartans eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Anna Steinunn

Hjartardóttir,

áður til heimilis að Melhaga 6 í Reykjavík,

lést á Dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund aðfaranótt þess 8. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík kl. 15.00 mánudaginn 20. október. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Barnspítalaskóla Hringins.

Hannes Þorsteinsson  
Hjörtur Hannesson  
Guðrún Hannesdóttir  
Una Hannesdóttir  
Barnabörn og barnabarnabarn.

Sigrún Axelsdóttir  
Vilhjálmur Þór Kjartansson  
Geir Ingimarsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

### Bryndís G. Thorarensen,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 12. október. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. október kl 15.00.

Kristín Thorarensen  
Guðríður M. Thorarensen  
Egill Thorarensen  
Guðlaugur Thorarensen  
Daníel Thorarensen  
Sigrður Thorarensen  
barnabörn og barnabarnabörn.

Örn Vigfússon  
Þórður Ásgeirsson  
Ásdís Matthíasdóttir  
Gloria Thorarensen  
Áslaug Guðmundsdóttir

RAPPARINN EMINEM ER 36 ÁRA Í DAG.

„Ég þarf að hafa dramatík í lífi mínu til að geta haldið áfram að semja tónlist.“

**Eminem, sem heitir í raun Marshall Bruce Mathers III, fæddist í Missouri í Bandaríkjunum. Honum skaut upp á stjörnuhimininn árið 1999 með plötunni The Slim Shady og er hann einn söluhæsti rappari heims.**



PETTA GERÐIST 17. OKTÓBER 1756

## Kötlugos hefst

Eldstöðin Katla gaus þennan dag árið 1756 og stóð gosið fram í miðjan febrúar 1756.

Þegar gosið hófst barst mikil aska, eða um 1,5 km<sup>3</sup>, til austur-norðausturs og olli miklu tjóni í Skaftártungu, Áltaveri og Síðu. Miklið hlaup varð á Mýrdalsandi, mest vestan við Hafursey Um fimmtíu bæir fóru í eyði, flestir þó aðeins tímabundið og tveir menn létust.

Katla er fræg eldstöð í Mýrdalsjökli. Nafnið er upprunnið í gömlum munnmælum sem herma að fjölkunnug kerling, sem hét Katla og var ráðskona í klaustri í Áltaveri, valdi þar hamföllum.



Að því er segir á vefnum náttúruhamfarir og mannlíf er Katla megineldstöð með öskju, hulin jökli. Megineldstöðvar gjósa oft og eru virkar í þúsundir til milljónir ára. Kötlugos hefur orðið að meðaltali tvisvar á öld. Síðasta gosið varð árið 1918 og vilja margir meina að það næsta verði innan tíu ára.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Okkar innilegustu þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Sigrúnar Eiríksdóttur

Víkurbraut 30, Höfn Hornafirði.

Hjartans þakkir færur við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Höfn fyrir góða umönnun og alúð.

Guðmundur Jónsson  
Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir  
Ásta Halldóra Guðmundsdóttir  
Jón Guðmundsson  
Eiríkur Guðmundsson  
Sigrún, Guðlaug, Guðmundur Hrnannar, Höskuldur, Helga Rún, Una, Dagrún og Guðmundur.

Guðjón Pétur Jónsson  
Elín Guðmundardóttir  
Auður Axelsdóttir



Faðir minn,

### Bjarni Jósefsson

Birkihvammi 2, Kópavogi,

lést 28.09.2008. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Líknardeildar LHS L5 á Landakoti fyrir einstaklega góða umönnun.

Ragnheiður J. Bjarnadóttir og aðstandendur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegs eiginnmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

### Harðar Karlssonar

Háaleitisbraut 109, Reykjavík,

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir  
Björg Harðardóttir  
Stefán Karl Harðarson  
Úlfur Alexander Hansen  
Eldur Antoníus Hansen  
Sveinfríður Sigrún Stefánsdóttir.

Erpur Snær Hansen



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

### Porkell Sigurðsson

Barkarstöðum, Svartárdal,

sem lést þann 7. október verður jarðsöngin frá Bergstaðarkirkju laugardaginn 18. október kl 14.00.

Birna María Sigvaldadóttir.  
Sigurður Þorkelsson  
Halldór Þorkelsson

Margrét Sigurðardóttir

Sigríður Þóra Halldórsdóttir  
Þórkatla María Halldórsdóttir  
Freyja Hrönn Halldórsdóttir og aðrir aðstandendur.



UNGT FÓLK SNÝR BÖKUM SAMAN Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, segir að þrátt fyrir erfiðleika sé framtíðin björt. Á Hugsprettu er ætlunin að skoða hvar tækifæri framtíðarinnar liggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

INNOVIT OG KLAK: HRINDA AF STAÐ ÁTAKI

## Horft til framtíðar

Stefnumótunarvettvangurinn Hugsprettu – landnám nýrra hugmynda verður haldinn í Háskólabíói á morgun en þar gefst ungu fólki tækifæri til að snúa bókum saman og móta tækifæri framtíðarinnar.

Hugsprettu er samstarfsverkefni Innovit, nýsköpunar og frumkvöðlaseturs, og Klak, nýsköpunarmíðstöðvar atvinnulífsins. Nemendum úr háskólum landsins er boðið að taka þátt og hafa um þrjú hundruð þegar skráð sig.

„Við teljum að undirstöður Íslands séu mjög sterkar og þar af leiðandi sé framtíðin björt þrátt fyrir þá erfiðleika sem þjóðin er að ganga í gegnum. Þessu langar okkur að vekja athygli á,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit. „Okkur langar að fá til liðs við okkur stóran hóp af ungu fólki til að skoða hvar tækifærin liggja, hvert við eigum að stefna, hvernig við stuðlum að verðmætasköpun í framtíðinni og byggjum upp framúrskarandi lífskilyrði.“

Hugmyndin að Hugsprettu varð að sögn Andra til fyrir nokkrum dögum og

var ákveðið að hafa hraðar hendur til að blása jákvæðum vindum inn í þjóðfélagsumræðuna. „Það er ekkert hægt að gera í fortíðinni hédan í frá og best að byrja sem fyrst að byggja upp og horfa jákvætt til framtíðar. Í þeim efnum gegnir unga fólkið lykilhlutverki,“ segir Andri.

Herra Ólafur Ragnar Grímsson, Magnús Scheving og Haukur Ingi Jónasson stefnumótunarráðgjafi eru meðal þeirra sem flytja erindi á morgun en þeir munu hvetja fólk til dáða. Að því loknu verður farið í hugmyndavinnu í hópum.

„Svo er ætlunin að taka þetta saman og gera myndband með lyknilíðurstöðum. Eins verður búið til uppskriftabók að Íslandi framtíðarinnar sem jafnvel verður kynnt á sérstakri ráðstefnu eða málþingi. Að sama skapi væri gaman að fá þátttakendur til að koma með hugmyndir að því hvernig best sé að kynna niðurstöðurnar fyrir þjóðinni,“ segir Andri og tekur fram að ráðstefnan sé opin háskólanemum sem og öðrum áhugasömum.

vera@frettabladid.is



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarþug við andlát og útför hjartkærs eiginnmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

### Helga Jónssonar

flugstjóra og flugrekanda, Bauganesi 44, Reykjavík.

Útför hans fór fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 16. september kl. 13.00.

Jytte Marcher,  
Ester Helgadóttir,  
Astrid Helgadóttir  
Jón Helgason  
og barnabörn.

Adolfo Castrillo  
Hulda G. Valsdóttir



# Panasonic

# GOTT VERÐ



## HAGSTÆÐ KAUP



### Panasonic TH42PV70F

42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 p.uppl., V-Real 2 Engine, Advanced 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive, 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ** **199.990**

FULLT VERÐ kr. 219.990



### Panasonic TX26LE7F

26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** **89.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



### Panasonic TX26LM70F

26" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereo með V-Audio hljóðkerfi, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** **99.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990



### Panasonic TX32LM70F

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni, HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, VIERA Link, Backlight Control, 20w Nicam Stereo með V-Audio hljóðkerfi, Backlight Control, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** **109.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



### Panasonic TX32LX700F

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real 2 Engine, 100Hz Motion Picture Pro, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Advanced 3D Colour management, VIERA Link, SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereo með SRS TruSurroundXT hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** **159.990**

FULLT VERÐ kr. 189.990



### Panasonic TX37LZD70F

37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereo með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ** **199.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



### Panasonic TH42PY70F

42" FHD Pro2 Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., V-Real Pro2 Engine, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, SDHC kortalesari, VIERA Link, 20w Nicam Stereo með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heymartólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ** **249.990**

FULLT VERÐ kr. 269.990



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupturn, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosræf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



Jólagjafirnar fást í CASA

RITZENHOFF



20% afsláttur af allri gjafavöru dagana 17. til 20. október

menu<sup>®</sup>  
SCANDINAVIAN LIVING



driade

TURNER



MATTHEW

ROSENDAHL  
COPENHAGEN



Casa

Síðumúla 24 & Kringlunni  
588 0640 | www.casa.is



## Þingmaður og svarið er ...

**NOKKUR ORÐ**  
Kjartan  
Guðmundsson

Það var skemmtilegt þegar Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra vitnaði í Bubba-texta á Alþingi í vikunni, og óskandi að fleiri ráða- og óráðsímenn fylgdu í kjölfarið og skreyttu gömlu, þreyttu fjölmiðlatuggurnar með vísunum í íslenska poppsögu.

Steingrímur J. Sigfússon gæti til dæmis svarað spurningum blaðasnápa varðandi íslensku útrásina með upp færslu á sígildum texta Megasar um Ragnheiði biskupsdóttur: „Það var helvítíð hann Davíð sem sædd'ana.“ Eins gæti Ragnar Önundarson hagfræðingur, sem hefur varað við hruni bankakerfisins í fjölda ára, hæglega gætt málflutning sinn auknu lífi með að sækja í smíðju Nýdanskra: „Nostradamus var ekkert merkilegri en ég.“ Í ljósi atburða er líklegt

að Árni Mathiesen fjármálaráðherra leggi nú allt kapp á að sýna fram á bættu enskunnáttu sína, og því gráupplagt að vitna í ódauðlegan texta Herberts Guðmundssonar um Hollywood þegar hann snýr aftur frá ströngum samningaviðræðum í Washington: „Trying to make connections isn't easy to do. You tell them you're from Iceland and they just look at you. Hey you, who you trying to fool?“ Þá er í raun óskiljanlegt að forsætisráðherrann Geir H. Haarde hafi ekki enn haft rænu á að ljúka einum af endalausri runu blaðamannafunda á tilvitnun í Þorskastríðs-slagarann Í landhelginni með Hauki Morthens: „Þótt þorskurinn sé ekki skepna skýr, hann skömm hefur Bretanum á.“

Ólíklegt er að margir útrásarvikinganna fari með línur úr lagi Óðins Valdimarssonar, Ég er kominn heim, á næstunni. Líklega kjósa þeir flestir að tjá sig að hætti Mezzoforte, textalaust.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þegar þú vilt fá augnabliksfrið, er það nákvæmlega það sem þú færð.





**2.489 kr.**



**Batman er kominn**



**PS3 leikir**  
**8.989 kr.**



**Saint's Row**  
„Einn af skemmtilegustu leikjum ársins..“  
- 9 af 10 Eurogamer.net

**8.989 kr.**

# Frystikisturnar eru komnar aftur



**LCD með V-Real**

**Panasonic TX32LM70F**  
32" V-Real LCD breiðtjald • Uppl. 1366x768 p. • V-Real - einstök gæði • HD Ready • Progressive Scan • Skerpa: 3.000:1 • VIERA Link • Backlight Control • 20w Nicam Stereo með V-Audio hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp ofl.

**109.989 kr.**



**6kg þvottavél**

**Beko WMD26140T**  
1400 snúninga og 6kg þvottavél • Hitastillir 30-90° • Hurðaropnun 30sm • Ullarkerfi, skolstopp, auka-skol og hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni B • Stærð (bxhxd): 60x85x54 sm

**64.989 kr.**



**Ferðataeki með CD**

**JVC RCEZ31**  
Ferðataeki • Útvarp með stöðvaminnum • Vandaður geislaspilari • Segulband • Fjarstýring

**7.989 kr.**



**Philips kaffikanna**

**Philips HD7446SV**  
900w kaffivél • 1,3 lítra • Dropastoppari

**3.989 kr.**

**DVD myndir**  
**989 kr.**



**Hundruðir DVD titla í boði!**

**OPNUNARTÍMI**

Mánudaga kl. 11-19  
Þriðjudaga kl. 11-19  
Miðvikudaga kl. 11-19  
Fimmtudaga kl. 11-19

Föstudaga kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

MAX / Kaupúni 1 Garðabæ og  
Holtagörðum - Sími 412 2200  
www.max.is

Beint á móti IKEA  
og í Holtagörðum







**Upplýfting**  
í kvöld  
Tilboðsmatseðill á leikfúskvöldum

**JANIS 27**  
EFTIR  
**ÓLAF HAUK SÍMONARSON**

FÖSTUD. 17. OKT. KL. 20 – UPPSELT  
LAUGARD. 18. OKT. KL. 20 – NOKKUR SÆTI LAUS  
FÖSTUD. 24. OKT. KL. 20 – LAUS SÆTI  
LAUGARD. 1. NÓV. KL. 20 – LAUS SÆTI



**BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR**  
**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

„Bryndís og Ilmur eru æði“ – Gerður Kristný, Stöð 2  
„Músíklega séð: Stórkostleg upplifun...Ég hélt ekki að það væri nokkur söngkona á Íslandi sem gæti gert þetta. Ég segi bara: Hallelúja!“ – Halla Sverrisdóttir, RÚV  
„Ég gleymdi alveg öllu...frábær söngur...flott skemmtun!“ – Þór Elís Pálsson, RÚV  
„Stuð í óperunni“ – Ingibjörg Þórisdóttir, Mbl.  
„Dúndurmúsík!“ – Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttabl.

ÍSLENSKA ÓPERAN  
WWW.OPERA.IS  
MIDASALA Á OPERA.IS, MIDL.IS OG Í MIDASÖLU ÍSLENSKU ÓPERUNNAR. SÍMI MIDASÖLU: 511 4200.



**Þjóðleikhúsið**  
Miðasala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

## Hart í bak

Jökull Jakobsson

Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað  
Frumskýning 17. október

**Örfá sæti laus** á fyrstu átta sýningar

## Ástin er diskó, lífið er pönk

Hallgrímur Helgason

Ekki missa af eldfjörugum söngleik og ekta diskófjöri!  
lau. 18/10 **uppselt**, sýningum lýkur í nóvember

## Skilaboðaskjóðan

Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson

Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!  
sun. 19/10 **örfá sæti laus**

## Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogronnik

Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin  
sun. 19/10 tvær sýningar **örfá sæti laus**



## Utan gátta

Sigurður Pálsson

Snarskemmtileg

sýning í Kassanum

Frumskýning 24. október

## Macbeth

William Shakespeare

Blóð vill blóð...

Ekki missa af ögrandi sýningu  
Takmarkaður sýningafjöldi

## Sá ljóti

Marius von Mayenburg

Nú á leikferð um landið,  
sýningar í Reykjavík  
í nóvember

[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

## Listahátíð leggur net fyrir vorið

Listahátíð í Reykjavík verður haldin í 39. sinn á vori komanda og er nú hafinn undirbúningur fyrir hátíðina undir stjórn nýs listræns stjórnanda, Hrefnu Haraldsdóttur. Hefur hátíðin nú auglýst eftir umsóknum um tónleikahald í heimahúsum í Reykjavík í maí 2009. Óskað er eftir tónlistarfólki á öllum sviðum tónlistar. Fjöldi flytjenda má vera frá einum til fimm. Umsóknum fylgi upplýsingar um efnisskrá, flytjendur og húsnæði sem tekur að lágmarki 25 manns í sæti.

Hugmyndin um stofutónleika á Listahátíð 2009 felur í sér að fá framúrskarandi tónlistarmenn til



**LISTAHÁTÍÐ** Hrefna Haraldsdóttir listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík.

þess að bjóða gestum heim í stofu til sín. Þannig fá áheyrendur einstakt tækifæri til að njóta tónlistar í nálægð við listamennina. Til stendur að tónleikarnir fari fram

á tveggja tíma fresti viðs vegar um borgina sunnudaginn 24. maí. Áætlað er að hverjir tónleikar verði 30 til 40 mínútna langir. Valið verður úr innsendum umsóknum og öllum umsækjendum svarað. Valnefndina skipa fulltrúar Listahátíðar í Reykjavík, Félags íslenskra tónlistarmanna (FÍT) og Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH).

Umsóknir berist eigi síðar en 25. nóvember til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar STOFUTÓNLEIKAR. Nánar verður greint frá greiðslu fyrir tónleikahaldið við afgreiðslu umsókna. - pbb

## Ókeypis sinfóníur í kvöld

Í kvöld og á morgun býður Sinfóníuhljómsveit Íslands öllum sem áhuga hafa á tónleika í Háskólabíó. Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 19.30 en á morgun verða þeir kl. 17.

Á dagskránni eru sinfóníur eftir finnska tónjófurinn Jean Sibelius, en flutningur þeirra var liður í undirbúningi hljómsveitarinnar fyrir tónleikaferð til Japans. Hljómsveitinni var boðið þangað en eins og kunnugt er hefur fönni austur verið aflýst vegna fjármálaástandsins. Ferðin er ein sú víðamesta sem skipulögð hefur verið og undirbúningur staðið í um tvö ár.

Hjá hljómsveitinni ráða menn nú ráðum sínum hvernig verður fyllt í það þriggja vikna gat sem kemur í starfsemi hljómsveitarinnar. Er hin aflagða ferð mikið áfall fyrir hljómsveitina og setur strík í reikning þeirra. Áður en kom til þess varð hljómsveitin fyrir öðru áfalli sem voru ógöngur Stóða sem voru helsti styrktaraðili hennar. Ofan í kaupioð bætist nú óvssa um stöðu á tónlistarhúsinu sem er í hættu.

Því er um að gera fyrir alla þá sem hafa fylgst með Sinfóníunni undanfarnin ár og áratugi að taka boði hennar um tónleika í kvöld og á laugardag, en þangað eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, og þannig sýna samstöðu með



**TÓNLIST** Petri Sakari leiðir Sinfóníuna á tónleikum í kvöld og á morgun. Þangað eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. MYND: SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

hljómsveitinni á þessum örlagatímum í sögu hennar. Á fyrri tónleikunum verða fluttar sinfóníur nr. 2 og 4, en á þeim síðari er röðin komin að þeim síðustu þremur, númer 5, 6 og 7. Sinfónían hefur á liðnum áratug hljóðritað allar sin-

fóníur Sibeliusar fyrir Naxos og eru þær nú fáanlegar í safnútgáfu. Hefur flutningurinn víða fengið hrós og er til marks um þann styrk sem hljómsveitin býr yfir á góðri stund. Stjórnandi á tónleikunum er Petri Sakari. [pbb@frettabladid.is](mailto:pbb@frettabladid.is)

**STÓR SAGA**

Metsöluskáldsaga um lífið í bandarískum farandsirkus í kreppunni miklu.

SKÁLDSAGNAVERÐLAUN  
COSMOPOLITAN

„Sannkallaður gimsteinn.“  
DENVER POST

**1. SÆTI**  
METSÖLULISTI  
NEW YORK TIMES

SARA GRUEN

JPV  
JPV ÚTGAFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)





# Allt að verða **uppselt!**



„Mígandi drepfyndið“ **GEJ, RÚV**

„Hló í gegnum allt verkið“ **MSR, Morgunblaðið**

„Hvergi er farið af sporinu og aldrei hægt á ferðinni... Öryggið skín af leikhópnum... stórleikurum grínistastéttarinnar... kostulegur...“  
**AP, 24 stundir**

„Hlógu menn bara og hlógu... ætlar enn að hitta í mark með þessari sýningu“ **JVJ, DV**

„Massasýning... Það er náðargáfa að kunna kómedíu... Sigurganga farsa er smit...“  
**PBB, Fréttablaðið**



„Þetta er leiksýning sem nú á erindi við alla þjóðina... Nú þurfum við skáld eins og Ólaf Hauk Símonarson, mannvin og hómorista sem kann að segja okkur spaugilegar sögur af íslensku hversdagsfólki... eins og hann gerist bestur“  
**JVJ, DV**

„Mjög skemmtileg sýning og ótrúlega vel heppnuð. Það er frábær hugmynd fyrir fjölskyldur að fara saman á Fólkið í blokkinni.“  
**ÁÁ, Rás 2**

„Óli með hjarta svo heitt... fantagóð...“  
**MK, Morgunblaðið**

## Sala á sýningar í **desember** er hafin



Kolsvört kómedía um glataðar sálir eftir Martin McDonagh, í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar.

Frumstýnt 7. nóvember.



Getur ástin fyrirgefið allt?

Síðustu sýningar á mögnuðu verki Þórdísar Elvu Bachmann. Aukasýning 22/10, aðrar sýningar uppseldar.



„Þetta er einfaldlega frábær sýning fyrir alla fjölskylduna“ **VÞ, Fréttablaðið**

Síðustu sýningar 19/10 og 26/20. Laus sæti.



„Dýrleg leikhúsreynsla“ **SA, TMM**  
„Ekki missa af Dauðasýndunum“  
**PBB, Fréttablaðið**

Örfáar aukasýningar í nóvember.

## Sýningin þín er í **Borgarleikhúsinu**



**Síðustu dagar kortasölnunnar!**  
Aldrei hafa fleiri tryggð sér áskriftarkort

Miðasala er í síma **568 8000**  
og á **borgarleikhús.is**



**Borgarleikhúsið**



ICELAND AIRWAVES: DAGUR 3

# Sænsk fjölskylda snýr hausum

Á Tunglið er vissara að mæta í léttum klæðnaði sem þolir bleytu í kvöld. Gestir geta nefnilega átt von á þéttri svitakeyrslu fram undir morgun.



JOHAN T. KARLSSON Í FAMILJEN

Hryggjarstykki kvöldsins eru tónleikar sænsku rafpoppssveitarinnar Familjen. Sveitin hefur verið vinsæl upp á síðkastið með titillag fyrstu plötu sinnar, „Det snurrar í min skalle“ („Það hringsnýst allt í höfðinu á mér“).

Bandið er Johan T Karlsson og hann hefur vin sinn með á sviði til

að tryggja hámarksstuð. Johan syngur öll lögin sín á sænsku. Tónlistin er geysihressst rafstuðspopp, melódískt og nútímalegt, jákvætt og ferskt. Familjen fer á svið kl. 22.15.

Kvöldið hefst á BB & Blake kl. 20, en síðastur á svið er danski stuðboltinn Kasper Björke. Þarna á milli spila Bloodgroup, Nordpolen frá Svíþjóð, Familjen, Gus með læfset, Þjóðverjinn Michael Mayer og dj-sett frá enska stuðbandinu Simian Mobile Disco.

## MEIRA GOTT Í KVÖLD

Hjaltalín mun frumflytja þrjú ný lög á Listasafninu og einnig spila slagarana sína. Þau fara á svið kl. 23.00 og skemmtilegur leynigetur kikir við.

Innan um sallaflin íslensku bönd á Nasa leynast tvö góð erlend. Breska spassabandið **These New Puritans** mætir á svið kl. 23 og bandaríska skroggpönskveitin **White Denim** kemur í kjölfarið. Í lóðnó líkur kanadíska sveitin **Final Fantasy** listrænu kvöldi með fiðluknúnu gæðapoppi.

# Íslenskt ofurkvöld

Iceland Airwaves-hátíðin rann af stað með stæl á miðvikudagskvöldið. Allir staðir fullir. Sú nýbreytni var tekin upp í ár að láta nokkrar af heitustu íslensku sveitunum spila tvisvar á hátíðinni. Miðvikudagskvöldið var 99 prósent íslenskt. Þess vegna var hægt að sjá margar af bestu hljómsveitum Íslands það kvöld og flestar spila þær aftur áður en hátíðinni er lokið.



ROKKAÐ Á AIRWAVES Hljómsveitin Múgsefjun var ein þeirra sem spiluðu á Airwaves á miðvikudagskvöldið. Hápunktar þess kvölds voru tónleikar Retro Stefson og Reykjavík!

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Ég hóf kvöldið með því að kíkja á Morðingjana sem spiluðu á Kimi-kvöldi á Tunglinu. Þeir gáfu lítið eftir í pönk-keyrslunni, en krafturinn hefði eflaust skilað sér enn betur ef þeir hefðu verið á dagskrá seinna um kvöldið þegar staðurinn var orðinn pakkaður. Á Nasa var kvöldið undir merkjum breska rokkbláðsins Kerrang! Þar náðu stelpurnar (og strákurinn á trommunum) í Vicky, sem áður hét Vicky Pollard upp góðri stemningu. Þær voru í glam-rokk búningum og Eygló söngkona hélt athygli áhorfenda með skemmtilegum kynningum. Þetta er ágætlega þétt rokkband með frábæran trommara, en tónlistin er kannski aðeins of einhæf til að skora mjög hátt. Skemmtilegt samt. Innlifun og spilagleði einkennði síðustu lög Borkós á Tunglinu og Benni Hemm Hemm stóð sig ágætlega, en meðlimir úr Ungfóníunni spiluðu með honum.

Á Grapewine-kvöldinu á Organ voru meðlimir <3 Svanhvítar í búningum sem minntu á Dýrin í Hálsaskógi. Hress sveit og skemmtileg, en hefur ekki þróað mikið frá því að hún spilaði á hátíðinni í fyrra. Hjaltalín stóð vel fyrir sínu á Tunglinu, en vanda málið er bara að maður er búinn að heyrja þessi lög svo oft. Nýja lagið á dagskránni var hins vegar frábært og kveikti þorstann eftir eðalsveit. Ég ákvað að halda mig á Tunglinu það sem eftir var kvölds og sá ekki eftir því.

Retro Stefson olli mér nokkrum vonbrigðum þegar hún spilaði á hátíðinni í fyrra. Bandið hefur hins vegar greinilega ekki setið auðum höndum síðan og gjörsamlega fór á kostum á Tunglinu á miðvikudagskvöldið. Kraftur og gleði einkennði sveitina sem náði upp frábærri stemningu. Þau byrjuðu á Medallion

og tóku svo hvern smellinn á fætur öðrum, Luna, Papa Paulo III, Salvatore, Montana ... Tónlist Retro Stefson er sérstaklega fjölbreytt og sveitin er orðin gríðarlega vel smurð tónleikamaskína. Það voru svo rokkduddarnir í Reykjavík! sem kláruðu kvöldið. Þeir byrjuðu á því að fá viðstadda til að syngja Ísland ögrum skorið til heiðurs útrásarvíkingunum og íslensku viðskiptaviti, en keyrðu svo af stað í sína hefðbundnu hávaðakeyrslu. Þeir voru pirraðir yfir efnahgshruninu, en virkjuðu þann pírning og veittu orkuni beint í rokkið. Sennilega öflugasta íslenska rokkbandið í dag. Fullkominn endir á fínu kvöldi. Bankahvelfingarnar eru kannski tómar, en það er nóg innistæða í íslensku tónlistarlífi.

Hápunktar: Retro Stefson og Reykjavík!

Trausti Júlíusson

NÝTT Í BIÓ!
NÝTT Í BIÓ!

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	
MAX PAYNE	kl. 5.45D - 8D - 10.15D	16	
MAX PAYNE LUXUS	kl. 5.45D - 8D - 10.15D	16	
HOUSE BUNNY	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L	
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14	
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.15	16	
MAMMA MIA	kl. 5.30	L	
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 3.45	L	
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.45	L	
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 3.45	L	
<b>ÓDÝRT Í BIÓ!</b>			
BANGKOK DANGER	kl. 5.30 - 8 - 10.20	16	
HOUSE BUNNY	kl. 6 - 8.20 - 10.30	L	
BURN AFTER READING	kl. 8 - 10.30	16	
PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	16	
STEP BROTHERS	kl. 5.45	12	
RAFMOGNUM REYKJAVÍK	kl. 5.30 - 6.45	L	

**HÁSKÓLA BIÓ** SÍMI 530 1919

THE WOMEN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L	
MAX PAYNE	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16	
HAMLET 2	kl. 10.15	7	
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.40 - 8 - 10.10	14	
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8	L	

**BORGAR BIÓ** SÍMI 462 3500

MAX PAYNE	kl. 8 - 10*	16	
HOUSE BUNNY	kl. 6 - 10	L	
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 8	14	
SKJALDBAKAN & HÉRINN	kl. 6	L	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BIÓMIÐANN Á [midi.is](http://midi.is)

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BIÓMIÐANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Nýtt í bió
LAUGARAS BIÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR	
THE WOMEN	kl. 5.50, 8 og 10.10
SKJALDBAKAN OG HÉRINN	kl. 4 og 6 (650 kr.) - ISL. TAL
RIGHTEOUS KILL	kl. 6, 8 og 10
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 8 og 10
LUKKU LÁKI - Isl. Tal	kl. 4 (650 kr.)
MAMMA MIA	kl. 4

SAMBÍÓN

SAMBÍÓN ALFABAKKA		SAMBÍÓN SELFOSS	
SEX DRIVE	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.20	12	
SEX DRIVE	kl. 8 - 10.20	VIP	
MAX PAYNE	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	16	
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L	
PATHOLOGY	kl. 8 - 10.20	16	
WILD CHILD	kl. 8	L	
GEIMAPARNIR m/isl. tali	kl. 4	L	
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 3.40 - 5.50	L	
TROPIC THUNDER	kl. 10.20	16	
SVEITA BRÚDKAUP	kl. 5.50	L	
SEX DRIVE	kl. 6 - 8.10 - 10.30	12	
NIGHTS IN RODANTHE	kl. 5.50 - 8.10	L	
HAPPY GO LUCKY	kl. 8	12	
QUEEN RAQUELA	kl. 10.20D	12	
DEATH RACE	kl. 10.20	16	
JOURNEY 3D DIGITAL 3D	kl. 3.50 - 6	L	
WILD CHILD	kl. 3.50	L	
GEIMAPARNIR m/isl. tali	kl. 4	L	
SEX DRIVE	kl. 6 - 8 - 10	12	
GEIMAPARNIR m/isl. tali	kl. 6	L	
RIGHTEOUS KILL	kl. 8	16	
PATHOLOGY	kl. 10	16	
SEX DRIVE	kl. 8 - 10.10	12	
SMART PEOPLE	kl. 8	L	
BURN AFTER READING	kl. 10	16	
GEIMAPARNIR m/isl. tali	kl. 6	L	
SKJALDB. OG HÉRINN isl. tali	kl. 6	L	

**SparBió 550kr**  
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNUGULU

SparBió föstudag

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á [midi.is](http://midi.is)  
www.osk.is stendur fyrir sýningunni.

# SYNGDU MEÐ

TEKJUHÆSTA MYND ALLRA TÍMA

## ALLRA SÍÐASTA SÖNGSÝNING

# MAMMA MIA!

THE MOVIE

18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MED FULLORÐNUM VEITINGASALA OPIN

Á MORGUN 18. OKTÓBER KL. 20.30





**ROTTWEILER-HUNDAR Á NÝJUM BOLUM** Rapparnir segja Gordon Brown mann sem hljóti að vera með vel mörblandaðan haggis á heilaberkinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Brown fær á baukinn hjá Rottweiler

Rottweilerhundar eru ósáttir við lýðskrum Gordons Brown, forsætisráðherra Breta. Þeir láta skoðanir sínar í ljós á stuttermabolum.

„Skilaboðin eru einföld. Í sínu lýðskrumi ræðst Gordon Brown á dvergrikið Ísland. Maðurinn hljómar eins og hann sé með skoska blóðpylsu, vel mörblandaða, á heilaberkinum,“ segir Erpur Eyvindarson forspraki rappsveitarinnar Rottweilerhunda.

Þeir Rottweiler-drengir hafa nú látið framleiða fyrir sig boli þar sem má sjá Gordon Brown forsætisráðherra Englands og áletrunina: „This is your brain on haggis!“ Haggis er skoskt slátur en Brown á ættir að rekja til Skotlands. Erpur segir áletrunina vísun til frægrar auglýsingar

gegn eiturlyfjum. Þar sem segir: „This is your brain on drugs!“ og með er mynd af eggi sem er að steikjast á pönnu.

„Við erum samviska þjóðarinnar, menn fólksins og raunsæismenn. Við sjúgum í okkur áhrifin. Og kvittum upp á það sem við erum sammála. Af nógu er að taka,“ segir Erpur. Þó að Brown sé í skotlínu hinna samfélagslegu Rottweiler-hunda þýðir það ekki að ráðamenn íslenskir séu einhverjir augnakarlar í herbúðum rapparanna nema síður sé. Erpur fordæmir sofandahátt þeirra í aðdraganda hruns á fjármálamarkaði sem og í samskiptum þeirra við Breta. „Það eru algjörir sauðir sem stjórna landinu. Á bullandi slátri. Það er mör á heilaberki þeirra. Ég keypti slátur í gær og sá þá eitthvað ægilegt mördrasl. Og það fyrsta sem mér datt í hug voru þeir Geir Haarde og Davíð. Í alvöru,“ segir Erpur rappari.

[jakob@frettabladid.is](mailto:jakob@frettabladid.is)

# Sling veldur flogaveiki

Hljómsveitin Singapore Sling býður í dag til hlustunarteitis á nýju plötu sinni „Perversion, Desperation and Death“ í Gallery Lost Horse, Skólastræti, á milli kl. 18-20. Einnig verður sýnt myndband Þjóðverjans Uli Schuppel við lagið „Godman“, en það var bannað á MTV-Europe.

Myndbandið hafði verið valið ásamt öðrum íslenskum myndböndum til að vera sýnt í þættinum 120 minutes á MTV en féll á svokölluðu Harding-prófi sem ætlað er til að vernda flogaveika frá því að skaðast af sjónvarps-efni.

Leikstjórinn hreifst af hljómsveitinni og bauðst til að vinna að myndbandinu frítt. Hann kom



**FLOGAVEIKT ROKK** Meðlimir Singapore Sling kynna nýja plötu sína í dag. Sveitin spilar á Airwaves á laugardagskvöldið.

Því til Íslands á seinasta ári og tók myndbandið við Þingvallavatn.

Singapore Sling spilar svo á Nasa kl. 21.30 á laugardagskvöldið.

# Forsala hafin á James Bond

Forsala á nýjustu James Bond-myndina, Quantum of Solace, er hafin hér á landi á heimasíðunni [midi.is](http://midi.is). Myndin verður frumsýnd 7. nóvember og bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu. Alls sáu 55 þúsund Íslendingar síðustu Bond-mynd, Casino Royale. Quantum of Solace er beint framhald af Casino Royale og er þetta í fyrsta sinn sem sá háttur er hafður á hjá framleiðendum seríunnar. Hefst myndin örfáum mínútum eftir að Casino Royale lýkur, með yfirheyrslu Bond og M á Mr. White.

- drg

- fb

Eftir höfund Við enda hringins

Alþjóðleg glæpasaga með sögumiðju í sjálfu Reykholti í Borgarfirði.

„Óviðjafnanlegt ævintýri, spennusaga þar sem farið er út fyrir ystu mörk.“

DENVER POST

HVAÐ FALDI SNORRI Á ÞINGVÖLLUM?

JPLV  
JPLV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

# Fyrsta afrek dagsins er góður morgunverður

Til að eiga möguleika á góðum árangri, jafnt í námi sem íþróttum, verð ég ávallt að hefja daginn með næringarríku morgunverði. Ég ætla mér að halda áfram að keppa að góðum árangri. Þess vegna fæ ég mér Kellogg's Special K í morgunverð til að tryggja að ég fái orku, góða næringu og auðvitað lífsnauðsynleg vítamín og steinefni. Ég mæli með því að þú gerir það líka.



## Ég hlakka til ...

...haustsins þegar lífið kemst í fastar skorður á ný. Ég sest á skólabeck og nýr kafli tekur við hjá mér. En eitt breytist ekki – ég fæ mér alltaf Kellogg's Special K á morgnana.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona



[specialk.is](http://specialk.is)



## >Tveir nýliðar í Írlandshópnum

Fandís Friðriksdóttir úr Breiðabliki og Þórunn Helga Jónsdóttir úr KR eru nýliðar í 23 manna landsliðshópi Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar fyrir leikina á móti Írlandi. Markverðir eru María B. Ágústsdóttir (KR), Sandra Sigurðardóttir (Stjörnunni) og Guðbjörg Gunnarsdóttir (Val). Aðrir leikmenn eru Edda Garðarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Ólína Guðbjörg Víðarsdóttir, Katrín Ómarsdóttir og Embla Sigríður Grétarsdóttir (KR), Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Víðarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Ásta Árnadóttir, Sif Atladóttir, Málfríður Sigurðardóttir og Hallbera Gísla-dóttir (Val), Sara Björk Gunnarsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir (Breiðabliki), Dóra Stefánsdóttir (LdB Malmö), Erla Steina Arnardóttir (Kristianstad) og Rakel Hönnudóttir (Pór/KA).

**sport**  
sport@frettabladid.is



## SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON: VALDI TVO NÝLIÐA Í 23 MANNA HÓP FYRIR ÍRLANDSLEIKINA

# Velur markmanninn ekki fyrr en á síðustu stundu

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, valdi í gær myndarlegan hóp fyrir umspilsleikina tvo á móti Írum í næstu viku. Hann velur 23 leikmenn og tók inn tvo markmenn í stað Þóru Bjargar Helgadóttur sem getur ekki tekið þátt í leikjunum vegna veikinda.

„Mér finnst nauðsynlegt að vera með svona stóran hóp. Það er ein í leikbanni, þrjár á gulu spjaldi og hugsanlega ein í viðbót meidd. Liðin eru ekki að æfa þannig að ég vel stóran hóp núna sem myndi þá æfa vel fram yfir þessa tvo leiki og vera jafnframt inni í því sem við erum að gera,“ segir Sigurður Ragnar. „Ég er ánægður með ástandið á hópnum. Þær eru allar heilar nema Guðrún Sóley. Ég gat síðan ekki valið Þóru af því að hún er með einkeringssótt,“ segir Sigurður Ragnar. Guðrún Sóley er ekki byrjuð að æfa og spurning um hana. „Ég er frekar bjartsýnn á að Guðrún Sóley nái að vera með og vona

það. Það væri slæmt að missa hana út,“ segir Sigurður Ragnar. „Við tilkynntum það fyrir tveimur árum að við ætluðum í úrslita-keppnina og nú eru tveir leikir eftir til að ná því markmiði. Við eigum að vera sterkara liðið en við þurfum bara að sýna það og sanna að við séum betri,“ segir þjálfarinn en leikirnir fara fram 26. og 30. október og er síðari leikurinn á Laugardalsvelli. „Ég vona að stelpurnar hafi fundið það eftir Frakkaleikinn hvað liðið er nálægt því að stíga þetta skref. Ég vona að það verði hvatning fyrir þær að gera enn betur í þessum leikjum sem fram undan eru. Þar stíga þær vonandi þetta skref sem allir eru að bíða eftir að þær geri,“ segir Sigurður Ragnar, sem ætlar að spila æfingaleik við strákalið. „Við förum þar yfir það hvernig við viljum spila á móti Írlandi. Það verður fin æfing fyrir okkur og brýtur aðeins upp undirbúninginn,“ segir Sigurður Ragnar sem er ekki búinn að ákveða hver tekur stöðu Þóru í markinu. „Sú ákvörðun verður tekin á síðustu stundu. Það verður bara hörkusamkeppni um markmannsstöðuna sem er mjög jákvætt,“ sagði Sigurður Ragnar.



## ÚRSLIT

### N1-deild karla

Fram-FH 28-28 (15-17)  
**Mörk Fram (skot):** Rúnar Kárasón 15/2 (17/2), Andri Berg Haraldsson 5/1 (10/2), Guðjón Finnur Drengsson 3 (7), Magnús Stefánsson 2 (3), Magnús Einarsson 1 (1), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (1), Brjánn Bjarnason 1 (2), Stefán Baldvin Stefánsson 0 (2), Haraldur Þorvarðarson 0 (2/1).  
**Varin skot:** Magnús G. Erlendsson 10 (19/2, 34%), Davíð Svansson 7 (9, 44%).  
**Hraðauppflaup:** 3 (Rúnar 2, Andri Berg 1).  
**Fiskuð viti:** 5 (Halldór Jóhann 2, Brjánn, Magnús Einarsson, Rúnar). **Útan vallar:** 20 mínútur.  
**Mörk FH (skot):** Ólafur Guðmundsson 12 (18), Aron Pálmason 5 (12), Sigurður Ágústsson 4 (5), Benedikt Kristjánsson 3 (4), Ásbjörn Friðriksson 3/2 (5/2), Þorkell Magnússon 1 (3), Ari Þorgeirsson 0 (1), Jón Helgi Jónsson 0 (2).  
**Varin skot:** Daniel Andrésson 9/2 (19/2, 32%), Mangús Sigmundsson 5 (9/1, 36%).  
**Hraðauppflaup:** 5 (Ólafur 2, Sigurður, Benedikt, Þorkell). **Fiskuð viti:** 2 (Sigurður, Aron).  
**Útan vallar:** 8 mínútur.  
**Dómarar:** Gunnar Jarl Jónsson og Hörður Aðalsteinsson, áttu ekki góðan dag.  
HK-Stjarnan 26-29

### Iceland Express-deild karla

KR-ÍR 94-79 (52-40)  
Stíg KR: Jason Dourisseau 26 (8 stoðs.), Jakob Sigurðarson 24 (6 stoðs.), Helgi Már Magnússon 11, Darri Hilmarrson 6, Fannar Ólafsson 6, Hjalti Kristjánsson 6, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Baldur Ólafsson 2, Ólafur Már Ægisson 2, Jón Arnór Stefánsson 1.  
Stíg ÍR: Þorsteinn Húnfjörð 18 (7 frák.), Sveinbjörn Claessen 18 (7 frák.), Hreggviður Magnússon 14, Ómar Sævarsson 8 (8 frák.), Sigurður Tómasson 7, Ólafur Aron Ingvason 5, Eiríkur Ónundarson 5 (7 stoðs.), Ólafur Þórisson 2, Davíð Þór Frittsón 2.  
Grindavík-Stjarnan 110-109 (48-42, 98-89)  
Stíg Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 39, Brenton Birmingham 18, Þorleifur Ólafsson 14, Helgi Jónas Guðfinnsson 13, Páll Kristjánsson 13, Guðlaugur Eyjólfsson 6, Morten Szmedowicz 4, Nökkvi Már Jónsson 2, Arnar Freyr Jónsson 1.  
Stíg Stjörnunna: Justin Shouse 47, Jovan Zdravovski 18, Fannar Helgason 17, Birkir Guðlaugsson 9, Kjartan Kjartansson 7, Ólafur Sigurðsson 7, Guðjón Lárusson 4.  
FSu-Njarðvík 103-78 (55-40)  
Stíg FSu: Sævar Sigurmundsson 29, Tyler Dunway 19, Árni Ragnarsson 18, Vésteinn Sveinsson 16, Björgvin Valentínsson 13, Chris Caird 6, Nick Mabbutt 2.  
Stíg Njarðvíkur: Logi Gunnarsson 19, Slobodan Subasic 17, Friðrik Stefánsson 15, Hjörtur Þór Einarsson 14, Sævar Sævarsson 11, Sigurður Gunnarsson 2.

# Meiðsli Jóns stöðvuðu ekki KR

KR-ingar unnu 15 stiga sigur á ÍR-ingum þrátt fyrir meiðsli Jóns Arnórs Stefánssonar. Nýliðar FSu komu á óvart og unnu 25 stiga sigur á Njarðvík í sínum fyrsta leik í úrvalsdeild. Sævar Sigurmundsson átti stórleik.

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar byrjuðu Iceland Express-deild karla með 15 stiga sigri á ÍR-ingum, 94-79, í DHL-höllinni í gær en Breiðhylltingar létu þó ekki vesturbæinga vaða yfir sig eins og í fyrri leikjum liðanna í haust.

KR var með frumkvæðið allan tímann en baráttuglatt ÍR-lið gafst aldrei upp og átti nokkrar góðar endurkomur í leiknum. KR-liðið var nánast án Jóns Arnórs Stefánssonar í hans fyrsta deildarleik á Íslandi í sex ár þar sem kappinn glímdi við bakmeiðsli og gat lítið beitt sér.

„Við höfum oft spilað betur og ég tel að við eigum mikið inni. Þetta var svona dæmigerður fyrsti leikur á tímabilinu, við pressuðum en það tekur tíma að slípa hana og venjast því. Það er margt sem við getum lagað en það er margt sem var líka mjög gott,“ sagði KR-ingurinn Jakob Örn Sigurðarson, eftir leik.

Jakob átti frábæran fyrri hálfleik (18 stig, 5 stoðsendingar) og endaði leikinn með 24 stig og 6 stoðsendingar. KR-ingar þáðu hans framlag með þökkum, ekki síst þar sem að Jón Arnór var óþekktanlegur með aðeins með 1



STÓRLEIKUR Sævar Sigurmundsson átti frábæran leik með FSu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



MIKILVÆGUR Jakob Örn Sigurðarson var mikilvægur fyrir KR í forföllum Jóns Arnórs Stefánssonar í sínum fyrsta leik í úrvalsdeild. Hér skorar hann í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

stig á sársaukafullum fimmtán mínútum.

„Það er mjög gaman að byrja svona vel í KR-búningnum og ekki síst fyrir framan stuðningsmennina og miðjuna,“ sagði Jakob sem kunnir vel við það að heyrja lög úr stúkunn. „Það var mjög skemmtilegt að heyrja einhver lög um sig,“ sagði Jakob og hann veit að það gæti orðið erfitt að standast vænt-

ingarnar sem eru til liðsins. „Það er búist við mjög miklu af okkur en þetta verður ekkert auðvelt í vetur eins og sást í dag. Við erum bara ánægðir með að fyrsti sigurinn sé kominn í hús.“

Jakob var besti maður KR ásamt Jason Dourisseau sem var með 26 stig og 8 stoðsendingar.

ÍR-ingar bitu frá sér í gær og sýndu allt annan og betri leik

heldur en í síðustu tveimur leikjum á móti KR. Jón Arnar Ingvarsson, þjálfari liðsins sá líka jákvæða hluti í leik liðsins.

„Þeir eru með rosalega sterkt lið en ég er nokkuð ánægður með mína menn. Við gerðum það sem við lögðum upp með og sýndum líka að menn hafa trú á því sem þeir eru að gera. Við vorum alltof linir í þessum leikjum sem við spiluðum á móti KR í haust en núna mættum við með rétt hugafer, létum þá aðeins hafa fyrir þessu og tókum á þeim af fullum krafti. Það var margt jákvætt í þessu og mikilvægt að við náum að byggja á þessu. Þetta skilaði okkur engu í dag en þetta gefur von um að það sé hægt að gera góða hluti,“ sagði Jón Arnar.

Hreggviður Magnússon (14 stig á 18 mínútum) átti góða innkomu í sínum fyrsta leik eftir meiðsli sem og Ólafur Aron Ingvason en bestu menn liðsins voru Þorsteinn Húnfjörð og Sveinbjörn Claessen.

Nýliðar FSu unnu glæsilegan 25 stiga sigur á Njarðvík, 103-78, í sínum fyrsta leik í úrvalsdeild. Sævar Sigurmundsson átti frábæran leik en hann var með 29 stig, 8 fráköst og 3 stoðsendingar í gær en þá léku bakverðirnir efnilegu Árni Ragnarsson (18 stig, 10 fráköst og 5 stoðsendingar) og Vésteinn Sveinsson (16 stig, 4 stoðsendingar) einnig mjög vel. Brynjar Karl Sigurðsson er greinilega gera flotta hluti með hið unga lið FSu eins og Njarðvíkingar fengu að kynna í Íðunni í gær.

Grindvíkingar komust í hann krappan á heimavelli gegn Stjörnunni en unnu að lokum 110-109 sigur eftir framlenging. Páll Axel Vilbergsson átti stórleik og var með 39 stig og 15 fráköst.

ooj@frettabladid.is

Nýliðar FH gerðu jafntefli gegn Fram, 28-28, í skemmtilegum handboltaleik:

# Enn koma FH-ingar á óvart

**HANDBOLTI** Fram og FH skildu jöfn, 28-28, í bráðfjörugum leik í Framhúsinu í Safamýrinni í gærkvöldi.

Gestirnir í FH byrjuðu leikinn af miklum krafti og náðu fljótt fjögurra marka forskoti, 2-6. Framarar lögðu mikið kapp á að stöðva hinn unga og efnilega Aron Pálmason en voru minntir harkalega á að FH á fleiri unga og efnilega leikmenn. Ólafur Guðmundsson er einn þeirra og hann var með skotsýningu á fyrsta stundarfjórðungnum þegar hann skoraði sjö mörk úr sjö skotum og sá til þess að FH var alltaf skrefinu á undan. FH hafði enn fjögurra marka forskot, 10-14, þegar rúmar tuttugu mínútur voru búnar af hálfleiknum. Þá tóku Framarar við sér og náðu að laga stöðuna í 15-17 þegar flautað var til hálfleiks.

Seinni hálfleikur var hnífjafn þar sem baráttan var í algleymsi og

hvorugt liðið gaf tommu eftir. Framarar náðu að jafna leikinn mjög fljótt og komust svo yfir í fyrsta skiptið í leiknum þegar rúmur stundarfjórðungur lifði leiks. Lokamínútur leiksins voru æsispennandi og stemningin í Framhúsinu frábær. Aron kom FH í 27-28 þegar um þrjár mínútur voru eftir en Rúnar Kárasón jafnaði fyrir Fram mínútu síðar, 28-28, með sínu fimmtánda marki í leiknum. Hvorugu liðinu tókst að skora á síðustu tveimur mínútnum og niðurstaðan því jafntefli.

„Ég er mjög ánægður með að við tókum stig sem flestir reiknuðu ekki með því að við myndum taka fyrir mótið og við erum að læra með hverjum leik,“ segir Elvar Erlingsson, þjálfari FH. Viggó Sigurðsson, þjálfari Fram, vildi ekki gefa Fréttablaðinu viðtal eftir leikinn.



FRÁBÆR Stórleikur Rúnar Kárasónar, sem skoraði fimmtán mörk, dugði Fram ekki til sigurs í gærkvöldi.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frítt í Smáranum í kvöld!

Kópavogsbær og körfuknattleiksdeild Breiðabliks bjóða Kópavogsbúum og körfuknattleiksunnendum á leik Breiðabliks og Skallagríms sem fram fer í Smáranum í kvöld kl. 19:15

Fyrir leikinn mun Gunnar Birgisson bæjarstjóri Kópavogs vígja nýtt glæsilegt gólf í Smáranum.

Komdu og sjáðu spennandi leik!





# ÞÖKKUM MÓTTÖKURNAR STÚTFULL BÚÐ AF HEITUM TILBOÐUM



**20%  
AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM CREATIVE  
VÖRUM AÐEINS  
ÞESSA HELGI

**NÝ  
VERSLUN**  
HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG  
GLÆSILEGA VERLSUN Í  
BORGARTÚNI 31



**MP3 SPILARAR**  
20% AF ÖLLUM MP3 SPILURUM

CREATIVE®



**HLJÓÐKORT**  
20% AF ÖLLUM HLJÓÐKORTUM

CREATIVE®



**HÁTALARAR**  
20% AF ÖLLUM CREATIVE HÁTÖLURUM

**20%  
AFSLÁTTUR**  
AÐEINS ÞESSA  
HELGI



# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

OPNUNARTÍMAR

**FÖSTUDAG**

10:00 - 18:30

**LAUGARDAG**

11:00 - 16:00

Þiti með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrenni



## > David Spade

„Að vera frægur og peningalaus er skelfilegt.“ David Spade hóf feril sinn sem uppstandari en varð frægur árið 1990 þegar hann byrjaði að vinna við Saturday Night Live þættina. Sjónvarpið sýnir í kvöld gamanmyndina Barnastjarnan (Dickie Roberts: Former Child Star) þar sem Spade leikur aðalhlutverkið.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON PRÁIR SÁLARRÓ BLAÐAMANNAFUNDUR!!

Þekktur breskur félagsfræðingur likti sjúklegum áhuga almennings á raunveruleikasjónvarpi við bílslys. Mannskepnan hefði tilhneigingu til þess að horfa á eitthvað sem hún vildi samt alls ekkert verða vitni að. Sem útskýrir eflaust vinsældir hrollvekjumynda og October Road.

Eflaust liður flestum Íslendingum þannig um þess- ar mundir. Eins og að þeir hafi verið að keyra framhjá sama bílslysnu undanfarnar þrjár vikur.

Stöðugur fréttáflutningur af efnahagsþrengingum, gjaldþrotum og gjalddeyrisstorti, að ekki sé nú talað um sveltandi Íslendinga í útlöndum, er farið að hafa slík áhrif að maður forðast fréttir í lengstu lög. Sjón- varpsfréttir eru boðberar válegra tíðinda og í hvert skipti sem maður heyrir upphafsstef kvöldfréttanna tekur hjartað aukakipp. Og maður býst við hinu versta. Andar svo léttar þegar maður áttar sig á því að helsta fréttin er sú að krónan er verðlausari í dag en í gær. „Nú verður verðbólgan ekki nema 75 prósent, það er nú ekki neitt,“ segir maður



**SAKLAUS BLAÐAMANNAFUNDUR** Mikið var nú gaman þegar Domingo hélt blaðamannafund. Þá mættu bara nokkrar blaðamannssálir og óperunn- endur með stjörnu í augunum.

sigrí hrósandi yfir því að enn skuli ekki hafa brotist út borgarastyrjöld eins og í öðrum vanþróuðum ríkjum.

En átökin í sálarlífinu eru orðin svo mikil að maður hrekkur í kút þegar lögreglan í Reykjavík boðar til blaðamannafundar. Fer að gera sér alls konar grillur í kollinum. Skyldi ástandið vera orðið svo slæmt að nú hafi verið sett herlög? Jafnvel útgöngubann í Reykja- vík? Eða tókst að koma í veg fyrir hryðjuverk í Seðla- bankanum? Væru geimverur kannski lentar loksins á Snæfellsjökli? En auðvitað kom í ljós að laganna verði hefðu haft hendur í hári nokkurra fíkniefnabarána sem höfðu orðið uppvisir að framleiðslu eiturlyfja.

Og manni varð hálfleitt. Orðið „blaðamannafundur“ er nefnilega að verða eins og orðið „sprenjia“ hjá Ameríkönum. Eflaust fer að koma að því að menn hrópi „blaðamannafundur!“ og menn ærast af hræðslu. Orðið verður að öllum líkindum bannað í flugvélum Ícelandair og Iceland Express um stundarsakir til að koma í veg fyrir múgæsing í háloftunum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.20 Friday Night Lights** SKJÁREINN



▶ **20.00 It's a Boy Girl Thing** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 Útvarp** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45 Skins** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.45 Ríkið** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)  
**17.20 Táknmálsfréttir**  
**17.25 Matta föstra og imynduðu vin- irnir hennar** (56:65)  
**17.47 Snillingarnir** (53:54)  
**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (24:41)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**

▶ **20.15 Útvarp** Í þessum þætti eigast við lið Akureyrar og Fjallabyggðar. Sigmar Guð- mundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þætti- num. Dómarar og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Barnastjarnan** (Dickie Roberts: Former Child Star) Bandarísk bíómynd frá 2003. Dickie, fyrrverandi barnastjarna á fer- tugsaldri, ræður sér fósturfjölskyldu svo að hann fái að upplifa æskuna sem hann aldrei átti. Aðalhlutverk: David Spade, Mary McCormack, Craig Bierko og Alyssa Milano.

**22.55 Kongó** (Congo) Bandarísk bíó- mynd frá 1995. Könnunarferð inn í myrkviði Afríku endar með ósköpum og annar leið- angur er sendur til að athuga hvað fór úr- skeiðis. Aðalhlutverk: Laura Linney, Dylan Walsh, Ernie Hudson og Tim Curry.

**00.40 Góðan dag, nótt** (Buongiorno, notte) Ítölsk bíómynd frá 2003. Hér er ránið og morðið á Aldo Moro, formanni Kristilega demókrataflokkans, árið 1978 séð með augum eins ársármannanna í Rauðu herdeildunum. Aðalhlutverk: Maya Sansa og Luigi Lo Cascio. (e)

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ

**08.00 La vie après l'amour**  
**10.00 Inspector Gadget**  
**12.00 Jersey Girl**  
**14.00 La vie après l'amour**  
**16.00 Inspector Gadget**  
**18.00 Jersey Girl**  
▶ **20.00 It's a Boy Girl Thing** Nell og Woody eru nágrannar og jafnframt svamir óvinir. Einn morgunninn þegar þau vakna hafa þau skipt um líkama.  
**22.00 Lords of Dogtown**  
**00.00 Crimson Rivers 2: Angels of the Apocalypse**  
**02.00 Back in the Day**  
**04.00 Lords of Dogtown**  
**06.00 Raise Your Voice**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítn- ir foreldrar, Dynkur smáebla, Louie, Tommi og Jenni og Kallí kanína og félagar.

**08.15 Oprah**  
**08.55 Í fínu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 La Fea Más Bella** (172:300)  
**10.15 Grey's Anatomy** (17:36)  
**11.15 The Moment of Truth** (3:25)  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.35 Neighbours**  
**13.00 Forboðin feðurð** (55:114)  
**13.45 Forboðin feðurð** (56:114)  
**14.35 Meistarinn** (3:15)  
**15.25 Bestu Strákarnir** (12:50)  
**16.00 A.T.O.M.**  
**16.23 Bratz**  
**16.48 Nornafélagið**  
**17.08 Jóláævintýri Scooby Doo**  
**17.33 Bold and the Beautiful**  
**17.58 Neighbours**  
**18.23 Markaðurinn og veður**  
**18.30 Fréttir**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.17 Veður**  
**19.35 The Simpsons** (14:22)  
**20.00 Logi í beinni**

▶ **20.45 Ríkið** (8:10) Nýstárlegur sketsa- þáttur sem gerist á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt; húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstak- lega fólkíð.

**21.15 Beauty and The Geek** (12:13) Fjórði hópur nördra og feðurðardísa er mætt- ur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða þar skákar hinum í hinni víðfrægu kaensku- og krúttkeppni.

**22.00 Happy Endings** Hressileg og fersk gamanmynd sem fléttar saman nokkr- ar sögur en allar byrja á því að kvikmynda- gerðarmaður hyggst gera heimildarmynd og í leiðinni kynnist hann ýmsum afar skrautleg- um karakterum. Aðalhlutverk: Með aðalhlut- verk fara Lisa Kudrow, Tom Arnold og Magg- ie Gyllenhaal.

**00.10 Four Minutes**  
**01.40 Hot Shots!**  
**03.05 Imaginary Heroes**  
**05.05 Ríkið** (8:10)  
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**17.45 Utan vallar með Vodafone**  
**18.35 Inside the PGA**  
**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.  
**19.30 Spænski boltinn** Fréttabáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.  
**20.00 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir.  
**20.30 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar.  
**21.00 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.  
**22.00 UFC Unleashed**  
**23.00 World Series of Poker 2008**  
**23.55 Bardaginn mikli** - Mike Tyson  
**00.50 Formúla 1 2008 - Kína** Útsending frá æfingum liðanna.  
**02.20 F1. Við rásmarkíð** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.  
**03.00 Formúla 1 2008 - Kína** Bein út- sending frá æfingum liðanna.  
**05.45 Formúla 1 2008 - Kína** Bein út- sending frá tímatökunni.

## SPORT 2

enski boltinn

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Chelsea.  
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd.  
**20.50 Premier League World** Nýr þátt- ur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.  
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.  
**21.50 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildar- innar.  
**22.20 PL Classic Matches** Blackburn - Norwich, 1992  
**22.50 Premier League Preview**  
**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Manchester City og Liverpool.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**  
**07.15 Rachael Ray** (e)  
**08.00 Dr. Phil** (e)  
**08.45 Game tívi** (e)  
**09.15 Vörutorg**  
**10.15 Óstöðvandi tónlist**  
**16.20 Vörutorg**  
**17.20 America's Funniest Home Videos** (e)  
**17.45 Dr. Phil**  
**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.  
▶ **19.20 Friday Night Lights** (e) Drama- tísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótballaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.  
**20.10 Charmed** (5:22) Bandarískir þætti- ir um þrjár fagar og kynngimagnaðar örlaganormir.  
**21.00 Singing Bee** (5:11) Að þessu sinni etja Vífílfell og VÍF kappi. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina.  
**22.00 Law & Order** (4:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlög- reglumanna og saksóknara í New York.  
**22.50 The Eleventh Hour** (12:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarps- stöð og eru aðalsöguhetjumar fréttamenn og framleiðslustjórar á fréttaskýringaþætti.  
**23.40 Criss Angel: Mindfreak**  
**00.05 Swingtown** (e)  
**00.55 CSI. Miami** (e)  
**01.45 In Plain Sight** (e)  
**02.35 America's Funniest Home Vid- eos** (e)  
**03.00 America's Funniest Home Vid- eos** (e)  
**03.25 Jay Leno** (e)  
**04.15 Jay Leno** (e)  
**05.05 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.  
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

**PÓLÍTÍK - VIÐSKIPTI - EFNAHAGSMÁL**

**MARKAÐURINN**

**MEÐ BIRNI INGA**

**LAUGARDAGA KL. 11:00 - Í OPINNI DAGSKRÁ**

Samantekt úr þættinum er kl. 18:00.

www.blogg.visir.is/markadurinn



**Í KVÖLD**

**STÖÐ 2 KL. 20.00  
Logi í beinni**

Það er óhætt að segja að tveir spjallþáttakongar leiði saman hesta sína næstkomandi föstudagskvöld, þegar Logi Bergmann fær til sín í beina útsendingu engan annan en Hemma Gunn. Eins og alþjóð veit stýrði Hemmi allra farsælasta spjallþætti sem sögur fara af hér á landi og lumar vafalaust á ófáum sögum frá þeim tíma. Aðrir gestir í þættinum verða rokkstjarnan Magni Ásgeirsson og hljómsveit hans, Á móti sól, og tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm.



**VIÐ MÆLUM MED  
Happy Endings  
Stöð 2 kl. 22.00**

Bandarísk gamanmynd frá árinu 2005 með dramatísku ívafi um ástina, fjölskylduna og órannsakaða vegi lífsins. Kvikmyndagerðarmaður hyggst gera heimildarmynd og í leiðinni kynnist hann ýmsum afar skrautlegum karaktörum. Aðalhlutverk: Lisa Kudrow, Tom Arnold og Maggie Gyllenhaal, Steve Coogan, Jesse Bradford.



**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Tónleikur
- 15.03 Útvarpssagan: Sveigur
- 15.30 Heimsauga
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spégillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnukíkir
- 21.10 Flakk
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

**EXTRA**

**16.00 Hollyoaks** (39:26) Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks** (40:26)

**17.00 Ally McBeal** (17:23)

**17.45 Skins** (7:10)

**18.30 Happy Hour** (10:13)

**19.00 Hollyoaks** (39:26)

**19.30 Hollyoaks** (40:26)

**20.00 Ally McBeal** (17:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**20.45 Skins** (7:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglunga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átroskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem stöðja að unglungum í dag.

**21.30 Happy Hour** (10:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfsefnum og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lífa lífinu.

**22.00 Las Vegas** (15:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spílafíkla, glæpahyski, fjárglæfamegn og aðrar veikgeðja sálir.

**22.45 Prison Break - NÝTT** (3:22)

**23.30 Magick** (2:4)

**23.55 Twenty Four 3** (21:24)

**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

**INN**

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikaskjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, ris og hnigur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kólfína Baldvinsdóttir.

**21.00 Vitleysan** Grínistarnir Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson láta gamminn geysa. Það sannast að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni en hér eru synir Ladda og Karls Ágústssonar mættir til leiks.

**Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

**DR 1**

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Jersild Live 10.35 Aftenshowet 11.00 Aftenshowet med Vejret 11.30 Hvor er vi landet? 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Boogie Listen 15.00 Anna og hormonerne! 15.30 Det kongelige spektakel 15.45 Den lille prinsesse 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Disney Sjov 18.00 Talent 2008 19.00 TV Avisen 19.30 Talent 2008 19.45 Reimers 20.25 Uden hæmninger 22.10 Blindt rasen

**NRK1**

11.00 NRK nyheter 11.05 Jessica Fletcher 12.00 NRK nyheter 12.05 Barmeny 12.30 'Allo, 'Allo! 13.00 NRK nyheter 13.03 Megafon 13.30 Ace Lightning 14.00 NRK nyheter 14.10 Hannah Montana 14.35 Mona Mørk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Newton 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Fraggelene 16.25 En unge til 16.35 Pip 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Beat for beat 18.55 Nytt på nytt 19.25 Grosvold 20.10 Taggart 21.00 Kveldsnytt 21.15 Si at du elsker meg 22.00 Lionel Richie - live i Paris 22.50 Berserk til Valhall 23.20 Kulturmytt

**1\* SVT 1**

10.00 Rapport 10.05 Debatt 10.50 Mitt i naturen 12.10 Cänn 21.30 12.40 Andra Avenyn 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Hannah Montana 14.30 Djursjukhuset 15.00 Disneydags 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturmytterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Doobido 19.00 Robins 19.30 Wedding Crashers 21.35 Morgonsoffan 22.05 Kulturmytterna 22.20 Falsk mördare 23.40 Sändningar från SVT24

# AUÐGAÐU ANDANN ÓKEYPIS

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS BÝÐUR ÞJÓÐINNI Á TÓNLEIKA

Á erfiðum tímum er fátt betra fyrir andann en góð tónlist. Sinfóníur Sibelíusar þykja einhver merki-legustu tónverk sem samin hafa verið á Norðurlöndum. Það er því Sinfóníuhljómsveitinni mikil ánægja að opna dyr sínar og bjóða þjóðinni á tónleika endurgjaldslaust meðan húsrúm leyfir.\*

**TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI  
Í KVÖLD, FÖSTUDAGSKVÖLD KL. 19.30**

Jean Sibelius | Sinfóníur nr. 2 og 4  
Hljómsveitarstjóri | Petri Sakari

**TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI  
LAUGARDAGINN 18. OKT KL. 17.00**

Jean Sibelius | Sinfóníur nr. 5, 6 og 7  
Hljómsveitarstjóri | Petri Sakari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

\*Húsið opnar klukkutíma fyrir tónleika



STOÐIR er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands



## BESTI BITINN Í BÆNUM



„Það er veitingahúsið Gló við Engjateig. Þarna er heilsusamlegur matur, úrvals hráefni og mjög góður andi. Eftir að ég er búin í Rope Yoga fæ ég mér heilsubitann minn þarna.“

Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona.

## Mikil viðbrögð við grein Eiríks í Guardian

„Ég, eins og aðrir Íslendingar, er í áfalli yfir vegna þeirra atburða sem riðið hafa yfir og ekki síður skorti á viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við því að bandalagsþjóð okkar í Nató noti á okkur hryðjuverkalöggjöf. Og síðan með ummælum, sem eru að mínu viti glæpsamleg, hafið áhlaup á Kaupþing, langstærsta fyrirtæki landsins, sem í kjölfarið riðar til falls,“ segir Eiríkur Bergmann stjórnfræðingur.

Eiríkur sendi greinar til bresku blaðanna Guardian og Daily Mail. Þrjár hafa birst og viðbrögðin eru mikil. Ein greinanna – „Frozen out“ – trónir á toppi yfir mest lesnu viðhorfsgreinarnar á netútgáfu Guardian og athuga-

semdir við hana nálgast sjö hundruð. Eiríkur furðar sig á sofandahætti íslenskra stjórnvalda – skollin var á „PR-árás“. „...sem við svörum ekki. Og steinleggjum í Bretlandi.“ Eiríkur reyndi framan af að fylgjast með athugasemdum en gafst upp þegar þær voru orðnar um fjögur hundruð. „Þetta skiptist mjög í tvö horn. Margir eru brjál- aðir út í

íslensku bankamennina en um leið kemur fram sú skoðun að aðgerðir Gordons Brown séu ófyrirgefanlegar.“

**EIRÍKUR BERGMANN** Furðaði sig á sofandahætti íslenskra stjórnvalda og ákvað að gera eitthvað í málinum. Athugasemdir við viðhorfsgrein hans í Guardian nálgast sjö hundruð.



Íslenskir stjórnfræðingur væla gjarnan undan íslenskum fjölmiðlum en þeir eru sem barnakólí í samanburði við bresku pressuna. „Bresk umræðuhefð er allt önnur en hér. Þar þýðir ekkert að væla undan hvössum ummælum heldur svara,“ segir Eiríkur. Honum kom á óvart hversu mjög Bretarnir hlutuðust til um skrif hans og ritstýrðu greinum hans. „Vildu að ég legði áherslu á þetta en ekki hitt. Og breyttu fyrirsögunum án þess að spyrja mig. Þetta er þeirra blað og þeir ákveða er þar. Þvílík holskeflla lesendabréfa sem þeim berast. Ég komst þarna inn því þetta er svo heitt mál,“ segir Eiríkur en ritstjórnarnir bresku vilja að hann leggi til fleiri greinar. - jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. bauti, 6. munn, 8. sægur, 9. eyða, 11. óreiða, 12. flatfótur, 14. kvk nafn, 16. skóli, 17. dýrafita, 18. andi, 20. tveir eins, 21. staðarnafn.

## LÓDRÉTT

1. spil, 3. umhverfis, 4. forskot, 5. húsfreyja, 7. ríki, 10. flýtir, 13. angan, 15. illgresi, 16. skammt., 19. tveir eins.

## LAUSN

LÓDRÉTT: 1. gosi, 3. um, 4. forgröf, 5. frú, 7. pólland, 10. asi, 13. ilm, 15. arfi, 16. móo, 19. odd. LÁRÉTT: 2. buff, 6. op, 8. mor, 9. sóa, 11. rú, 12. ísíg, 14. lílja, 16. ma, 17. mör, 18. önd, 20. ff, 21. oddi.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Jaap de Hoop Scheffer.
- 2 Tryggvi Þór Herbertsson.
- 3 Hermann Hreiðarsson.

## Auglýsingasími

512  
5050



- Mest lesið



SLEIÐ Á LÉTTA STRENGI Það fór vel á með þeim félögum, Geir, Óttari og Viktori Tatarintsev, á fundi í bústað rússneska sendiherrans við Túngötu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÓTTAR FELIX: AUKIN VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Í AUSTURVEGI

## Geir Ólafsson til Rússlands

„Hann bauð upp á heilsute og svo rússneska köku,“ segir Geir Ólafsson söngvari.

Geir og útgefandi hans, Óttar Felix Hauksson, áttu góðan fund í gær með rússneska sendiherranum, hr. Viktori Tatarintsev, á heimili þess síðastnefnda. Fyrirhugað er að nýja plata Geirs, „Meira“, komi út í Moskvu. „Viktor er vinur minn. Við vorum þarna í klukkutíma. Hugmyndin er að koma plötunni á framfæri í Rússlandi og þá er ómetanlegt að eiga mann eins og Viktor að.“

Geir kynntist rússneska sendiherranum í tengslum við för sem hann fór til Rússlands fyrir um ári, en þá tók hann söngtíma í Moskvu. Og ætlunin nú er að slá tvær flugur í einu höggi: Fylgja plötunni eftir í Rússlandi og taka söngnámskeið í Rússlandi. Rússneska útgáfan af Meira verður þannig að allar upp-

lýsingar verða á rússnesku en þó ekki söngurinn. „Það er mikill heiður að hafa fengið að kynna Viktori sem er alþýðlegur og hjálpsamur.“ Aðspurður segir Geir ekki vilja taka svo stórt upp í sig að segja herra Tatarintsev aðdáanda sinn. Þeir séu fyrst og fremst vinir.

Í sama streng tekur útgefandi Geirs, Óttar Felix, sem segir rússneska sendiherrann einstaklega viðkunnanlegan og skemmtilegan en Óttar var að hitta Tatarintsev í fyrsta skipti. „Hlýlegur, léttur og skemmtilegur. Hann fór á leikinn Ísland-Makedónía og ég hafði gaman af því að ræða við hann um fótbolta. Hann hefur vit á fótbolta og er líklega gömul fótboltastjarna – samanrekin köggull. Þá var gaman að koma á hans fallega heimili, allt mjög rússneskt og stórkostleg listaverk á veggjum.“

Mikla athygli hefur vakið að Rússar hafa boðið fram aðstoð sína vegna fjárhagsvanda Íslands og hefur sendinefnd frá Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu átt viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytis Rússlands um mögulega lánveitingu til Íslands sem ætlað er að bæta erlenda lausafjárstöðu Íslands. Óttari er engin launung á því að vendingar í alþjóðamálum virðast ætla að opna ýmsa möguleika. „En við vorum nú ekki að ræða þau mál heldur menningarsamskiptin. Ég held að Rússar séu okkur vinveittir. Ég hef átt í viðskiptum við Rússa meðal annars í tengslum við útgáfu á söngvaranum Róbertínó. Nú er að koma Geir á framfæri í Moskvu. Þetta er mikill og stór markaður. Og Rússar, sem eru söngelskir, hafa gaman af mönnum eins og Geir,“ segir Óttar Felix. jakob@frettbladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi í gær frá


óánægju **Ingva Hrafns Jónssonar** sjónvarpsstjóra ÍNN með **Egil Helgason** og viðtal hans við **Jón Ásgeir Jóhannesson** í Silfri Egils síðastliðinn sunnudag. Jón Ásgeir hefur þekkt boð Ingva um að koma í þátt hans Hrafnaping og verður það viðtal næsta mánudagskvöld. Þá ætlar Ingvi að ræða tæpitungulaust við Jón Ásgeir og jafnframt kenna Agli hvernig á að taka viðtöl.

## Einar Már Guðmundsson

rithöfundur fer mikinn þessa dagana og vakti löng grein hans í Mogganum í gær athygli. Þar hefur Einar Auðmagn Karl Marx fyrir sér, heggur á báða bóga og talar um svikamyllur og fjármálaráðgjaf, lúxusíbúðir á Manhattan og snekkjur í Flórída. Ein setningin vekur sérstaka athygli að teknu tilliti til þröngrar rithöfundakreösu en þar talar Einar um að ymsir listamenn hafi gerst hirðskáld útrásarvikinganna - og málara. Er um það rætt á Laugaveginum að þar hljóti Einar að vísa til **Hallgríms Helgasonar** kollega síns og verður fróðlegt að sjá hvort Hallgrímur svarar sneiðinni.

## Arnþrúður Karlsdóttir

útvarpsstjóri á Sögu, sér fram á að nú sé að renna upp tími útvarpsins. En þar er ódýrara að auglýsa og framleiða auglýsingar. Saga er í sókn og ein helsta stjarna útvarpsstöðvarinnar, **Torfi Geirmundsson** hárskeri, er að byrja með nýjan þátt sem heitir **Fegurð og heilsa** og verður á dagskrá á fimmtudögum. Torfi hefur slegið í gegn með þátt sinn og **Sirri spá** og færir nú út kvíarnar. - jbg



## Grafarvogsskáld í hár saman

„Sigmundur sagði við mig á sínum tíma að þetta væri skipun frá yfirboðurum hans. Ég veit að Sigmundur var mjög ánægður með mig og lauk lofsyrðum á pistla mína,“ segir rithöfundurinn Einar Már Guðmundsson. Í viðtali við færeyska sjónvarpið nýverið lýsti Einar því yfir að hann hefði verið rekinn sem pistlahöfundur úr þættinum Mannamál á Stöð 2 vegna skoðana sinna á íslensku útrásinni og „fjármálaráðgjaf“ eins og hann kallar þá.

Einar segist þó ekki líta á sig sem eitthvert fórnarlamb eða ofsóttan mann heldur túlki hann þetta bara svona í ljósi atburða. „Við Íslendingar höfum ekki fengið neinar upplýsingar

um ástandið. Og af hverju? Af því að ritfrelsi snýst ekki bara um það sem er skrifað heldur líka um það sem er ekki skrifað,“ útskýrir Einar sem tekur þó fram að hann hafi ekki horn í síðu Sigmundar vegna málsins. „Það getur engum verið illa við Sigmundur,“ segir hann.

Þáttastjórnandinn Sigmundur Ernir Rúnarsson kom af fjöllum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Sagði að á mannamáli kölluðust yfirlýsingar Einars þvættlingur. „Þetta var alfarið mín ákvörðun en ekki einhverja yfirboðara. Þátturinn fór í frí og þegar

**SKÁLDIN DEILA** Einar Már Guðmundsson telur brottrekstur sinn úr Mannamáli tengjast yfirboðurum Sigmundar Ernir Rúnarssonar. Sigmundur vísar því á bug og segir ákvörðunina alfarið hafa verið sína.

hann sneri aftur var ákveðið að stokka aðeins upp og meðal annars tekin sú ákvörðun að gefa Einari frí. En það hafði ekkert með skoðanir hans að gera,“ heldur Sigmundur áfram og bendir á að Einar Kárasón hafi nú þótt ögn „grófar“ í ádeilu sínum á auðkýfinga landsins. - fgg



**STOÐ KENNARINN.IS**

• ÍSLENSKA  
• ENSKA  
• STÆRÐFRÆÐI  
• TÖLVUNAM

Einföld leið fyrir 14 - 17 ára unglíngi sem vilja bæta námsárangur sinn.

Skemmtileg og gagnvirk námskeið á netinu!

„Kæri Stoðkennari! Þabbi hótar að segja upp áskriftinni ef ég hætti ekki að leiðrétta hann. Geturðu hringt í hann og útskýrt fyrir honum gildi menntunar?“

www.stodkennari.is




heima

# 20% kynningarafsláttur

af nýju now 10 línunni frá  
Hulsta. Þýsk gæðavara.  
Afslátturinn gildir í viku!



**now!** no.10  
by hulsta



Þjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.\*

\*Af öllu nema vörum á afslætti.

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is)

HEIMA mood  
HÚSÍÐ heima  
Öndregi





**BAKÞANKAR**  
Bergsteins  
Sigurðssonar

## Sýsifos á Bessastöðum

Á hugamenn um goðafræði eru sjálfsgagt í essinu sínu nú þegar allt úir og grúir af dæmum sem hreinlega hrópa á að fornar tákmyndir verði heimfærðar upp á. Útrásarvíkingarnir ósnertanlegu eru til dæmis komnir í hlutverk Íkarusar, sem flaug of nálægt sólinni og hrpaði til jarðar. Einn beljakinn hét meira að segja Samson, eins og þessi í Biblíunni, og þegar síðast fréttist var bæði búið að skera af honum hárið og rýja hann inn að skinni.

**PÁ ER** ekki ólíklegt að undanfarin ár hafi mörgum liðið eins og Tantalusi, þeim sem stal ódáfnsfæðu guðanna og dæmdist til eilífs hungurs - þjakaður af nálægð seðjandi berja og svalandi vatns, sem hann náði þó aldrei til. Almennungur horfði upp á veisluhöldin undanfarin ár og þótt sumir hafi komist í braudmolana sem hrukku af borðunum, voru allsnægtirnar iðulega rétt utan seilingar.

**OG EKKI** er nú herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, mikið betur settur. Nú staulast hann á milli vinnustaða - með siggrónar hendur og bólginn hné eftir að hafa klappað fyrir og hossað auðvaldinu árum saman - og stappar stálinu í launafólk. Gamli góði Atlas með heiminn á herðum sér. En í hamhleypunni Ólafi Ragnari rúmast tveir menn og eftir að hafa lesið við hann viðtal í vikunni kom ég auga á hver hinn var: „Þeir sem trúðu á þetta módel.“ sagði forsetinn um auðhyggjuna, „standa kannski í svipuðum sporum og þeir sem trúðu á kommúnismann hér áður fyrir og þurfa að endurskoða grunnhugmyndir sínar.“

**HÉR** talar fyrrverandi leiðtogi Alþýðubandalagsins sjálfsgagt af sárrí reynslu. Og nú er komið á daginn að tvo áratugi í röð þarf hann að horfa upp á heimsmynd sína og hugmyndakerfi hrynja til grunna; allaballi allaballanna var ekki fyrr búinn að klippa á tengslin við sósíalismann og binda trúss sitt við frjálshyggjuna áður en hún fór sömu leið. Er hér ekki Sýsifos lifandi kominn, sá sem bisast með steininn upp brekkuna til þess eins að horfa á hann velta aftur niður og byrja upp á nýtt.

**ÞETTA** er auðvitað þyngra en tárur taki, eins og vinsælt er að segja þessa dagana. En í kvöld Sýsifosar á Bessastöðum er framtíðarlausn okkar hinna fólgin. Ég legg til að við bíðum áteka og sjáum til hvaða hugmyndafræði Ólafur Ragnar Grímsson hallar sér að næst. Svo gerum við hið gagnstæða.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er föstudagurinn  
17. október, 290. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.25	13.13	18.00
Akureyri	8.15	12.58	17.39

Heimild: Almanak Háskólans

## Velkomin Komdu og gerðu góð kaup



**Mezzo.** 4ra sæta hornsófi. Montana leður. Verð 199.900,-  
**NÚ 139.900,-**

**Sara.** Málverk 70x90 cm. Verð 29.900,-

**Globe.** Rýjamotta. Verðdæmi 140x200 cm. Verð 39.900,-

**Cana.** Sófaborð, 60x120 cm. Lakkað hvítt. Sérþöntun. Verð 39.900,-

2ja sæta sófi m/legubekk. Verð 167.900,-  
**NÚ 129.900,-**



2½ sæta sófi. Verð 89.900,-  
**NÚ 79.900,-**



**Kingston.** Sófalína með slitsterku áklæði. 3ja sæta L. 237 cm. Verð 109.900,- **NÚ 79.900,-** 2½ sæta. L. 212 cm. Verð 99.900,- **NÚ 69.950,-** 2ja sæta sófi með legubekk. 289x164 cm. Verð 167.900,- **NÚ 129.900,-**

**Umbria Eaton.** Sófalína með slitsterku áklæði. 3ja sæta L. 237 cm. Verð 99.900,- **NÚ 89.900,-** 2½ sæta. L. 212 cm. Verð 89.900,- **NÚ 79.900,-** 2½ sæta sófi með legubekk. 289x164 cm. Verð 179.900,-




Verð á setti  
**99.900,-**  
borð + 4 stólar

**Campo.** Borðstofuborð úr gegnheilum olíubornu tekki með krómfötum 100x220 cm. Verð 109.900,- **NÚ 69.900,-** **Cebu.** Stóll, reyri í setu/krómfætur. Ljósbrúnn. Verð 12.900,- **NÚ 7.500,-**



Verð á setti  
**128.100,-**  
borð + 4 stólar  
stækkunarplötur  
ekki innifaldar

**Stockholm.** Húsgagnalína, gegnheil, ómeðhöndluð eik. Borðstofuborð 90x220 cm. Stækkunarplötur ekki innifaldar. Verð 99.500,- **NÚ 69.900,-** **Sivana.** Stóll, gegnheil ómeðhöndluð eik/mikrofiber. Verð 19.950,- **NÚ 14.550,-**



sparaðu  
**40.000,-**

**Amarone.** Sófalína með semianilinleðri. 3ja sæta L. 237 cm. Verð 139.900,- **NÚ 99.900,-** 2ja sæta. L. 212 cm. Verð 129.900,- **NÚ 89.900,-** Hægindastóll. Verð 99.900,- **NÚ 69.950,-**

**Silence Basic Dream**  
153x203 cm  
Verð 79.900,-  
**NÚ 59.900,-**

**Silence Basic Dream.** Dýnan er með einföldum pokafjöðrum ásamt marglaga svampi, sem veitir góðan stuðning við líkamann. 153x203 cm. Verð 79.900,- **NÚ 59.900,-**



Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500  
mánudaga - föstudaga **11-19** laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18**

Skoðaðu vörulistann okkar á [www.ilva.is](http://www.ilva.is)

